Bændablaðið

8. tölublað 2026 • Fimmtudagur 30. apríl • Blað nr. 701 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

## Garðyrkjuskólinn í vanda

Nemendur Garðyrkjuskólans á Reykjum krefjast úrbóta á stöðu garðyrkjunámsins.

4



## Þétting byggðar

Þétting byggðar þarf að gerast á malbikinu, segir Harpa Stefánsdóttir skipulagsfræðingur.

26–28



## Galdurinn er að byrja !

Rætt við hagleikskonuna Ingibjörgu Kristínu, m.a. um tóvinnu og hvers vegna sumir vettlingar hafa aldurstakmark.

30





VERÐMÆTI Í SKÓGUNUM Fallegar lindifurur vaxa í skógi Sigrúnar Ólafsdóttur og Jóhanns F. Þórhallssonar sem eru bændur í Brekkugerði í Fljótsdal þar sem þau stunda skógrækt og sauðfjárrækt og nýta uppkvistaða og grisjaða reiti í skógunum til beitar. Fjármagn vantar til grisjunar skóga um land allt en bændur eiga inni mikil verðmæti í skógunum sem þeir hafa ræktað. Sjá nánar á síðum 20–22. Mynd / Edda Kristín Sigurjónsdóttir

# Búskapur á Grænlandi

**Hjá nágrönnum okkar í vestri er stundaður landbúnaður með afar svipuðu lagi og á Íslandi. Þar eru rétt rúmlega 30 starfandi bú sem öll eru með sauðfé, en fjögur þeirra eru jafnframt með nautgripi til kjötframleiðslu.**

Siiku Bjerge hefur farið fyrir 400 kinda búi á Grænlandi í 13 ár, en þegar hann stundaði búfræðinám tók hann verklega hlutann á sauðfjárbúi í Skagafirði. Hann þekkir því búskaparhætti landanna beggja og segir líkindin mikil. Til að mynda var byggður upp grænlenskur sauðfjárstofn með íslenskum kindum sem voru fluttar þangað í upphafi 20. aldarinnar.

Helsti munurinn felst í því að bújarðir á Grænlandi geta verið mjög einangraðar og algjörlega án vega- og rafmagnstengingar. Siiku býr skammt frá kaupstaðnum Qaqortoq en kemst aðeins þangað siglandi.

Jafnframt framleiðir hann sitt eigið rafmagn og hefur komið sér upp sólarorkuveri sem hefur leyst dísilrafstöð að mestu leyti af hólmi. /ál

*- Sjá nánar á miðopnu.*

# Gróðrarstöðinni Mörk vikið úr Fossvoginum

## – Knattspyrnufélagið Víkingur fær lóðina

**Reykjavíkurborg krefst þess að Gróðrarstöðin Mörk í Stjörnugróf fari af hluta lóðar sinnar í lok þessa árs og árið 2032 og víki alfarið af lóðinni 2040. Knattspyrnufélagið Víkingur fær lóðina en fyrsta verk félagsins verður að malbika bílastæði á lóðinni eins og fram hefur komið í viðtali við framkvæmdastjóra þess á byggingar.is.**

Forsaga málsins er sú að á hundrað ára afmæli Víkings árið 2008 lofaði Ólafur F. Magnússon, þáverandi borgarstjóri, knattspyrnufélaginu stærri lóð í Fossvogi. Í júlí það sama ár lagði hann tillögu fyrir borgarráð um að Víkingur fengi lóð Gróðrarstöðvarinnar Markar í Stjörnugróf undir frekari uppbyggingu félagsins á svæðinu. Borgarráð samþykkti tillöguna.

Í nýjasta þætti Útvarps Bændablaðsins og í viðtali í blaðinu í dag segir Guðmundur Vernharðsson, annar eigandi Markar, að ekkert samráð hafi verið haft við eigendur um þessa ráðstöfun á sínum tíma. Eigendur Markar hafi heldur ekki fengið neina kynningu á tillögunni aðra en þá að hringt var í Guðmund daginn áður en hún var lögð fyrir borgarráð. Guðmundur spurði þá hvort fyrirtækið hefði eitthvað um málið að segja en svarið var skýrt nei.

„Þetta er ákaflega illa ígrundað,“ segir hann. „Það var aldrei neitt mat lagt á neina hagsmuni sem lágu að baki frá okkar hálfu.“

### Þýðir endalok starfseminnar

Að hans sögn myndi brotthvarf úr Fossvogsdal þýða endalok starfseminnar. Borgin hafi ekki boðið aðra lóð undir starfsemina og fyrirtækið hafi ekki tök á að kaupa lóð á samkeppnismarkaði.

Mörk varð samningslaus árið 2016. Síðan hafa staðið viðræður við samningsteymi borgarinnar sem Guðmundur segir samanstanda af embættismönnum og lögfræðingum. Hann hafi ekki fengið samtal við borgarstjóra um málið. Svo líti út fyrir að starfsemin leggist af ef ekkert breytist.

### Kópavogur vill ekki stækka

Hluti lóðar Markar er í Kópavogi enda liggur hún á mörkum bæjarfélaganna tveggja. Kópavogi hugnast ekki að stækka lóð Markar sín megin, að sögn Guðmundar. „Eini möguleiki okkar til að halda landi í Kópavogi er með því að reksturinn verði áfram Reykjavíkur megin.“

Borgarstjóri hafði ekki svarað spurningum um málið þegar blaðið fór í prentun. /þh

*- Sjá nánar á bls. 8*

VÉLFANG
CLAAS
FENDT
KUHN
JCB
Kverneland
Schäffer
STRAUTMANN




Eyþór Pétursson og Agnes Einarsdóttir í Baldursheimi 2 hlutu Halldórsskjöldinn fyrir útnefninguna ræktunarbú ársins 2025. Þau er hér á milli Eyþórs Einarssonar, ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, og Sigurborgar Hönnu Sigurðardóttur, formanns Fagráðs í sauðfjárrækt. Mynd / Aðsend

Sauðfjárrækt:

# Baldursheimur 2 ræktunarbú ársins

**Á Fagfundi sauðfjárræktarinnar á dögunum var Baldursheimur 3 í Mývatnssveit útnefnt ræktunarbú ársins 2025.**

Þetta er í fimmta sinn sem ræktunarbú ársins er útnefnt á hinum árlega Fagfundi og hljóta ábúendurnir í Baldursheimi 2, þau Eyþór Pétursson og Agnes Einarsdóttir, því verðlaunagripinn Halldórsskjöldinn til varðveislu næsta árið.

### Hæsta einkunnin fyrir gerð

Valið grundvallast á heildareinkunn kynbótamats, en reiknuð er meðaleinkunn fyrir hvert bú sem byggir á ám fæddum 2015 til 2024. Til þess að búið komi til álita þarf það að uppfylla ýmsar kröfur um afurðir í takt við núgildandi ræktunarmarkmið og komast inn á lista yfir „úrvalsbú“ sem birtur er árlega á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Í umfjöllun Eyþórs Einarssonar um búið kom fram að heildareinkunn kynbótamats þess hefði verið 108,2 stig. Í kjölfar þess að EUROP-kjötmatskerfið var tekið upp hér á landi hafi féð í Baldursheimi vakið mikla athygli fyrir góða gerð sláturlamba og ekki síst fyrir þær sakir að þessi lömb náðu mikilli holdfyllingu við minni þunga en sást í flestum öðrum hjörðum.

Sagði Eyþór að því komi ekki á óvart að kynbótamat fyrir gerð liggi hátt í þessari hjörð og sé meðaleinkunn þess nú 116 stig, sem sé sú hæsta á úrvalslistanum. Frjósemi væri annar eiginleiki sem væri afar góður í hjörðinni, en þar er meðaleinkunn 107 stig. Kynbótamat fyrir aðra eiginleika væri gott.

### Ástríðufullt landgræðslustarf

Þau Eyþór Pétursson og Agnes Einarsdóttir hafa frá árinu 1977 nýtt jörðina Baldursheim 2 og stundað þar blandaðan búskap. Bústofninn keyptu þau af föðurbróður Eyþórs, Baldri Þórissyni, og konu hans, Ingibjörgu Friðjónsdóttur. Í dag telur bústofninn 190 kindur og 30 nautgripi. Í Baldursheimi eru rekin tvö bú en þar er einnig að finna Félagsbúið sem tilheyrir Baldursheimi 1. Þó fjárbúin séu aðskilin er mikil samvinna þar á milli og góðir hrútar lánaðir á víxl.

Í umfjölluninni kom fram að beitilönd við Baldursheim hafi verið rýr þegar þau Eyþór og Agnes hófu búskap en þau hafa lagt stund á landgræðslu með talsverðri ástríðu sem borið hefur góðan árangur. Árið 1998 var Eyþóri veitt Fjöreggið, viðurkenningu Landgræðslunnar, fyrir góðan árangur við landbætur. */smh*

***-Nánar er fjallað um fagfundinn á síðu 14.***




Höfuðstöðvar Matvælastofnunnar á Selfossi. Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að standa vörð um velferð dýra. Mynd / smh

# Ofbeldi gegn eftirlitsfulltrúum ólíðandi

**Matvælastofnun (MAST) sendi nýlega frá sér tilkynningu þar sem greint var frá því að framlínustarfsfólk stofnunarinnar hefði orðið fyrir óvenjulega miklu áreiti, hótunum og ærumeiðingum. Atvikin tengist helst afskiptum MAST af dýrahaldi og beitingu þvingunarúrræða þar sem brotið er á velferð dýra.**

Í fréttatilkynningu MAST segir að dæmi séu um að starfsfólk hafi sett upp öryggiskerfi á heimilum sínum og óttist jafnvel um börn sín. Fjölskyldumeðlimir starfsfólks sem vinnur að krefjandi málum hafi fengið skilaboð um nætur sem séu uppfull af ógnandi og óviðeigandi texta. Augljós tilgangur þeirrar háttsemi sé að hræða starfsfólk og ógna því í þeirri von að það hafi áhrif á framgang mála.

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri MAST, segir í samtali að atvik sem þessi hafi alltaf komið upp af og til. Eftirlit með velferð dýra feli oft í sér að ganga inn í viðkvæmar aðstæður og geta vakið sterkar tilfinningar dýraeigenda. MAST hefur skerpt á verklagi sínu í öryggismálum starfsmanna, en Hrönn segir eftirlitsfulltrúa ekki eiga að upplifa óöryggi á vettvangi né í samskiptum eftir á fyrir það eitt að sinna starfi sínu.

Hún útskýrir að fólk átti sig oft ekki á því að lögbundið hlutverk MAST sé að sinna eftirliti með landbúnaði, matvælaframleiðslu og gæludýrahaldi. „Rétt eins og lögreglan stendur vörð um öryggi borgaranna, stöndum við vörð um velferð dýra. Og það er hlutverk sem þarf að vera hægt að sinna án ótta,“ segir Hrönn.

### Hafa þurft aðstoð lögreglu

„Við þurfum oft að gera athugasemdir við aðbúnað dýra þegar við sinnum okkar eftirliti. Það getur verið erfitt fyrir fólk að taka því, sérstaklega þegar um er að ræða heimili eða persónuleg tengsl við dýr,“ segir Hrönn. Í slíkum aðstæðum geti skapast reiði, ótti eða varnarviðbrögð sem í flestum tilvikum gangi fljótt yfir. Í einstaka tilvikum fari viðbrögðin hins vegar yfir mörkin.

Hrönn lýsir þróuninni sem samspili nokkurra þátta. Meðvitund almennings um dýravelferð hafi aukist og ábendingum um brot á dýravelferð fjölgað, einkum vegna gæludýra. Um leið hafi MAST breytt sinni nálgun ef upp kemur ógn gagnvart starfsfólki og tekið fyrr og skýrar á málum en áður. „Við erum farin að bregðast öðruvísi við og það sést í tölunum. Það þýðir ekki endilega að allt sé orðið verra, heldur að við erum virkari,“ segir hún. Samhliða því telur hún að tónn í samfélagsumræðu almennt hafi harðnað, meðal annars á samfélagsmiðlum, þar sem fólk leyfir sér meira í orði.

MAST hefur sett sér skýrt og fastmótað verklag þegar starfsfólk upplifir ógnandi hegðun. Telji eftirlitsfulltrúi sig ekki öruggan eigi starfsmaðurinn að ljúka viðkomandi eftirlitsheimsókn. Næstu skref eru þá metin innan stofnunarinnar, en ýmist er farið í annað eftirlit með fleiri en einum starfsmanni eða með aðstoð lögreglu í verstu tilfellunum. Hótanir sem berast starfsfólki utan vettvangs, svo sem í símtölum, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum, eru kærðar. Þótt flest mál snúist um orð og tón í samskiptum hefur einnig komið til líkamlegs ofbeldis. „Það hefur gerst að eftirlitsfulltrúi hjá okkur þurfti að fara á spítala og fá áverkavottorð,“ segir Hrönn.

### Flestir bregðist jákvætt við

Hún leggur ríka áherslu á að þessi vandamál einkenni alls ekki heildarmyndina. „Langstærsti hluti þeirra sem við komum til, hvort sem um er að ræða bændur eða gæludýraeigendur, er gott fólk sem vill gera vel og vinnur af heilindum,“ segir hún. Yfirleitt bregðist umráðamenn dýra við athugasemdum og geri úrbætur.

Þyngri úrræði, svo sem dagsektir eða vörslusvipting, séu notuð í skrefum og í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. „Vörslusvipting er alltaf lokaúrræði og aldrei tekin af eftirlitsfulltrúa einum. Það er teymi sérfræðinga sem ber þá ábyrgð. Ógnanir eða árásir á eftirlitsfólk hafa engin áhrif á framgang eða niðurstöður mála,“ segir hún.

Samhliða breyttu öryggisverklagi hefur MAST lagt aukna áherslu á stuðning við starfsfólk sem lendir í erfiðum aðstæðum. Stofnunin er með forgangsþjónustusamning við sálfræðistofu og býður bæði sálfræðiaðstoð og jafningjastuðning. „Við viljum halda í okkar fólk og tryggja að þessi reynsla skilji ekki eftir sig varanlegan skaða,“ segir Hrönn. „Þetta tekur á, jafnvel þótt menn séu vanir slíku starfi.“ */ál*

Sprayfo lambamjólk
10 kg


Lambamjólkurduftið frá Sprayfo er auðugt af undanrennudufti og leysist mjög vel við blöndun
Inniheldur steinefnablöndu sem sérstaklega er sniðin að þörfum lamba
Vara fyrir vandláta bændur
LÍFLAND
Reykjavík - Borgarnes - Blönduós - Akureyri - Selfoss - Hvolsvöllur

Bændablaðið
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
SUMARSTARFSMAÐUR ÓSKAST
Bændablaðið auglýsir eftir blaðamanni í sumarafleysingar
Hæfni:
- Framúrskarandi færni í íslensku er skilyrði
- Reynsla af blaðamennsku æskileg en ekki skilyrði
- Þekking af landbúnaði og málefnum landsbyggðar æskileg
- Reynsla af ljósmyndun kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Geta til þess að vinna undir miklu álagi
- Góð tölvu- og tæknifærni
Umsóknarfrestur: 10. maí 2026

Hvað segja bændur?

# Meira en helmingur bænda telur efnahagsaðstæður slæmar

**Meira en helmingur bænda telur efnahagsaðstæður slæmar.**

Ríflega helmingur bænda eða 53% telur aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi vera slæmar fyrir búrekstur sinn. Aðeins 8% telja þær góðar, 39% sögðu þær hvorki góðar né slæmar.

Þetta er niðurstaða í könnun Bændablaðsins á meðal bænda í Bændasamtökum Íslands.

Þátttaka í könnuninni var 16,1% meðal félagsmanna í Bændasamtökunum.

Könnunin stóð frá 21. til 28. apríl. */ph*




dlg
DLG er stærsta fóðurfyrirtæki Norðurlanda og er í eigu bænda
Óerfðabreytt kjarnfóður í hæsta gæðaflokki
Bjóðum upp á faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu
Fóðurverð hefur haldist óbreytt frá því í september 2023
Verðskrá 2026
Upplýsingar á buvorur.is og hjá söluráðgjöfum.
Sláturfélag Suðurlands - Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070 - buvorur@ss.is - www.buvorur.is

Vegagerð:

# Sátu fastir með timburfarm

**Vegir sem liggja upp að býlum á Héraði bera sumir ekki flutning á timbri úr skógunum.**

Grisjun skóganna á Héraði er mikilvæg fyrir framgang vaxtar í skóginum og vinnslu á efninu. Brú og vegir sem veita aðgengi að Vallanesi bera ekki timburflutninga.

### Þungatakmarkanir eru bara plástur

Starfsmenn fyrirtækisins Tandrabretti þurftu að skilja tengivagn fullan af trjábolum eftir á vegi við félagsheimilið Iðavelli á leið sinni úr Vallanesi á Eskifjörð þar sem fyrirtækið er með viðarvinnslu. Vegurinn var því tímabundið lokaður.

Til að komast af veginum frá Vallanesi og út á nærliggjandi upphéraðsveg 931 þarf að fara yfir gamla brú og hvort tveggja vegurinn og brúin bera ekki þungu flutninga sem skógrækt á svæðinu krefst.

Vandamálið er þekkt á fleiri bæjum á Héraði, gjarnan á vegum sem tveir til þrír bæir deila. Í Vallanesi er stór skógur sem nytjar eru af og slíkir flutningar reglulegir. Ótækt er að þeir geti bara átt sér stað þegar frost er í jörðu eða skraufþurrt.

„Ég hef skrifað Vegagerðinni á hverju ári en fæ engin svör önnur en um fjármagnsskort og að annað gangi fyrir. Á meðan drabbast vegirnir niður,“ segir Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi, um veginn sem er svokallaður héraðsvegur. „Vegagerðin hefur stundum sett þungatakmarkanir á þessa vegi en það er bara plástur, en ekki lækning, en það var ekki svo núna.“ Hann segir líka ótækt að efni komist ekki til vinnslu, ekki gangi að hún sé efnislaus.



Tengivagn hlaðinn trjám sat fastur á ótryggum veginum.
Mynd / Eygló Björk Ólafsdóttir

### Áhrif á ferðaþjónustuna

„Vegurinn er með versta móti núna, þetta er drullusvað frá vegamótunum og út að Iðavöllum, burðarlagið er einfaldlega farið,“ segir Eymundur um núverandi stöðu. „Þetta er bagalegt hér hjá okkur í Vallanesi, við erum að fá kvartanir í bókunarkerfinu um að vegurinn upp að bænum sé ónýtur, fólk er að spyrja sig hvort það sé á réttri leið. Við fáum um 10.000 gesti á ári þótt við séum vel falið leyndarmál.“

Eymundur veit af fleiri bændum á Austurlandi sem standa frammi fyrir sama vanda, til dæmis á Útnyrðingsstöðum og úti á Héraði.

„Ég hef ákveðið að sjá tækifæri í þessu og planta bara salati í veginn, þetta er flottur jarðvegur,“ segir Eymundur að lokum og glottir í kampinn.

*/eks*









Nemendur í Garðyrkjuskólanum á Reykjum hafa sent Ingu Sæland menntamálaráðherra bréf þar sem þess er krafist að ástand skólastarfsins verði lagað.
Mynd / HKr.

Garðyrkjuskólinn:

# Nemendur krefjast úrbóta

## – Biðla til ráðherra um að ástand skólastarfs verði lagað

**Nemendur við Garðyrkjuskólann á Reykjum hafa sent Ingu Sæland menntamálaráðherra bréf þar sem krafist er úrbóta á stöðu garðyrkjunámsins, sem þeir telja að standi völtum fótum.**

Fram kemur að grípa þurfi inn í, ekki seinna en strax. „Þegar Garðyrkjuskólinn á Reykjum var færður frá Landbúnaðarháskóla Íslands undir hatt Fjölbrautaskóla Suðurlands fylgdu loforð um rekstrarfé sem átti að samsvara umfangi námsins. Vissulega er rekstrarféð eitthvað, en alls ekki það sem lofað var og alls ekki í samræmi við umfang námsins,“ segir í bréfinu.

### Verknámshús slysagildra

Í bréfinu er stöðunni í skólanum lýst eins og hún blasir við nemendum. Þar segir að verknámshús skrúðgarðyrkjunnar, gamalt gróðurhús sem nota átti til bráðabirgða fyrir 20 árum, sé orðið slysagildra og oft þurfi að fresta kennslu vegna hættu á að gluggar fjúki úr og lendi á fólki.

Þá eru nemendur uggandi yfir því að ekki sé öruggt að nýir kennarar verði ráðnir til starfa í haust í stað tveggja kennara sem hætta í vor vegna aldurs.

### Sjálfstæður skóli

„Atvinnulífið vill sjá skólann verða sjálfstæðan, enda er skólinn okkar fyrir alla landsmenn. Við eigum litla samleið með Fjölbrautaskólanum sem er stofnun ætluð fyrir ungt fólk á Suðurlandi, og býður ekki upp á fjarnám eins og Garðyrkjuskólinn gerir.

Ekki eru nema 4 ár síðan við stóðum síðast á krossgötum og vissum ekki hvert framhaldið yrði. Þá var okkur bjargað út úr Landbúnaðarháskólanum og skellt undir FSU með loforðum um að allt yrði betra. Staðan hefur lítið breyst síðan þá og það er afskaplega sárt.

Því biðjum við þig, menntamálaráðherra, þig sem stendur vörð um menntamál landsins, að grípa í taumana áður en allt fer í skrúfuna og rétta Garðyrkjuskólann við svo við getum haldið áfram að auðga landið okkar með þekkingu og fagmennsku í farteskinu,“ segir enn fremur í bréfinu.

### Sex námsbrautir

Nemendurnir segja að Garðyrkjuskólinn á Reykjum mennti garðyrkjufólk á sex námsbrautum. Þeir nemendur sem útskrifast frá skólanum séu vel í stakk búnir til að tryggja framtíð garðyrkju á Íslandi.

Þetta séu garðyrkjufræðingar, af brautum ylræktar annars vegar og lífrænnar ræktunar hins vegar, sem vinna að því að tryggja fæðuöryggi í landinu með ræktun matvæla. Nemendur af braut garð- og skógarplöntuframleiðslu læri ræktun hvers konar plantna sem gagnist meðal annars vegna skuldbindinga landsins í loftslagsmálum. Sama eigi við um nemendur af braut skógar og náttúru sem læra nýrækt og umhirðu skóga til að hámarka nýtingu þeirra.

„Blómaskreytar fegra umhverfi okkar, búa til skreytingar fyrir öll stærstu tilefni lífsins og læra í leiðinni að nýta efni úr nærumhverfinu. Síðast en ekki síst eru það skrúðgarðyrkjunemendur sem fara út í lífið með fagþekkingu á umhirðu grænna svæða, landmótun og hellulögnum svo eitthvað sé nefnt,“ segir í bréfi nemenda.

### Lágmarks mannafli

Þeir segja að kennararnir á Reykjum séu fagfólk með margra áratuga reynslu og þekkingu í farteskinu. Glatist þessi þekking sé ekki hægt að mennta fyrsta flokks garðyrkjufólk sem hefur þekkingu og getu til að rækta matvæli og gróður fyrir landið okkar.

Ekki sé það sama að fara í sambærilegt nám erlendis, því þar séu allt önnur ræktunarskilyrði sem yfirfærast ekki á okkar umhleypingasama Ísland.

Ár eftir ár hafi skólinn verið keyrður áfram með algjörum lágmarks mannafla og það sjáist auðvitað á útisvæðum og innviðum, það sé ekki nægilega margt fólk til að ráða við þetta allt. Spurningin sé hversu lengi hægt sé að keyra svona stofnun á lágmarks mannskap og undir lágmarks rekstrarfé.

Undir bréfið skrifar Jóhanna Íris Hjaltadóttir fyrir hönd nemenda Garðyrkjuskólans á Reykjum.

*/smh*

# Fjölmenni á opnu húsi

## – Heimaræktað kaffi og grænmeti á boðstólum

**Opið hús var hjá Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi sumardaginn fyrsta, venju samkvæmt.**

Talið er að þúsundir gesta hafi sótt Reyki heim enda einmuna veðurblíða, þar sem sól skein í heiði fyrri hluta dags. Að sögn Guðríðar Helgadóttur, staðarhaldara á Reykjum, var margt um að vera í aðalbyggingu skólans. „Í anddyri hússins var markaðstorg þar sem gestir og gangandi gátu keypt íslenskt grænmeti, jarðarberjaplöntur og nýupptekið heimaræktað hnúðkál. Í ár var einnig á boðstólum íslenskt kaffi sem ræktað var í bananahúsinu og kaffimeistarinn Stefán Ulrich Wernersson hjá Te og kaffi sá um að rista baunirnar. Kaffiræktun hefur verið stunduð á Reykjum í yfir 70 ár og eru plönturnar merkilegar,“ segir Guðríður.

### Garðyrkjunám kynnt

Að sögn Guðríðar var garðyrkjunám kynnt í kennslustofum skólans og nóg hafi verið að gera á kynningarbásnum. „Garðyrkjufélag Íslands kynnti sína starfsemi og fjöldi einstaklinga sýndi og seldi afurðir sínar. Í matsalnum var búið að setja á laggirnar kaffihús þar sem gestir gæddu sér á kaffi og ilmandi vöfflum með rjóma. Í garðskála aðalbyggingarinnar var svo glæsileg túlípanasýning frá Dalsgarði í Mosfellsdal en þar var um að ræða 85 mismunandi yrki af túlípönum.

Öll gróðurhús skólans voru opin og voru gestir áhugasamir um þá fjölbreyttu ræktun sem þar gat að líta. Í tilraunahúsinu var hægt að skoða ræktunarverkefni nemenda og í bananahúsinu leituðu gestir að apanum en hann er vandfundinn og frekar feiminn við fjölmennið. Verknámshús skrúðgarðyrkjunnar var vinsæll áningarstaður enda hafa nemendur og kennari unnið að því að búa þar til innigarð þar sem hægt er að sitja og njóta sumarsins.“



**Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar hlaut að þessu sinni Tinna Bjarnadóttir, eigandi 1905 Blómahúss á Selfossi, og er hún hér á mynd með Guðríði Helgadóttur, staðarhaldara á Reykjum.**

### Hátíðardagskrá hápunkturinn

Hápunktur dagsins var svo hátíðardagskrá þar sem Garðyrkjuverðlaun ársins 2026 og umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar voru afhent.

Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar hlaut að þessu sinni Tinna Bjarnadóttir, eigandi 1905 Blómahúss á Selfossi. Sjá nánari umfjöllun um verðlaunin á síðu 12.

*/smh*

Knowledge grows

# Örugg með **Yara**

## Hágæða einkorna Yara áburður er brotþolinn og þolir 36 metra dreifingu án þess að skerða dreifigæði



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2026**

Upplýsingar á yara.is
og hjá söluráðgjöfum.

Bændablaðið

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Borg grámans

Reykjavíkurborg krefst þess að Gróðrarstöðin Mörk í Stjörnugróf fari af hluta lóðar sinnar í lok þessa árs og árið 2032 og víki alfarið af lóðinni 2040. Borgin hefur nefnilega tekið ákvörðun um að Knattspyrnufélagið Víkingur fái lóðina til frekari uppbyggingar á starfsemi sinni. Ætlar Víkingur að byrja á því að malbika fleiri bílastæði á lóðinni sem þeim hlotnast, ef marka má ummæli framkvæmdastjóra félagsins.

Guðmundur Vernharðsson, eigandi Markar, segir að þetta muni marka endalok gróðrarstöðvarinnar. Borgin hafi ekki boðið aðra lóð undir starfsemina og fyrirtækið hafi ekki tök á að kaupa lóð á samkeppnismarkaði. Afar kostnaðarsamt sé auk þess að flytja starfsemina enda búi áratuga langt ræktunarstarf að baki í Stjörnugróf.

Saga þessa máls er satt að segja kostuleg en hana rekur Guðmundur í nýjasta þætti Útvarps Bændablaðsins og í blaðinu í dag. Upphafið má rekja til þess að árið 2008 mætir þáverandi borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon, í hundrað ára afmæli Víkings og lofar því að knattspyrnufélagið fái lóð undir frekari uppbyggingu í Fossvogsdalnum. Í júlí það ár leggur Ólafur tillögu fyrir borgarráð þess efnis að Víkingur fái lóð Gróðrarstöðvarinnar Markar eftir að leigusamningur hennar við borgina rennur út árið 2016. Borgarráð samþykkti tillöguna.

Ekkert samráð var haft við eigendur Markar, Guðmund og eiginkonu hans, um þeirra hagsmuni en þó var hringt kvöldið áður en tillagan var lögð fram til þess að kynna þeim hvað stæði til. Þau fengu hins vegar ekki tækifæri til þess að lýsa sínum hagsmunum og augljóst að ekki var tekið tillit til þeirra við ákvörðunina.

Gróðrarstöðin Mörk hefur staðið samningslaus á lóðinni frá árinu 2016. Viðræður hófust um fullnustu ákvörðunar borgarráðs árið 2018. Eigendur Markar hafa þar átt við teymi embættismanna og lögfræðinga borgarinnar og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur þeim, að sögn Guðmundar, enn ekki tekist að fá fund með kjörnum fulltrúa eða borgarstjóra. Málið stendur þannig núna að Mörk ber að víkja af lóðinni í áföngum eins og sagði hér að framan.

Gróðrarstöðin Mörk hefur starfað í Stjörnugróf í tæp sextíu ár, eða frá 1967. Þar hefur verið ræktaður upp jarðvegur til þess að græða í trjágróður, blóm og matjurtir sem henta íslenskum aðstæðum sérstaklega. Mörk er eina einkarekna gróðrarstöðin sem enn starfar innan borgarmarkanna en Reykjavíkurborg rekur sína eigin gróðrarstöð í hinum enda Fossvogsdalsins. Almenningur í Reykjavík hefur átt í viðskiptum við Mörk en stærstu viðskiptavinirnir eru verktakar sem vinna að því að fegra borgina með gróðri og svo auðvitað borgin sjálf.

Gróðrarstöðin Mörk er græn starfsemi sem halda mætti að Reykjavíkurborg hefði áhuga á að halda innan sinna marka. Spyrja má hvernig brotthvarf Markar úr borgarlandinu fellur að stefnu Reykjavíkurborgar um sjálfbæra þróun, uppbyggingu grænna svæða, trjárækt og vistvænt borgarumhverfi til framtíðar.

Tillaga Ólafs F. Magnússonar var vanhugsuð og samþykkt þáverandi borgarráðs sömuleiðis. En spurningar hljóta líka að vakna um meðferð málsins hjá seinni tíma borgarstjórum og meirihlutum. Svo virðist sem ekki hafi verið skoðað að finna aðra lausn á málinu en að reka Mörk af lóðinni í Stjörnugróf. Mörk hefur ekki verið boðin önnur lóð innan borgarmarkanna. Ekkert virðist hafa verið hugað að hagsmunum gróðrarstöðvarinnar í öllu ferlinu sem staðið hefur í tæpa tvo áratugi. Skortur á samráði lýsir yfirgangi og skorti á vilja til að hugsa í lausnum. Auðvitað lýsir hún líka skorti á almennri kurteisi. Varla er hægt að draga aðra ályktun en þá að Reykjavíkurborg sé fullkomlega sátt við það að græn starfsemi af þessu tagi, sú síðasta sinnar tegundar í borginni, muni leggjast af. Reykjavík er borg grámans.

*Þröstur Helgason*




Alþingi:

# Skýrslubeiðni um jarðir í eigu ríkisins í ábúð

## – Orðið þess áskynja að samningar og reglur séu ekki samræmdar

**Á Alþingi hefur verið lögð fram skýrslubeiðni frá frá fjármála- og efnahagsráðherra um jarðir í eigu ríkisins í ábúð. Guðlaugur Þór Þórðarson er einn þeirra sem leggur fram beiðnina og segir það gert vegna þess að hvergi séu til upplýsingar á einum stað um ríkisjarðir í ábúð en hann segist hafa orðið þess áskynja að samningar og reglur um ábúð séu ekki samræmdar.**



Í greinargerð sem fylgir beiðninni er sagt mikilvægt að Alþingi sé upplýst um með hvaða hætti ríkið heldur á sínum eignum. Mynd / ál

Í skýrslubeiðninni til fjármála- og efnahagsráðherra er þess óskað að hann flytji Alþingi skýrslu um jarðir í eigu ríkisins í ábúð. Guðlaugur Þór segir að beiðnin sé lögð fram til að afla upplýsinga um það hvernig samningum og reglum um ábúð sé háttað. „Þetta er mikilvægt mál og hvergi er til staðar á einum stað upplýsingar um þessi málefni. Ríkið hefur ekki alltaf verið góður eigandi og það kemur niður á samfélögum. Ég tel bændur vera betri eigendur jarða en hið opinbera.“

Í greinargerð sem fylgir beiðninni er sagt mikilvægt að Alþingi sé upplýst um með hvaða hætti ríkið heldur á sínum eignum. Stjórnsýsla og utanumhald ríkisjarða í ábúð þarf að vera skilvirk og má ekki hamla uppbyggingu bújarða. Jafnframt þarf að gæta jafnræðis og gæta að því að eftirlit sé með framkvæmd ábúðarsamninga. Þá er mikilvægt að leiða fram hvaða kostnaður fellur á ríkissjóð vegna umsýslu ábúðarjarða.

Af samtölum sínum við bændur og ábúendur ríkisjarða segist Guðlaugur Þór hafa orðið þess áskynja að núgildandi ábúðarsamningar og reglur um ábúð séu ekki samræmdar. „Það er best að fá þessi mál upp á borðið þannig að við getum rætt þau út frá staðreyndum.“

Er eftirliti með ábúð á ríkisjörðum ábótavant?

„Ég tel nú eftirlit vera meira en nóg almennt séð en aðalatriðið í þessu eins og öðru að reglur séu skýrar, gagnsæjar og jafnræðis sé gætt.“

Þið spyrjið líka um framkvæmdir á bújörðum og leyfisveitinga til þeirra. Sömuleiðis spyrjið þið um fjölda óleyfisframkvæmda. Vitið þið til þess að gengið hafi verið frjálslega um þessa hluti?

„Aftur miðað við þær upplýsingar sem ég hef þá virðast alls ekki sömu reglur gilda fyrir alla og þeir sem fara eftir reglum virðast eiga erfitt með að fá heimildir til að framkvæma meðan að einhverjir þurfa ekki að fara eftir reglum. En skýrslan hlýtur að draga þetta fram og það væri gott að fá ábendingar frá lesendum blaðsins.“

Eru ábúðarjarðir í eigu ríkisins kostnaðarsamar hinu opinbera?

„Það er áhugavert að sjá það. Það er vitað að kostnaður er til staðar og í fjárlaganefndinni hefur það komið fram að dæmi er um að kostnaður vegna deilumála hafa numið hærri upphæð en markaðsvirði viðkomandi jarðar. Það verður mjög áhugavert að sjá þennan kostnað sundurliðaðan. Það verður sömuleiðis áhugavert að sjá fyrir hvað er greitt. Eru til reglur um hvað skattgreiðendur greiða fyrir þegar kemur að þessum málum?“

### Spurt um margvíslega þætti

Í beiðninni er óskað eftir svörum við marvíslegum þáttum í umsýslu ríkisjarða. Hve margar bújarðir í eigu ríkissjóðs hafi virka ábúðarsamninga. Hversu margir þessara samninga séu á erfðafestu, hversu margir til lífstíðar og hversu margir tímabundnir. Jafnframt hversu margir samninganna séu gerðir með stoð í ábúðarlögum frá árinu 2004 og hversu margir hafi verið gerðir í tíð eldri laga sama efnis. Sömuleiðis er spurt um áætlað verðmæti þeirra jarða sem eru í ábúð.



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Óskað er eftir upplýsingum um það hvort ábúðarsamningar eða reglur um ábúð séu samræmdar, eins og áður sagði, og hvernig háttað sé framkvæmd, stjórnsýslu og utanumhaldi ábúðarsamninga, þ.m.t. eftirfylgni með virkum ábúðarsamningum. Hvort í öllum tilvikum hvíli skylda á ábúanda að halda heimili á jörðinni og hvernig fylgst sé með því að svo sé. Hver fari með samskipti við ábúendur af hálfu ríkisins, t.d. ef ábúendur óska leyfis til framkvæmda, veðsetningar eða annarra aðgerða.

Farið er fram á upplýsingar um það hversu margar ríkisjarðir í ábúð hafi verið seldar sl. 20 ár og um hvaða jarðir sé að ræða, hvert kaupverðið hafi verið í hverju tilviki og hverjar forsendur verðmats. Hversu algeng tilvik séu þar sem ábúendur hafa óskað eftir leyfi ríkissjóðs sem jarðeiganda, sl. 20 ár, vegna meðferðar eða athafna á ábúðarjörðum, sundurgreint eftir tegund tilvika og hversu mörg dæmi séu um að synjað hafi verið um leyfi til framkvæmda sem ætlað er að styrkja búrekstur eða annan atvinnurekstur á jörðunum.

Spurt er hvernig eftirliti er háttað með athöfnum ábúenda á jörðinni. Hvernig farið sé með óleyfisframkvæmdir á ríkisjörðum og hversu mörg slík tilvik hafi komið upp sl. 20 ár. Jafnframt hvernig unnið sé úr slíkum tilvikum.

Þá er spurt hversu miklum fjármunum ríkissjóður hafi varið til kaupa á þjónustu vegna ábúðarjarða sl. 20 ár, sundurgreint eftir árum. Hver afkoma ríkissjóðs hafi verið af ríkisjörðum í ábúð síðustu 20 ár þegar frá er dreginn kostnaður vegna kaupa á framkvæmdum ábúenda við ábúðarlok, kostnaður vegna umsýslu jarðanna og annar kostnaður. Hve miklum fjármunum ríkið hafi varið til uppgjörs til ábúenda við búskaparlok sl. 20 ár.

Spurt er hversu margar bújarðir hafi fallið úr ábúð sl. 20 ár. Hvort leitast sé við að endurleigja bújörð til búreksturs þegar hún losnar úr ábúð og ef svo er, hve oft slíkir samningar hafi tekist sl. 20 ár. Hvernig farið sé með aðild að félögum, t.d. veiðifélögum, upprekstrarfélögum og þess háttar þegar jörð er í ábúð og hversu oft eigandinn hafi beitt sér innan slíkra félaga sl. 20 ár og í hvaða tilvikum.

Að endingu er spurt um það hvort til sé skrá um ærgildi í sauðfjárrækt og framleiðsluheimildir mjólkur á ríkisjörðum í ábúð og hvert sé áætlað verðmæti slíkra heimilda í eigu ríkisins.

Auk Guðlaugs Þórs standa að baki skýrslubeiðninni Jón Pétur Zimsen, Diljá Mist Einarsdóttir, Jón Gunnarsson, Ólafur Adolfsson, Bryndís Haraldsdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson, Jens Garðar Helgason og Vilhjálmur Árnason. */þh*

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.




Innan um þyrpingu bensínstöðva og verslana í Borgarnesi má sjá litríkan matarvagn sem selur kebab með tyrknesku lagi og annan skyndibita. Myndin er tekin í byrjun aprílmánaðar. Mynd / ál

# Umbúðalaus uppruni

**Vinkill** Herdís Magna Gunnarsdóttir
herdis@bondi.is

Mögulegar aðildarviðræður Íslands við ESB eru eitt stærsta hagsmunamálið sem bændur beina sjónum sínum nú að, enda gæti slík aðild haft víðtæk áhrif á verðmyndun, samkeppni og starfsskilyrði íslensks landbúnaðar. Ég velti fyrir mér hvaða áhrif þetta gæti haft á stöðu íslenskra afurða og hvaða hlutverki upprunamerkingar gætu gegnt í breyttu umhverfi.

Reynsla annarra Norðurlanda gefur okkur ákveðnar vísbendingar. Þegar Finnland gekk í ESB árið 1995 breyttist rekstrarumhverfi bænda verulega. Verð á landbúnaðarvörum lækkaði, meðal annars vegna aukinnar samkeppni á sameiginlegum markaði og breytinga á stuðningskerfum. Bændur þurftu að aðlagast nýju regluverki, þar sem styrkjakerfi ESB tók við af innlendum kerfum sem áður höfðu veitt meiri vernd. Þrátt fyrir að stuðningur héldi áfram í gegnum sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB (CAP) varð tekjusamdráttur hjá mörgum framleiðendum. Svipuð þróun sást einnig í öðrum löndum eins og Svíþjóð, þar sem samkeppni jókst og innflutningur á ódýrari vörum hafði áhrif á innanlandsframleiðslu. Þetta vekur spurningar um hvort íslenskur landbúnaður, sem starfar við sérstakar aðstæður með tilheyrandi háum framleiðslukostnaði, gæti staðist slíka samkeppni án verulegra breytinga.

Minni markaðsvernd, nýtt regluverk og stuðningskerfi yrðu veruleg áskorun fyrir íslenskan landbúnað en einnig má nefna breyttar reglur um umbúðir og merkingar sem eru í þróun innan ESB. Stefnt er að minni notkun umbúða og t.d. verða einnota plastumbúðir fyrir ferskt grænmeti og ávexti undir 1,5 kg bannaðar frá árinu 2030. Minni notkun á einnota plasti er af hinu góða en þetta felur engu að síður í sér áskorun fyrir framleiðendur að merkja sína vöru og fyrir neytendur að glöggva sig á uppruna og framleiðsluaðferðum. Þetta getur haft það í för með sér að hefðbundin upprunamerking verður síður sýnileg á sjálfri vörunni. Fyrir íslenskan landbúnað, sem byggir mikið á trausti og ímynd um hreinleika, dýravelferð og uppruna, er þetta verulegt atriði. Reynsla frá ESB sýnir að upprunamerkingar og gæðavottanir skipta miklu máli við að verja stöðu innlendra framleiðenda. Í mörgum Evrópulöndum hafa slíkar merkingar verið lykilverkfæri til að byggja upp vörumerki, styðja við staðbundna framleiðslu og halda virðisauka innanlands. Þetta á sérstaklega við í löndum þar sem framleiðslukostnaður er hár og samkeppni við innfluttar vörur mikil.

Sterkt og vottað upprunamerki, Íslenskt staðfest, getur hjálpað til við að greina íslenskar vörur frá innfluttum, jafnvel í umhverfi þar sem umbúðir verða minni eða einfaldari. Með því að leggja áherslu á uppruna og sérstöðu framleiðslunnar getur upprunamerki styrkt samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu. Ísland hefur einstaka stöðu þegar kemur t.d. að lágri notkun sýklalyfja, hreinu umhverfi og rekjanleika í matvælaframleiðslu. Með markvissri notkun upprunamerkisins er hægt að miðla þessum styrkleikum til neytenda, bæði innanlands og á erlendum mörkuðum. Ef Ísland gengur í ESB verður það áskorun fyrir okkur að tryggja að íslenskur landbúnaður glati ekki sérstöðu sinni í breyttu starfsumhverfi. Þar getur upprunamerki gegnt lykilhlutverki. Íslenskt staðfest er ekki aðeins merking á vöru, heldur verkfæri til að verja verðmæti, byggja upp traust og tryggja að neytendur geti áfram átt upplýst val um að kaupa íslenskt – staðfest.

*Höfundur er stjórnarformaður Íslenskt staðfest.*

## Jarmað, hneggjað, baulað ...

Skógrækt á Íslandi stendur á áhugaverðum tímamótum. Eftir áratuga langa ræktun eru komnir skógar víða um land sem hægt er að nytja. Ljóst er að þarna eru gríðarleg verðmæti fyrir bændur víða um land og auðvitað samfélagið allt. En skeiði nytja í skógrækt fylgja einnig áskoranir sem mikilvægt er að takast á við svo að hægt sé að skila ágóðanum af starfinu til bænda og inn í samfélagið.

Markvisst skógræktarátak hófst 1990 þegar stórhuga áætlunum var hrundið af stað með ræktun bændaskóga um allt land. Skógur þekur nú um 150 þúsund hektara á Íslandi. Þar af eru 50 þúsund hektarar ræktaðir skógar. Eftir efnahagshrunið 2008 var fjármagn til skógræktar skorið niður. Raunar hafa samningar sem gerðir voru af ríkinu við bændur ekki hafa haldið þótt þeir séu enn í gildi að mati bænda sem rætt er við í blaðinu í dag. Fyrir vikið fæst ekki fé til þess að grisja skóga eða girða þá af og verja fyrir beit.
Af viðtölum við skógræktarbændur á Austurlandi í blaðinu í dag má ráða að í óefni stefni. Ræktunarstarf síðustu áratuga gæti að einhverju leyti verið unnið fyrir gíg ef ekkert er aðhafst. Hlutfall ógrisjaðra skóga hækkar og kannski segja orð eins bóndans fyrir austan allt sem segja þarf þegar hann spyr hvort skógurinn sé að verða að óbyggðaverkefni.

Í máli sviðsstjóra þjónustu, ráðgjafar og umbreytingar hjá Landi og skógi kemur fram að fjármagn til stofnunarinnar hafi ekki aukist og því sé ekki svigrúm til að sinna óskum skógarbænda um grisjun. Skógarbændur víða um land sitja því uppi með ógrisjað skógarþykkni og minnkandi verðmæti þess ræktunarstarfs sem þeir hafa sinnt með atbeina ríkisins undanfarna áratugi.

Ljóst er að hér þarf að grípa til aðgerða áður en í óefni verður komið.

Jafn ljóst er þó að skógrækt hefur margvíslega kosti fyrir bændur og aðra landsmenn, burt séð frá þeim vanda sem hér hefur verið rakinn. Bændur geta nýtt sér skógana til sparnaðar í rekstri sínum svo sem með skjólbeltaræktun og orkuframleiðslu. Gera má ráð fyrir að á næstu árum muni ýmis önnur vinnsla skógarafurða aukast. Fyrirtækið Skógarafurðir í Fljótsdal, sem er eina sérhæfða viðarvinnsla landsins sem vinnur flettiefni, tekur nú árlega á móti 1000 rúmmetrum af timbri og stefnt er að því að taka á móti 7.000 rúmmetrum til vinnslu árið 2030. Sem stendur eru Íslendingar nær alfarið háðir innflutningi á skógarafurðum en breyting gæti orðið þar á. Verðmæti skógarins fer þó umfram allt eftir því hvernig er um hann hirt. Nauðsynlegt er að grisja skóga reglulega og uppkvista, eins og eigandi Skógarafurða bendir á í blaðinu í dag.

Ljóst er að mikil verðmæti felast í þeim skógum landsins sem ræktaðir hafa verið upp af bændum síðastliðna áratugi. Mikilvægt er að láta þessi verðmæti ekki fara í súginn vegna vanhirðu og stefnuleysis.

**Pistill formanns** | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Góðar fréttir af Alþingi

Í hagsmunabaráttu fer stór hluti tíma manns í að skoða það sem betur má fara, það sem er gallað, ómögulegt og þarf að laga. En stundum fær maður tækifæri til að taka undir með stjórnvöldum þegar þau eru á réttri leið og er það alltaf ánægjulegt.

Á dögunum mælti Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fyrir breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Í mjög einföldu máli felur frumvarpið það í sér að sá kerfislægi munur sem verið hefur á dreifingarkostnaði raforku eftir búsetu verður nánast – en ekki að öllu leyti – þurrkaður út.

Eins og ráðherra bendir sjálfur á er um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir bændur, því öll notum við rafmagn í okkar búrekstri, hvort sem það er lýsing í gróðurhúsum, kæling mjólkur og grænmetis, ljós og rafbúnaður í gripahúsum. Miðað við útreikninga ráðuneytisins verður um að ræða lækkun á raforkukostnaði býla um tugi þúsunda króna í hverjum mánuði og í ákveðnum tilvikum getur þessi fjárhæð farið yfir hundrað þúsund krónur á mánuði.

Það munar um minna.

Þetta er ekki bara hagsmunamál bænda, heldur er þetta stórt réttlætismál fyrir öll þau sem búa í dreifbýli, því kostnaður sem fólk í dreifbýli greiðir fyrir dreifingu raforku er mun hærri en það sem fólk greiðir í þéttbýli. Það er því ekki bara sanngjarnt heldur einnig eðlilegt að jafna þennan kostnað, hvernig sem á það er litið, en þessi aðgerð mun líka styðja við byggð í hinum dreifðari byggðum landsins.

Frumvarpið er að sjálfsögðu ekki fullkomið, ekki frekar en önnur mannanna verk. Mögulega þarf að skoða hvort hægt sé að hnika til skilgreiningum á því hvað telst til dreifbýlis og hvað ekki í skilningi laganna, en ég hef engar áhyggjur af því að ekki sé hægt að gera þetta góða frumvarp enn betra.

Mikilvægara er að ráðherra og stjórnvöld almennt fylgist grannt með hegðun dreifingarfyrirtækjanna og verðlagningu þeirra næstu árin. Sagan sýnir nefnilega að þegar skref hafa verið stigin til að jafna dreifingarkostnaðinn þá vill dreifingarkostnaðurinn hækka mjög hratt aftur.

Eftir að orkugjald í dreifbýli hækkaði um 24% árið 2014 og 2015 steig ríkið inn með dreifbýlisframlag til jöfnunar á flutnings- og dreifingarkostnaði. Við það lækkaði kostnaður í dreifbýli vegna orkugjalds um ein 50% og bilið milli raforkutaxta í dreifbýli og þéttbýli varð svipað og það hafði verið árið 2005. En það var skammgóður vermir. Strax ári síðar hækkuðu gjaldskrár vegna orkugjaldsins um 53%, aftur árið eftir um 12% og svo um 30%. Árið 2018 var því kostnaður vegna orkugjaldsins í raun orðinn sá sami og hann hefði verið ef ekki hefði komið til jöfnunarframlag frá ríkinu.

Þetta er náttúrlega bara eitt dæmi um það að fyrirtæki, jafnvel fyrirtæki í opinberri eigu, ganga á lagið og hækka verð þegar gripið hefur verið til ráðstafana til að létta á byrði þeirra sem greiða verðið.

Það er mikilvægt fyrir hagsmuni bænda og annarra íbúa í dreifbýli að vel sé fylgst með verðlagningu dreifingarfyrirtækjanna næstu árin. En það er líka mikilvægt vegna þess að allar hækkanir skila sér á endanum út í verðlagið og verðbólguna.

Ég treysti því að stjórnvöld sofi ekki á verðinum í þessu máli og að þetta góða frumvarp fái hraða afgreiðslu í gegnum þingið.

*Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*

## Útvarp Bændablaðið:

# „Ef við þurfum að fara, þá leggst fyrirtækið af“

## – Gróðrarstöðinni Mörk vikið af lóð sinni í Fossvogi



**Þröstur Helgason**
throstur@bondi.is

**Gróðrarstöðin Mörk hefur starfað í Fossvogsdalnum frá árinu 1967 og er síðasta einkarekna gróðrarstöðin innan borgarmarka Reykjavíkur. Nú stefnir í að starfsemin víki fyrir uppbyggingu aðstöðu fyrir knattspyrnufélagið Víking. Guðmundur Vernharðsson, garðyrkju fræðingur og eigandi Markar, segir að ákvörðun sem tekin var árið 2008, án samráðs, geti nú leitt til lokunar fyrirtækisins með tilheyrandi áhrifum á garðyrkju, græn svæði og plöntuframleiðslu í borginni.**

Gróðrarstöðin Mörk hefur verið hluti af Fossvogsdalnum í nær sex áratugi. Hún var stofnuð árið 1967 og hefur síðan þá þjónað bæði almenningi og verktökum með ræktun og sölu plantna sem ætlaðar eru íslenskum aðstæðum. Nú er framtíð stöðvarinnar í uppnámi vegna áforma um stækkun athafnasvæðis knattspyrnufélagsins Víkings.

Guðmundur Vernharðsson, garðyrkjufræðingur og eigandi Markar ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Helgu Sigurðardóttur, segir upphaf málsins mega rekja til ákvörðunar borgarráðs árið 2008 að tillögu þáverandi borgarstjóra, Ólafs F. Magnússonar.

### Tillaga kynnt með dags fyrirvara

„Eitt af því undarlega við þetta er að við höfðum enga aðkomu að tillögunni í undirbúningnum,“ segir Guðmundur. „Við fengum enga kynningu. Það var hringt í okkur kvöldið áður og sagt að daginn eftir yrði lögð fyrir tillaga í borgarráði sem myndi snerta hagsmuni okkar í framtíðinni.“

Guðmundur spurði hvort fyrirtækið hefði eitthvað um málið að segja en svarið var skýrt nei.

Á þeim tíma var leigusamningur Markar við borgina í gildi til ársins 2016. Guðmundur segir að aldrei hafi verið lagt mat á hagsmuni gróðrarstöðvarinnar í tengslum við ákvörðunina.

„Þetta er ákaflega illa ígrundað,“ segir hann. „Það var aldrei neitt mat lagt á neina hagsmuni sem lágu að baki frá okkar hálfu.“

### Samningur ekki framlengdur

Eftir að leigusamningurinn rann út árið 2016 hafa eigendur Markar ítrekað óskað eftir framlengingu.

„Við höfum farið til borgarstjóra eftir borgarstjóra og beðið um grið,“ segir Guðmundur. „En það hefur ekki verið framlengt og núna er verið að sækja á enn og aftur.“

Hann segir að enn liggi ekkert opinbert mat fyrir um áhrif þess að leggja niður gróðrarstöðina.

„Eins og þetta blasir við okkur er verið að leggja niður gróðrarstöð fyrir bílastæði fyrir Víking,“ segir Guðmundur, en fram hefur komið hjá forsvarsmönnum Víkings að þeirra fyrsta verk á lóðinni verði að malbika bílastæði.

### Flutningur „nánast ógerlegur“

Guðmundur segir flutning starfsemi Markar vera nánast ómögulegan.

„Það er búið að vinna heilmikla vinnu í að rækta upp jarðveginn, skapa skjól og frjósemi,“ segir hann. „Fyrir utan mannvirkin sem borgin vill í dag helst ekki borga neitt fyrir.“

Stöðin hefur starfað á staðnum í tæplega 60 ár. Guðmundur og Sigríður keyptu reksturinn árið 2000, eftir að samningurinn hafði verið framlengdur til ársins 2016.

„Okkur þótti ekki boðlegt að kaupa fyrirtæki án samnings,“ segir hann. Að hans sögn myndi brotthvarf úr Fossvogsdal þýða endalok starfseminnar.

„Ef við þurfum að fara, þá leggst fyrirtækið af. Það yrði bara lagt niður,“ segir hann. „Það verða engin kynslóðaskipti þegar ekkert er til skiptanna.“

### Sérvöruverslun fyrir íslenskar aðstæður

Gróðrarstöðin Mörk er sérvöruverslun innan markaðssvæðis borgarinnar. Stærsti hluti starfseminnar er framleiðsla og sala á sumarblómum, auk trjáa og runna í pottum, fjölærum plöntum, skógarplöntum og matjurtum til útiplöntunar.



**„Það er í hróplegri mótsögn að tala um græna stefnu og leggja síðan gróðrarstöð niður fyrir bílastæði,“ segir Guðmundur Vernharðsson í Gróðrarstöðinni Mörk.** Mynd / Aðsent

„Við erum ekki stórframleiðendur skógarplantna,“ segir Guðmundur. „En við þjónustum bæði almenning og verktaka með tegundir sem eru ræktaðar fyrir íslenskar aðstæður.“

Á síðasta ári voru um 14 þúsund afgreiðslur í stöðinni. Stærstu einstöku viðskiptavinirnir eru verktakar og fyrirtæki, auk Reykjavíkurborgar sjálfrar í gegnum framkvæmdir innan borgarinnar.

### Innlend ræktun eða innflutningur

Guðmundur bendir á að ef þessi framleiðsla hverfur verði eftir fyrst og fremst innfluttar plöntur.

„Við erum með plöntur sem eru sérvaldar og ræktaðar fyrir íslenskt loftslag,“ segir hann. „Ef þessi framleiðsla fer, verður það sem eftir stendur innflutningur.“

Hann tekur fram að hann geri ekkert lítið úr starfsemi annarra garðyrkjustöðva. „Þetta er bara annað konsept,“ segir hann.

### Rekstur og áskoranir

Reksturinn hefur gengið vel að sögn Guðmundar, ekki síst á Covid-árunum.

„Þá fór fólk að huga að sínum eigin görðum,“ segir hann. Helstu áskoranir í rekstrinum tengjast veðri, næturfrosti og almennum rekstrarskilyrðum, auk þess að halda góðu starfsfólki.

Yfir sumartímann starfa allt að 20 manns hjá Mörk, en mun færri yfir veturinn þegar starfsemin liggur að hluta í dvala.

### Græn starfsemi í borgarlandslagi

Guðmundur telur gróðrarstöðvar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

„Hlutverk gróðrarstöðva er að fegra umhverfið og gefa fólki aðgengi að vöru og þekkingu til þess að gera það,“ segir hann.

Hann telur upplýsta umræðu um virði grænna svæða skorta í borgarstjórninni.„Það er í hróplegri mótsögn að tala um græna stefnu og leggja síðan gróðrarstöð niður fyrir bílastæði.“ Mörk hefur boðist til að láta hluta lóðarinnar undir bílastæði, en Guðmundur segir að allar hugmyndir sem miði að frekara landnámi á lóðinni hafi verið slegnar út af borðinu.

### Í varnarbaráttu

Að hans sögn er fyrirtækið nú í varnarbaráttu.

> „Ef við þurfum að fara, þá leggst fyrirtækið af. Það yrði bara lagt niður ...

„Málið stendur þannig að við þurfum að víkja af hluta lóðarinnar í lok þessa árs og svo 2032 og vera alfarin 2040. Við vitum ekki hverjir taka raunverulega ákvarðanirnar,“ segir hann. „Þetta ferli hefur setið inni í embættis- og lögfræðikerfi borgarinnar.“

Viðræður fara fram við samningateymi borgarinnar, en Guðmundur segir áhrifamikil öfl virðast starfa í bakgrunni.

„Við verðum að berjast fyrir lífi fyrirtækisins,“ segir hann. „Þetta er ævistarf og það er sárt að upplifa að því sé kippt í burtu vegna ákvörðunar sem var tekin árið 2008, án þess að við værum spurð.“

Hlusta má á þáttinn á bbl.is.




ergo
Fleiri hestöfl
í heyskapinn?
Við skiljum allar ástæður
fyrir nýrri vél
Reiknaðu dæmið á ergo.is



Langflest hross eru flutt út til Þýskalands og á það bæði við um hesta til undaneldis sem og reiðhesta.

Mynd / Marek Piwnicki

# Samdráttur í útflutningi á hrossum

**Árið 2025 voru flutt út samtals 1.204 hross samkvæmt gögnum Hagstofunnar sem eru mun færri hross en árin á undan. Ef horft er yfir tímabilið 2017 til 2025 má sjá að útflutningur á hrossum sveiflast nokkuð milli ára. Eftir gríðarlegan kipp í aukningu á útflutningi hrossa árið 2021 hefur útflutningur hefur minnkað stöðugt síðan þá og er nú rétt undir þeim fjölda sem flutt var inn 2017.**


Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is




Samkvæmt greiningu Hagstofunnar heldur fækkun á útflutningi hrossa áfram en árið 2025 voru samtals flutt út 1.204 hross, þar af 494 reiðhestar og 579 hreinræktaðir hestar til undaneldis. Mesta fækkunin er á hreinræktuðum hestum til undaneldis en árið 2017 nam fjöldinn 710 hestum. Útflutningur á reiðhestum fjórfaldaðist frá 2017 til 2021 en þrátt fyrir stöðuga fækkun frá árinu 2021 voru þó fluttir út fleiri reiðhestar árið 2025 en árið 2017 þegar fluttir voru inn 393 reiðhestar. Árið 2021 skar sig úr en það ár var veruleg aukning í útflutningi hrossa en þá voru fluttir út tæplega 1700 reiðhestar og 1330 hestar til undaneldis.

Það er hins vegar áhugavert að greina þróun gengisvísitölunnar fyrir þetta tímabil frá 2017 til 2025, þar sem krónan veiktist samhliða fjölgun á útflutningi hrossa frá 2017 til 2021 en styrktist á sama tíma og útflutningur minnkaði frá 2021 til 2025.

Langflest hross eru flutt út til Þýskalands og á það bæði við um hesta til undaneldis sem og reiðhesta. Þannig var 37% af hestum til undaneldis flutt til Þýskalands árið 2025. Um 22% af útflutningi var til Norðurlandanna, þ.e. Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, 8% til Sviss og 7% til Austurríkis. Þá var veruleg fjölgun á útflutningi hesta til undaneldis til Belgíu, þar sem útflutningur nam 14% árið 2025. En einnig var 6% hesta til undaneldis flutt út til Bandaríkjanna.

Uppgefið útflutningsvirði á hrossum samkvæmt gögnum Hagstofunnar er nokkuð mismunandi eftir löndum. Fyrir árið 2025 var meðalútflutningsverð (fob) á hestum til undaneldis um 1.700.000 kr. og 922.000 kr. á reiðhestum. Sé hins vegar horft til einstakra landa, þá var meðalútflutningsverð á hestum til undaneldis á bilinu 2.100.000 kr. til 2.500.000 kr. til Svíþjóðar, Sviss, Belgíu og Bandaríkjanna en einungis um 1.200.000 kr. til Þýskalands og 1.400.000 kr. til Austurríkis.

Það sama gildir einnig um verðmun á reiðhestum eftir löndum. Þannig var meðalútflutningsverð á reiðhestum fyrir árið 2025 til Þýskalands, Austurríkis, Belgíu og Danmerkur á bilinu 700.000 kr. til 850.000 kr. á sama tíma og verðbilið til Svíþjóðar, Sviss og Bandaríkjanna nam 1.100.000 kr. til 1.500.000 kr.




Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




can-am®

# NÝTT BACKCOUNTRY FJÓRHJÓLIÐ

**Nýtt í Can-Am úrvalinu - Backcountry 1000R fjórhjólið**

30" DEKK Á
BEADLOCK FELGUM

1.588KG SPIL
STÁL FRAMSTUÐARI




ROTAX 1000R MÓTOR
101 HESTAFL

ÖFLUGRI 10MM HLÍFÐARPANNA
SHOWA STILLANLEGIR DEMPARAR

**TAKMARKAÐ ÚRVAL - AFHENDINGAR Í LOK MAÍ**

**ELLINGSEN**

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Frá tónleikum Sigur Rósar í Royal Albert Hall í september 2025.
Mynd / Claire Alaxandra

## Aldarafmæli:

# Sigur Rós spilar

**BBC blæs til stórviðburðar til heiðurs sir Davids Attenborough í Royal Albert Hall í London í tilefni af aldarafmælil hans.**

Sigur Rós munu spila með BBC Concert Orchestra og flytja lag sitt Hoppípolla sem varð einkennislag Planet Earth I og II sem BBC framleiddi og kom fyrst út árið 2006.

### Hefðu alveg gefið leyfi

Merku ævistarfi Davids Attenborough á sviði heimildamynda- og þáttagerðar verður fagnað þann 8. maí og sjónvarpað í beinni útsendingu á BBC. Planet Earth var fimm ár í vinnslu og var þá dýrasta náttúrulífsþáttasería sem BBC hafði framleitt.

Hljómsveitin gaf út sína fyrstu plötu, Ágætis byrjun, árið 1999 og varð í kjölfar þáttanna vel þekkt í Bretlandi. Hoppípolla var notað í kynningarefni um þættina á grundvelli svokallaðs Blanket agreement sem er notað á ríkisfjölmiðlum og felur í sér að í kynningarefni á eigin efni megi nota hvaða tónlist sem er án endurgjalds. „Við hefðum örugglega alveg gefið leyfi fyrir því að nota lagið," segir Kjartan Sveinsson, meðlimur í Sigur Rós. „Þarna fékk lagið spilun og komst á lista í Bretlandi og platan í platínusölu. Þetta hjálpaði okkur mikið á Bretlandi, og það smitaði svo út frá sér," bætir Kjartan við.

### Tónleikar með sinfóníum um allan heim

Á undanförnum þremur árum hefur Sigur Rós ferðast um heiminn í tilefni af útgáfu plötunnar ÁTTA sem kom út árið 2023 og spilað á um 80 tónleikum í Ástralíu, Asíu, Bandaríkjunum, Evrópu og í Eldborg Hörpu í lok síðasta árs. Á hverjum tónleikum er sviðið skipað auk hljómsveitarmeðlima 42 manna sveit, alla jafna sinfóníuhljómsveit frá hverjum stað auk kórs. Í september síðastliðnum fyllti Sigur Rós Royal Albert Hall fjórum sinnum.

„Það er heiður að fá að taka þátt í þessum viðburði, þetta er next to royalty," segir Kjartan og hlær. Hoppípolla mun óma í Royal Albert Hall og væntanlega kalla fram gæsahúð áhorfenda í salnum og heima í stofu. „Við sprengdum þetta aðeins meira út fyrir flutninginn miðað við orkestra túrana sem við erum búnir að vera á, það eru tréblásarar, hörpur og drengjakór sem syngur með okkur." Með Sigur Rós heldur heldur Rob Ames um tónsprotann.

### Tónlistin tengd við náttúruna

Ævistarf Attenboroughs hefur byggt á að rýna í og útskýra lífríkið og fyrirbæri í náttúrunni fyrir áhorfendum. Margir tengja tónlist Sigur Rósar við náttúru og óhjákvæmilega stórbrotna náttúru Íslands. „Þessi tenging er ekki vísvitandi frá okkur komin, en það er of lítið hugsað um náttúruvernd á Íslandi, það er enginn flokkur á þingi til dæmis að hugsa um náttúruna, svo þetta er mikilvægt. Það er magnað að sjá myndirnar sem Attenborough gerði til dæmis um sjóinn þar sem hann fjallar um botnvörpuveiðar við Íslandsstrendur. Það eru svo margir sem halda að það sé löngu búið að banna þær. Það er fullt af rugli í gangi og enginn málsvari. Þetta verður bara gaman," segir Kjartan aðspurður um stemninguna fyrir því að spila í stórafmælinu.

/eks



Heiðursverðlaun garðyrkjunnar hlutu þau hjónin Sveinn A. Sæland og Áslaug Sveinbjarnardóttir, Espiflöt í Reykholti, Biskupstungum. Þau eru hér til vinstri ásamt Guðríði Helgadóttur staðarhaldara á Reykjum.



Guðmundur Vernharðsson, Sigríður Helga Sigurðardóttir og Guðríður Helgadóttir staðarhaldari á Reykjum. Guðmundur og Sigríður eiga gróðrarstöðina Mörk sem útnefndur var verknámsstaður ársins.
Myndir / Helena Stefánsdóttir

## Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

# Garðyrkju- og umhverfisverðlaun veitt

**Á opnu húsi Garðyrkjuskólans á Reykjum sumardaginn fyrsta var hátíðardagskrá þar sem Garðyrkjuverðlaun ársins 2026 og umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar voru afhent.**

Garðyrkjuverðlaunin eru veitt í þremur flokkum, hvatningarverðlaun garðyrkjunnar, verknámsstaður ársins og heiðurverðlaun garðyrkjunnar. Hvatningarverðlaunin hlaut Tinna Bjarnadóttir, eigandi 1905 Blómahúss á Selfossi, verknámsstaður ársins var Gróðrarstöðin Mörk en eigendur hennar eru garðyrkjufræðingarnir Sigríður Helga Sigurðardóttir og Guðmundur Vernharðsson. Heiðursverðlaun garðyrkjunnar hlutu þau hjónin Sveinn A. Sæland og Áslaug Sveinbjarnardóttir, Espiflöt í Reykholti, Biskupstungum.

Garðyrkjuverðlaunin eru veitt af atvinnulífi garðyrkjunnar, Félagi skrúðgarðyrkjumeistara, SAMGUS, samtökum garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga, FIT, félagi iðn- og tæknigreina, Félagi garð- og skógarplöntuframleiðenda og Bændasamtökum Íslands.

Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar hlaut Kristmundur Hannesson, garðyrkjubóndi í Hveragerði.

### Fjöldi garðyrkjunema verið í Mörk

Tinna Bjarnadóttir á og rekur 1905 Blómahús á Selfossi og hefur um langt árabil starfað með einum eða öðrum hætti við hönnun og framkvæmd blómalistaverka, eins og hún kýs að kalla það. Hún hefur sérhæft sig í skreytingum fyrir ýmsa viðburði og lagt sérstaka áherslu á brúðkaup.

Árið 2000 keyptu Guðmundur Vernharðsson og Sigríður Helga Sigurðardóttir gróðrarstöðina Mörk af stofnendum hennar og hafa rekið gróðrarstöðina fram á þennan dag. Guðmundur hóf fyrst störf árið 1978, hefur starfað þar nær samfellt síðan þá.

Heilsárssstarfsmenn í stöðinni eru fjórir en yfir sumartímann verður heildarfjöldi starfsmanna alls 20 talsins. Fjöldi garðyrkjunema hefur verið í verknámi í Gróðrarstöðinni Mörk frá því Guðmundur og Sigríður tóku við stöðinni og hafa þau leitast við að nemendurnir fái sem besta innsýn í öll þau verk sem framkvæma þarf í garðyrkju. Vel hefur verið haldið utan um verknámsnemana og hafa þeir komið mjög vel undirbúnir undir starf garðyrkjufræðings eftir verknám í Mörk.

### Hófu búskap fyrir 50 árum

Sveinn Sæland og Áslaug Sveinbjarnardóttir eru bæði menntaðir garðyrkjufræðingar frá Garðyrkjuskólanum á Reykjum, Sveinn útskrifaðist árið 1974 og Áslaug tveimur árum síðar.

Áslaug er fædd og uppalin á Hofstöðum í Garðahreppi og Sveinn er fæddur og uppalinn á Espiflöt í Biskupstungum. Þau kynntust við nám á Garðyrkjuskólanum og hófu svo sambúð og rekstur í félagsbúi með foreldrum Sveins, bróður hans og mágkonu, árið 1977. Árið 2013 hófst svo kynslóðaskipti yfir til þriðju kynslóðar, þegar Axel sonur þeirra og Heiða kona hans gengu inn í reksturinn og tóku síðan alfarið við honum nokkrum árum seinna.

Um næstu áramót eru liðin 50 ár síðan þau hófu búskap á Espiflöt. Þau hjónin vinna enn við reksturinn sem hefur haldið áfram að vaxa og dafna fram á síðustu ár.

/smh

# Tækifæri til orkuskipta í landbúnaði

## – Fjárhagsleg sjálfbærni grunnforsenda fyrir sjálfbærum orkuskiptum

**Vefþing var haldið á dögunum, þar sem sjónum var beint að stöðu og framtíð orkuskipta í landbúnaði.**

Vefþingið var samstarfsverkefni Eims og Orkídeu og hluti af Evrópuverkefnunum RECET og Value4Farm. Í umfjöllun um þingið á vef Orkídeu kemur fram að sjónum hafi verið beint að stöðu og framtíð orkuskipta í einni af lykilgreinum íslensks samfélags og atvinnulífs, með það að markmiði að varpa ljósi á tækifæri til aukins orkusjálfstæðis í landbúnaði.

### Framtíðarorkugjafi í sveitum

Fjallað var um fjölbreyttar tæknilausnir á þinginu – sem sumar eru farnar að sjást – og var sérstök áhersla lögð á rafmagns- og metanvæðingu landbúnaðartækja. Í því samhengi var reynslan af notkun metanknúinna dráttarvéla kynnt, ásamt því sem skoðað var hvernig innleiða megi rafvæðingu landbúnaðartækja búum landsins.

Til sérstakrar umfjöllunar var hvernig bændur geta sjálfir gerst framleiðendur að eigin orku úr lífrænum úrgangi þannig að allt metan verði nýtanlegt sem framtíðarorkugjafi í sveitum.

### Fjárhagsleg sjálfbærni grunnforsenda

Gestur Pétursson, forstjóri umhverfis- og orkustofnunar, ávarpaði þingið í upphafi. Hann sagði að gagnvart landbúnaðinum snúist verkefnið um orkuskipti í landbúnaði ekki einfaldlega um að skipta einum orkugjafa út fyrir annan. Sagði hann að til að orkuskipti geti talist raunverulega sjálfbær þurfi þau að eiga sér stað á þremur sviðum; umhverfislegu, samfélagslegu og fjárhagslegu.




Gestur Pétursson, forstjóri umhverfis- og orkustofnunar, flutti opnunarerindi um forsendur sjálfbærni fyrir orkuskipti í landbúnaði.
Mynd / Aðsend

Umhverfislega hliðin felist í því að draga úr eða eyða neikvæðum umhverfisáhrifum og lágmarka kolefnisfótspor greinarinnar. Samfélagslegur ávinningur ætti einnig að fylgja slíkum breytingum, þannig að ný störf skapist og aukin þekking verði til. Loks væri fjárhagsleg sjálfbærni grunnforsenda fyrir sjálfbærum orkuskiptum.

### Metangas úr mykjunni

Andrew Parsons, fulltrúi breska tæknifyrirtækisins Bennamann, flutti erindið „Hættu að kaupa eldsneyti og byrjaðu að framleiða það". Þar kynnti hann hvernig bændur geta breytt búfjáráburði og öðrum lífrænum úrgangi í hágæða metangas til að knýja dráttarvélar og flutningatæki.

Katie Hoare er breskur kúabóndi sem hefur hagnýtt metangasið úr mykjunni til að knýja vélarnar á sínu búi og hún sagði reynslusögu sína á þinginu. Þá flutti Sander Vandendriessche, sem starfar hjá belgísku rannsóknarmiðstöðinni Inagro, erindi um hagrænan og hagnýtan ávinning bænda í evrópska verkefninu Value4Farm, af því að knýja dráttarvélar með metani.

Að auki fluttu erindi þau Sigríður Ólafsdóttir, frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Eiður Guðmundsson, frá Sorpu, og Steinþór Logi Arnarson, formaður Sambands ungra bænda.

Upptökur af þinginu eru aðgengilegar í gegnum vef Eims (eimur.is).

/smh




STAFF
„Við getum veitt fyrsta flokks upplifun, **þökk sé öruggri og hraðri þjónustu Símans.**“
Rósbjörg, rekstrarstjóri Kerlingarfjöll – Highland Base
Hraði - Öryggi - Þjónusta
siminn.is

# Dýralæknanám í fyrsta skipti á Íslandi

**Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ) ætlar í haust að bjóða upp á nám í dýralækningum með áherslu á dýraheilbrigði í samvinnu við hinn virta SGGW-háskóla í Varsjá.**

Um er að ræða tveggja ára diplómanám, sem hefur það meginmarkmið að undirbúa nemendur til starfa og áframhaldandi náms á sviði búvísinda og dýraheilbrigðisvísinda. Námið er sniðið að því að nemendur geti sótt um inngöngu beint á þriðja ár dýralæknanáms í skólanum í Varsjá en nýlega var undirritaður samningur milli LbhÍ og SGGW um að nemendur sem lokið hafa diplómanámi í búvísindum með áherslu á dýraheilbrigði frá LbhÍ geti sótt um að fara beint inn á þriðja ár á námsbraut í dýralækningum við SGGW. Heildarlengd dýralæknanámsins við SGGW eru fimm og hálft ár.


Auður Lilja Arnþórsdóttir.

„Það er erfitt að áætla hversu margir munu sækja um að fara þessa leið að dýralæknanámi en ekki verður hægt að taka við fleiri en 18 nemendum. Ef umsækjendur verða færri en 10 verður ekki fjárhagsgrundvöllur til að bjóða upp á þessa leið. En það er margvíslegur ávinningur af því að velja þennan valkost. Í fyrsta lagi má nefna að nemendur munu öðlast góða þekkingu á íslenskum landbúnaði á fyrstu tveimur árunum og munu búa að því að námi loknu. Í öðru lagi fá nemendur tækifæri til að stunda nám í góðum skóla í Póllandi með áhugaverðu og öflugu fagumhverfi. Í þriðja lagi er þetta góður kostur fyrir þau sem ekki treysta sér til eða hafa ekki tök á að fara beint til útlanda í langt nám,“ segir Auður Lilja Arnþórsdóttir hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. */mhh*







Fagfundur sauðfjárræktarinnar:

# Ræktunarbú ársins, verðlaunahrútar og verðlaunabú í ræktun gegn riðu

**Fagfundur sauðfjárræktarinnar var haldinn nýverið á Hótel Laugarbakka í Miðfirði, þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur í þremur ræktunarflokkum.**

Um árlegan viðburð er að ræða sem fagráð í sauðfjárrækt stendur fyrir þar sem meðal annars er fjallað um ýmsar fræðilegar hliðar sauðfjárræktar á Íslandi.


Frá Fagfundi sauðfjárræktarinnar sem haldinn var á Hótel Laugarbakka.

### Ný áhersluverkefni fagráðs

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, formaður fagráðs í sauðfjárrækt, segir líklegt að yfir 100 manns hafi mætt á fundinn. Í setningarræðu hennar kom fram að tími væri kominn til að setja inn ný áhersluverkefni á óskalistann í faglega starfinu, sem gætu hjálpað til við ná ræktunarmarkmiðunum.

Meðal þess sem fagráð vilji leggja áherslu á sé að hvetja til rannsóknar- og þróunarverkefna sem stuðli að fjölgun lamba til nytja, að náið sé fylgst með þróun skyldleikaræktar í stofninum, kannaðir séu möguleikar á hagnýtingu erfðamengjaúrvals, vel sé fylgst með erfðagöllum og vöktun bragðgæða lambakjöts.

### Faldur og Askur verðlaunahrútar

Baldursheimur 2 var útnefnt ræktunarbú ársins 2025. Verðlaunahrútar sæðingastöðvanna voru Faldur 23-937 frá Ytri-Skógum, sem besti lambafaðir sæðingastöðvanna, og Askur 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri II sem mesti kynbótahrútur stöðvanna.

Þá voru þrjú bú verðlaunuð fyrir góðan árangur í ræktun gegn riðu; Krithóll í Skagafirði, Ytri-Hóll 1 í Skagabyggð og Heydalsá í Steingrímsfirði.


Eyþór Einarsson, ráðunautur RML, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, formaður fagráðs í sauðfjárrækt og Sigurður Anton Pétursson, ræktandi Faldurs frá Ytri-Skógum, sem útnefndur var sem besti lambafaðir sæðingastöðvanna 2025.

### Þroskamikil og fönguleg lömb

Í Baldursheimi 2 búa þau Eyþór Pétursson og Agnes Einarsdóttir, en heildareinkunn kynbótamats búsins var 108,2 stig og meðaleinkunn fyrir gerð var 116 stig, sem var sú hæsta á úrvalslistanum sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) gefur út. Sérstaklega er fjallað um ræktunarbú ársins á síðu 4.

Í umsögnum ráðunauta um verðlaunahrútana, sem Eyþór Einarsson ráðunautur hjá RML kynnti, kom fram að Faldur gæfi þroskamikil og fönguleg lömb á velli. Höfuð væru yfirleitt gallalítil, en nokkur lömb hafi fundist með yfirbit. Fætur góðir og ullin yfirleitt skammlaus að gæðum. Lömbin væru jafnvaxin og ákaflega vel holdfyllt með frábærlega þykkan og vel lagaðan bakvöðva.

Faldur er fjórði hrúturinn frá Ytri-Skógum sem hlýtur þessa viðurkenningu sem veitt er af sæðingastöðvunum

Um Ask kom fram að sem kynbótahrútur væri hann býsna jafnsterkur í öllum mikilvægustu eiginleikum, en höfuðkostirnir virtust þó liggja í gerð sláturlamba og frjósömum dætrum. Kynbótamat Asks fyrir gerð stendur í 118 og 97 fyrir fitu. Fyrir fallþunga af beinum áhrifum stendur matið í 109.

Á afurðaárinu 2025 hafi dætur Asks verið um 300 talsins. Útlit sé fyrir að þær séu afar frjósamar og stendur kynbótamat hans fyrir þann þátt í 115 stigum. Fyrir mjólkurlagni stendur kynbótamat í 108 stigum og fyrir fallþunga mæðraáhrifa í 112 stigum.

### Kynbótamat fyrir riðumótstöðu

Þau bú sem voru verðlaunuð fyrir góðan árangur í ræktun gegn riðu,


Ytri-Hóll hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í ræktun gegn riðu í flokki annarra búa í áhættuflokki. Ábúendur eru þau Björn Þormóður Björnsson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir og hér er Björn á milli þeirra Eyþórs Einarssonar og Sigurborgar Hönnu Sigurðardóttur. Myndir / Aðsendar

stóðu efst í kynbótamati fyrir riðumótstöðu – hvert í sínum áhættuflokki.

Samkvæmt landsáætlun um útrýmingu riðuveiki eru bú flokkuð með tilliti til áhættu gagnvart riðu og eru markmið um hraða innleiðingar mismunandi milli flokka. Verðlaunin eru því veitt innan þessa flokka. Kröfur eru gerðar um að á búinu séu 100 eða fleiri skýrslufærðar ær og að búið standist viðmið landsáætlunar, en nú getur hver og einn skoðað stöðu þessarar ræktunar fyrri sitt bú inni í Fjárvís, undir Riðumælaborð.

Kynbótamatseinkunn Krithóls, þar sem ábúendur eru Hrund Malín Þorgeirsdóttir og Björn Ólafsson, reyndist vera 118 stig – en það er metið „áhættubú“. Á Ytra-Hóli 1 eru ábúendur Björn Þormóður Björnsson og Dagný Úlfarsdóttir.Búið er flokkað undir „önnur bú í áhættuhólfi“ og var kynbótamatseinkunn 112 stig. Heydalsá er flokkað sem „bú án hafta“, með kynbótamatseinkunn 114 stig. Þar eru ábúendur Nicole Krysiak og Guðjón H. Sigurgeirsson.

*/smh*


Við fjármögnum
atvinnutæki
Lykill
Fjármögnun



VINNINGSHAFARNIR Petra Bragadóttir, framkvæmdastjóri Ungra frumkvöðla/JA Iceland ásamt vinningshöfum keppninnar, þeim Petru Björk Valdimarsdóttur, Thelmu Kristbjörgu Bæringsdóttur, Heru Björt Aðalsteinsdóttur, Tinnu Björgu Jóhannsdóttur, Hönnu Falksdóttur Krüger og Þóru Hrólfsdóttur, kennara í Verzlunarskóla Íslands. Mynd / Kristinn Magnússon



HAFBIT Framleiðir fiskiroðsnakk úr þorskroði. „Spicy og hvítlauks! Stökkt og bragðgott með löggildri innihaldslýsingu frá MATÍS," segir Deimantas Zelvys, sem bendir ánægður á að í 25 grömmum af snakki sé hvorki meira né minna en 21 gramm af próteini. „Við leggjum líka mikla áherslu á ferskt hráefni. Á þriðjudegi syndir fiskurinn í sjónum, á föstudegi er hann kominn í pakkningar," segir hann. Hópurinn gengur sjálfur í allt sem viðkemur framleiðslunni, hvort sem er að þrífa þorskroðið, krydda, ganga frá pakkningunum og hreinlega allt þar inn á milli. Vinnutíminn hefur verið langur og strangur, en vel þess virði, segja þau Guðrún Rós Bjarnadóttir, Deimantas Zelvs, Sigfús Ísarr Þórðarson og Vilhelm Ari Hólmarsson með bros á vör. Vídeó af verkferli og upplýsingar má m.a. sjá á TikTok síðu-hópsins undir nafninu HafBit og h4fbit á Instagram. Nú eftir verðlaunaafhendingu kom í ljós að þau hlutu verðlaun sem Besti sjó-bissnessinn! Myndir / sp



BLÆR Í síðasta tölublaði kynntust lesendur stúlkunum á bak við góðgerladrykkinn Blæ, þeim Hafdísi, Teklu, Rebekku og Sólnýju, en hér standa þær þrjár fyrstnefndu við auðan sölubás sinn því drykkurinn rann út á methraða og færri gátu verslað en vildu. Möguleiki er þó á að panta hann á samfélagsmiðlum stúlknanna sem segjast vongóðar um áframhaldandi samstarf við Ölgerðina, enda fer drykkurinn einstaklega vel í maga. Endilega kíkið á Blaer.heilsudrykkur á TikTok og Instagram-síðum stelpnanna. Nú eftir verðlaunaafhendingu kom í ljós að þær hlutu verðlaun fyrir öflugasta sölustarfið!

## Ungir frumkvöðlar:

# Vörumessa & verðlaun

**Það var mikill erill í Smáralindinni á dögunum þegar vörumessa Ungra frumkvöðla var haldin. Um var að ræða lokaverkefni mennntaskólanemenda þar sem kynnt voru um 150 nýsköpunarfyrirtæki**

Í kjölfar keppninnar, þann 28. apríl fór fram verðlaunahátíð og segir Petra Bragadóttir framkvæmdastjóri alls hafa verið veitt 13 verðlaun, erfitt val enda mikið til af efnilegum ungum hugsuðum. Fyrsta sæti, Fyrirtæki ársins, hrepptu nemendur frá Verslunarskóla Íslands fyrir hugmynd sína Þekktu landið! Um ræðir fræðandi og skemmtilegt borðspil sem gengur út á það að vita hvar staðsetningar þekktra staða eru á Íslandi. Markmið spilsins er að sameina skemmtun og fræðslu, þannig að leikmenn læri meira um landið sitt á meðan þeir spila, segir Petra. Verslingar keppa því fyrir hönd Íslands á GENE 2026, stærstu nýsköpunarkeppni Evrópu, sem fer fram í Riga, Lettlandi 7.–10. júlí nk.

Hér á síðunni eru nokkur þeirra sem kynntu vörur sínar í Smáralindinni, öll ótrúlega flott og hæfileikarík, en áhugasamir geta kíkt á TikTok eða Instagram þar sem flestir hafa gert sér síðu. */sp*



UGGI eru snyrtitöskur unnar úr endurnýttu fiskineti, hannaðar af þeim Dagbjörtu Höskuldsdóttur, Andreu Hrönn Harðardóttur og Margréti Ástu Björnsdóttur. Stelpurnar höfðu vitneskju um hve mikil sóun verður af afgangs fisknetum og fannst upplagt að hanna úr þeim endingargóða snyrtitösku, eftir að hafa fengið vilyrði fyrir netum frá Hampiðjunni. Þær leggja mikla áherslu á gæði og fagmennsku í öllu sínu og fengu því saumastofuna Saumsprettuna til að sauma fyrir sig töskurnar. Með áframhaldandi sjálfbærni og umhverfissjónarmið í huga heyrðu þær í fyrirtækinu Málmtækni – sem er leiðandi í málmiðnaði – og fengu þar efni í merkin á töskunum. „Merkin okkar eru unnin úr ryðfríu stáli sem fellur til við framleiðslu utanhússklæðninga hjá Málmtækni og svo laserskorin í Mikra. Stálið táknar styrk og er lykilatriði taskanna okkar," segja stelpurnar, en frekari upplýsingar um þær má finna á Uggi_toskur á tiktok og Instagram.



HUMAN KIBBLE „Við stundum ræktina bæði mjög mikið en erum að sama skapi mjög upptekin og í stað þess að vera að meal-preppa þá kemur próteinmorgunkornið Human kibble í staðinn. Þetta er morgunkorn með 50 g af próteini, um 300 kaloríur í skammti og 1,5 gramm af fitu í 100 g. Það inniheldur kaisin prótein sem er tegund af mjólkurpróteini ásamt mysu, eggjahvítuduft, kakó og kanilduft, stevía, smá salt og enginn viðbættur sykur," segja þau Adam Sami Naili og Margrét Ösp Árnadóttir sem eiga greinilega framtíðina fyrir sér á þessari braut. Pakkningarnar vekja athygli, stílhrein og sterk hönnun og innihaldið greinilega gæðavara, ef dæma má lýsingarnar.
Áhugasamir geta leitað að Fenrirfromhel á tiktok og Instagram




EYLÍF
Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf
Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó
Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira
ÓLAFÍA INGÓLFSDÓTTIR
Ég mæli 100% með Active JOINTS, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst
MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með Active JOINTS
HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Finn mikinn mun á liðleika mínum
ÁRNI PÉTUR AÐALSTEINSSON
Ég er sannfærður um að Active JOINTS er að gera mikið gagn fyrir mig
HARTMANN K. GUÐMUNDSSON
Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun
MÁR GUÐNASON
Betri lílfsgæði með Active JOINTS
SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel
EYLÍF Active JOINTS
PURE Icelandic NATURAL ingredients Supports joint vitality and health
90 capsules 1 month supply
FOOD SUPPLEMENT
VITALITY ACTIVE MOBILITY
Happier GUTS
Active JOINTS
Smoother SKIN & HAIR
Stronger BONES
Stronger LIVER



Meira en 70 prósent aðspurðra hafna því að veitt séu einkaleyfi á náttúrulega fyrirliggjandi genum.

Evrópa:

# Könnun sýnir yfirgnæfandi andstöðu við einkaleyfi á fræjum

**Um 80 prósent borgara í Evrópusambandinu eru andvíg því að veita einkaleyfi á lifandi lífverum, svo sem plöntum og dýrum, samkvæmt nýrri könnun sem samtökin No Patents on Seeds! hafa birt. Könnunin var framkvæmd í fimm aðildarríkjum ESB, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og Póllandi. Eubusiness.com segir frá.**

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að meira en 70 prósent aðspurðra hafna því að veitt séu einkaleyfi á náttúrulega fyrirliggjandi genum. Andstaðan var mest í Póllandi og Þýskalandi, en minni í Frakklandi og á Ítalíu.

Þá svöruðu yfir 90 prósent þátttakenda því játandi að fjölbreytni í plöntukynbótum og fæðuframboði skipti sköpum og að umhverfisvernd væri sérstaklega mikilvæg þegar kemur að einkaleyfum á erfðabreyttum plöntum og markaðssetningu þeirra. Í þessum efnum mældist stuðningurinn mest í Póllandi og á Ítalíu, en næstmestur í Þýskalandi og Frakklandi.

„Afstaðan er svipuð í öllum fimm löndunum, almenningur hafnar einkaleyfum á fræjum," segir Nout van der Vaart frá Oxfam Novib. Hann segir meirihluta borgara í ESB vera mjög gagnrýna á einkaleyfi á náttúrulegum eiginleikum og vilja varúðarnálgun þegar kemur að einkaleyfum á erfðabreyttum plöntum og losun þeirra út í umhverfið. Hann kallar eftir því að stjórnmálamenn axli ábyrgð og stöðvi einkaleyfi á fræjum í Evrópusambandinu og leggi jafnframt meiri áherslu á fjölbreytni í plöntukynbótum og vernd almannaeigna.

Könnunin var framkvæmd af skoðanakönnunarfyrirtækinu Civey. Ein helsta ástæða þess að ráðist var í hana er sú að aðildarríki ESB og Evrópuþingið standa frammi fyrir því að greiða atkvæði um ný lög um málið. Þau myndu undanskilja matjurtaplöntur sem verða til með nýrri erfðatækni – nýjum erfðamengisaðferðum (NGT) – frá gildandi reglum um áhættumat og merkingar. Niðurstaðan gæti leitt til þess að einkaleyfum á fræjum fjölgi verulega.

Evrópuþingið hafði upphaflega krafist þess að einkaleyfi á plöntum og erfðaauðlindum yrðu annaðhvort bönnuð eða takmörkuð. Samkomulagstextinn sem Evrópuráðið og Evrópuþingið munu nú greiða atkvæði um heimilar þó að allar NGT-plöntur verði einkaleyfisverndaðar, þar á meðal plöntur með náttúrulega fyrirliggjandi gen. Flestar NGT-plöntur gætu þá farið á markað án sérstaks umhverfisáhættumats.

„Allar erfðabreyttar nytjaplöntur, þar á meðal NGT-plöntur, eru einkaleyfisvarðar, en fræjarisarnir Bayer, BASF og Syngenta sækjast jafnframt eftir einkaleyfum á hefðbundnum nytjaplöntum," varar Nina Holland hjá Corporate Europe Observatory við. Hún segir að með þessu knýi stórfyrirtækin aðra fræframleiðendur út af markaðnum og styrki þannig enn frekar markaðsráðandi stöðu sína. Hún segir einkaleyfin hindra aðgengi plöntukynbótamanna að fjölbreyttum fræjum sem nauðsynleg séu fyrir seigfært fæðukerfi og að almenningur hafni þess vegna slíkum einkaleyfum skýrt.

„Ljóst er að sjónarmið almennings voru ekki tekin nægilega til greina við undirbúning núverandi tillögu um framtíðarlöggjöf á sviði NGT-plantna," segir Martha Mertens hjá Friends of the Earth. Hún krefst þess að tillögutextinn verði breyttur þannig að einkaleyfi á fræjum verði stöðvuð, eða að tillögunni verði hafnað alfarið. */ph*



Niðurstaðan bendir til þess að Amoc muni veikjast um 42 til 58 prósent fyrir lok aldarinnar, sem vísindamenn telja næstum örugglega leiða til hruns kerfisins. Mynd / Rita Ho

# Vaxandi líkur taldar á hruni hafstraums í Atlantshafi

**Ný rannsókn bendir til þess að mun meiri líkur séu á því en áður var talið að hinn mikilvægi Atlantshafs-hafstraumur, svokallað Amoc kerfi, hrynji síðar á þessari öld. Vísindamenn segja niðurstöðurnar mjög uggvænlegar, enda gæti slíkt hrun haft alvarleg og víðtæk áhrif á Evrópu, Afríku og Ameríku. Guardian greinir frá.**

Amoc kerfið, eða Atlantic Meridional Overturning Circulation, er eitt af hornsteinum hnattræns loftslagskerfis og flytur hlýtt yfirborðssjávarvatn frá hitabeltinu norður í átt að Evrópu og heimskautasvæðum. Þar kólnar vatnið, sekkur og myndar veltihringrás suður á bóginn. Fram hefur komið að Amoc er nú veikari en hann hefur verið í að minnsta kosti 1.600 ár, meðal annars vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Árið 2021 komu svo fram fyrstu skýru vísbendingarnar um að kerfið gæti verið nálægt svokölluðum vendipunkti.

Vísindamenn nota tugi mismunandi loftslagslíkana til að spá fyrir um þróun loftslagsins. Þegar kemur að Amoc kerfinu hefur niðurstöðum þeirra hins vegar borið lítið saman. Sum líkön hafa gefið til kynna engan frekari samdrátt fram til ársins 2100 en önnur hafa sýnt allt að 65 prósenta veikingu, jafnvel þótt losun gróðurhúsalofttegunda dragist smátt og smátt saman niður í nettó núll.

Í nýju rannsókninni voru loftslagslíkönin borin saman við raunverulegar hafmælingar til að meta hvaða líkön væru raunhæfust. Með þessari aðferð minnkaði óvissan verulega. Niðurstaðan bendir til þess að Amoc muni veikjast um 42 til 58 prósent fyrir lok aldarinnar, sem vísindamenn telja næstum örugglega leiða til hruns kerfisins.

„Við komumst að því að Amoc mun veikjast meira en meðaltal loftslagslíkananna hefur hingað til gert ráð fyrir," segir Valentin Portmann, vísindamaður við rannsóknarsetur Inria í Bordeaux í Frakklandi, sem stýrði rannsókninni. „Það þýðir að Amoc er nær vendipunkti en áður var talið."

Stefan Rahmstorf, prófessor við Potsdam stofnunina um loftslagsáhrif í Þýskalandi, tekur í sama streng og segir niðurstöðurnar bæði mikilvægar og mikið áhyggjuefni. „Þær sýna að svokölluð svartsýn líkön, sem gera ráð fyrir mikilli veikingu Amoc fyrir árið 2100, eru því miður þau raunhæfu, þar sem þau samræmast betur mæligögnum," segir hann.

Rahmstorf bætir við að hann óttist í auknum mæli að mannskepnan fari yfir vendipunkt þar sem hrun Amoc verði óhjákvæmilegt, jafnvel áður en líður á miðja þessa öld. „Ég hef rannsakað Amoc í 35 ár og ítrekað sagt að hrun kerfisins verði að forðast hvað sem það kostar. Þegar taldar voru um fimm prósent líkur á slíku töldum við áhættuna allt of mikla. Nú lítur út fyrir að líkurnar séu meiri en 50 prósent."

Hrun Amoc hefði víðtækar afleiðingar. Samkvæmt vísindamönnunum myndi hitabeltis úrkomubeltið færast til, sem hefði áhrif á matvælaframleiðslu milljóna manna. Vestanverð Evrópa gæti átt von á afar köldum vetrum og þurrum sumrum, og sjávarstaða umhverfis Atlantshafið gæti hækkað um 50 til 100 sentímetra ofan á þá hækkun sem nú þegar er til staðar.

Það hægist á Amoc meðal annars vegna þess að lofthiti á norðurslóðum hækkar hratt. Hafið kólnar því hægar, og hlýrra vatn er eðlisþyngdarminna og sekkur treglega. Aukin úrkoma þynnir jafnframt seltu yfirborðssjávar, sem dregur enn úr því að heitara vatn sökkvi og styrkir þannig neikvæða endurgjöf í kerfinu.

Rannsóknin, sem birt er í vísindaritinu Science Advances, notaði fjórar mismunandi aðferðir til að tengja mæligögn við líkön. Þar reyndist aðferð sem nefnist „ridge regression" skila bestu niðurstöðunum, þótt hún hafi lítið verið notuð í loftslagsvísindum hingað til. Með því að greina hvaða líkön endurspegluðu best seltubreytingar í suðurhluta Atlantshafsins tókst að draga úr óvissunni, sem Rahmstorf segir gera niðurstöðurnar mjög trúverðugar.

Rahmstorf bendir einnig á að veiking Amoc gæti verið vanmetin í þessari greiningu, þar sem líkönin taki ekki tillit til bráðnunar vatns frá Grænlandsjökli sem einnig þynnir yfirborðssjóinn. „Það er enn einn þátturinn sem bendir til þess að raunveruleikinn gæti orðið enn verri," segir hann. */ph*



Tatrafjöllin,
Vínarborg & Prag

7. – 17. ágúst 2026
Fararstjórn: Pavel Manásek
Verð 429.900 kr. á mann í tvíbýli

Paradís Tatrafjallanna í Slóvakíu, Vínarborg í Austurríki og gullborgin Prag í Tékklandi eru meðal hápunkta þessarar glæsilegu ferðar. Menning, saga og náttúrufegurð fara hér saman og láta engan ósnortinn.

bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík

# Við bjóðum hæstu fyrirtækjavextina

6,60% óháð upphæð



**Er reksturinn í blóma?**

Gerðu gott betra og og ávaxtaðu sparnaðinum á bestu mögulegu kjörum. Vertu með á **audur.is** og sjáðu sparnaðinn blómstra!

audur

Dóttir Kviku

## Skógrækt:

# Bændur eiga inni verðmæti í skógum sem þeir hafa ræktað



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Skógrækt á Íslandi stendur á tímamótum nú þegar hægt er að hafa nytjar af fjölmörgum skógum. Grisjun og umhirða skóga er skógarbændum á Héraði áhyggjuefni. Einhugur ríkir um fjölþætta möguleika í skógrækt og að mikið yndi sé af vel hirtum skógum.**

Skógur þekur um 150 þúsund hektara á Íslandi. Þar af eru um 100 þúsund hektarar náttúrulegt birki og 50 þúsund ræktaður skógur. Stórhuga áætlunum um skógrækt eftir 1990 var fylgt eftir með ræktun bændaskóga um allt land en eftir efnahagshrunið 2008 var fjármagn til skógræktar stórlega skorið niður. Skógarbændur sem áður höfðu ágætar tekjur af skógrækt horfa nú upp á skóga sína ógrisjaða á sama tíma og horft er til aukningar í viðarvinnslu. Á austurlandi eru um 120 skógarbændur.



Sauðfé á beit í skóginum í Brekkugerði í Fljótsdal. Myndir / eks

### Riðuveiki leiðir til átaks í ræktun bændaskóga

Árið 1989 var eftir mikla baráttu við riðuveiki í sauðfé tekin ákvörðun um að skera niður allt fé á milli Lagarfljóts/Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Talað er um áfallið sem það stærsta á svæðinu frá landnámi og að Fljótsdælingar hafi orðið verst úti. Sauðfjárbúskap var hætt á um helmingi bæja og hefur ekki orðið jafnmikill síðan á svæðinu.

Héraðið var afskekkt á þessum tíma, vegir slæmir og krakkar frá sex ára aldri sendir í heimavistarskólann á Hallormsstað, í sumum tilfellum akstursleið sem nú er jafnvel litlar 10-15 mínútur.

Uppbygging nýs atvinnuvegar þurfti að taka mið af svæðinu og eiginleikum þess en búskapur hafði fram að þessu verið blómlegur á svæðinu. Ríkið ákvað í kjölfar niðurskurðarins að hefja ræktun Héraðsskóga. Flljótsdalsáætlun varð grundvöllur að ræktuninni en fyrstu bændaskógarnir voru ræktaðir um 1970 og áttu síðar eftir að teygja sig um allt land. Skrifuð voru lög um Héraðsskóga og samningar gerðir við bændur um ræktun þeirra. Þeim samningum hefur enn ekki verið sagt upp og teljast samkvæmt skilningi skógarbænda, sem blaðamaður ræddi við, enn í gildi.

Í dag er Héraðið, sem nær yfir allt landsvæðið umhverfis Lagarfljót en dregur nafn sitt af Fljótsdalshéraði norðan þess, eitt gróðursælasta skógræktarsvæði Íslands og skógarnir laða að sér íbúa og fjölda innlendra og erlendra ferðamanna sem njóta kyrrðar, skjóls fuglasöngs og trjáfaðmlaga. Blaðamaður lagði leið sína austur og hitti skógarbændur, skógarvörð og aðila í viðarvinnslu og tók á þeim hús á sólríkum dögum í apríl.

### Ógrisjaður skógur er óbyggðaverkefni

Helgi Bragason er skógarbóndi á Setbergi í útjaðri Fellabæjar og segir tekjur hafa verið fínar af skógræktinni í upphafi búskapar þeirra hjóna en þá var ræktun Héraðsskóga hafin. Eftir hrun fjármálamarkaða árið 2008 varð kúvending á búskapnum, fjármagn til Héraðsskóganna dróst verulega saman og Helgi hefur að mestu unnið utan bús síðan þá og lítið tækifæri haft til að sinna skógunum sem þau gróðursettu.

Helgi situr í stjórn Félags skógarbænda á Austurlandi og segir starfsemi félagsins hafa breyst mikið á þessum árum úr því að hafa mikið sýslað með hagsmunamál tengd skógræktinni yfir í viðburðahald sem sé aðalverkefni félagsins í dag og vísar til árlegs jólamarkaðar og Skógardagsins mikla sem haldinn er á Hallormsstað í samstarfi félags skógarbænda, Lands og skógar og kúa- og sauðfjárbænda.

Helgi segir ekkert svigrúm vera til umhirðu skóganna, orð sem blaðamaður heyrir síendurtekið á ferðum sínum. Óánægja bænda með að fá ekki greitt fyrir kolefniseiningar úr þessum eldri skógum sem þeir ræktuðu upp heyrist einnig. Lilja Sigurðardóttir, formaður félagsins og bóndi á Ormsstöðum á Eiðum, og Helgi eru sammála um að hlutfall ógrisjaðra skóga sé hátt á Íslandi og Helgi spyr: „Er skógurinn að verða óbyggðaverkefni?“

„Við erum með jarðir fyrir ofan hjá okkur sem hefur ekki verið grisjað á. Þangað sleppur fé því það er ekki fjármagn til að viðhalda girðingum. Það er ekki hægt að smala fénu út úr þessum reitum. Það er enn fé þar núna sem búið er að reyna að ná út.“ Hann segir að ef reitirnir væru grisjaðir yrði landnýting góð og hægt að nýta þá til beitar og fá almennilegan bolvið. Lilja nefnir dæmi erlendis frá þar sem sauðfjárbændur greiða skógarbændum fyrir að fá að nýta skógana til beitar. Þykknið er nú svo mikið að það er ófært nema með keðjusög.

### Beitarskógar eru góð fjárhús

„Skógurinn vex frá manni ef maður sinnir honum ekki,“ segir Sigrún Ólafsdóttir, sem er bóndi og söðlasmiður í Brekkugerði í Fljótsdal. Sigrún og eiginmaður hennar, Jóhann F. Þórhallsson, nýta sína skóga meðal annars til sauðfjárbeitar. Til þess þarf að grisja skógana og uppkvista svo aðgengi sé gott fyrir dýr og menn. Mest er af lerki í skógunum hjá bændum í Brekkugerði og augljóst af þykkri sinunni að skógarbotninn er grösugur. Um sjötíu fjár ganga í skógunum allt árið um kring og flytja þau það reglulega á milli beitarhólfa, sem þau segja auðvelt og fljótlegt verk. Fénu er gefið í skóginum yfir veturinn til viðbótar við það æti sem þar er.

Ávinningur þess að nýta skóginn til beitar er margvíslegur. Ánægja blaðamanns af að valsa um hann og fylgjast með fénu telst tæplega helsti ávinningurinn. Sigrún segir áberandi að það fé sem gangi úti allt árið þurfi mun minni hjálp við sauðburðinn, væntanlega vegna betra líkamlegs ástands. Í Brekkugerði eru nokkrir tugir fjár í húsum yfir veturinn og samanburðurinn er þeim alveg augljós eftir áralanga reynslu.

### Ríkið stendur ekki við samninga

Samningar sem gerðir voru við bændur um Héraðsskóga fólu í sér að þeir skuldbundu sig til að rækta nytjaskóg á ákveðnum fjölda hektara á löndum sínum samkvæmt ræktunaráætlun og þeir höfðu samkvæmt þeim ákveðinn vinnurétt til að sinna skógunum sem skapaði þeim öruggar tekjur. Jóhann dregur fram samningana. Samkvæmt þeim greiða Héraðsskógar 97% af samþykktum kostnaði við ræktun nytjaskóga á jörðum í ábúð. Til kostnaðar teljast skv. lið 7.2 meðal annars óhjákvæmileg vegagerð og kostnaður af gróðursetningu, viðhald stofngirðinga og fyrsta umhirða og grisjun.

Um síðastnefndu liðina, fyrstu umhirðu og grisjun staðhæfa skógarbændur nú að um óefndir ríkisins sé að ræða en víða hefur ekki enn fengist fjármagn til fyrstu grisjunar. Samningurinn gilti í 10 ár en ræktunaráætlun í 40 ár. Andvirði seldra afurða úr fyrstu grisjun skyldi renna til Héraðsskóga til niðurgreiðslu kostnaðar. Umræddir skógar þar sem engin grisjun hefur verið gerð eru nú ótalmargir um allt land.

Eins er farið með viðhald stofngirðinga en deilur um þær eru óleystar. Við ræktun Héraðsskóga var lagt upp úr að vegir væru fjárlausir en um árabil hefur brotalöm verið á því sem veldur því að fé kemst inn í ógrisjaða skóga og ekki síður



Helgi H. Bragason í Setbergi, Heiðveig A. Helgadóttir, eiginkona hans og Lilja Sigurðardóttir, bóndi á Ormsstöðum.



umferðarhættu. Vegagerðin, Land og skógur og sveitarfélögin bera sameiginlega ábyrgð á girðingarvinnunni segja Helgi og Lilja.

### Vaxtartímabil og fjárfestingar í ósamræmi

Í samtali við Jónínu Sigríði Þorláksdóttur sviðsstjóra þjónustu, ráðgjafar og umbreytingar hjá Landi og skógi, kemur fram að fjármagn til stofnunarinnar hafi ekki aukist. Hún segir áherslu hafa verið á plöntukaup og gróðursetningar vegna gildandi samninga og ekki hafi náðst að sinna umhirðuóskum bænda og þarfrar innviðauppbyggingar.

Jónína segir nýja reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt fela í sér aukna áherslu á fjármagn til grisjunar og annarrar umhirðu. „Í skógum sem gróðursettir voru fyrir árið 2000 þarf jafnframt að huga að fyrstu grisjun. Þetta er nauðsynlegt til að verja þá fjárfestingu sem lagt var í við upphaf skógræktarinnar.“ Hún segir þá áherslu jafnframt vera í samræmi við stefnu stjórnvalda í Land og líf, þar sem aukin framlög til snemmgrisjunar eru nefnd sem lykilhvati samhliða uppbyggingu virðiskeðju skógarafurða.

Í ár var sótt um u.þ.b. 132.000.000 isl.kr í verkefni sem snúa að grisjun/snemmgrisjun samkvæmt upplýsingum frá Jónínu. Samtals var úthlutað um 67.000.000 kr eða rétt rúmlega helming. „Þörfin, ef horft er á það sem æskilegt væri að ná að grisja, er sennilega mun meiri en sótt er um.“

Í samtali við Lilju og Helga koma einnig fram áhyggjur þeirra af eldvörnum. Lilja segir skógarbændur í Noregi skylduga til að sinna brunavörnum en eldur sem kemur upp í ógrisjuðum skógi getur verið illviðráðanlegur. Skógarbændur ræddu um eldvarnir á deildarfundi sínum á Búnaðarþingi og áttu frumkvæði að tillögu sem nú liggur hjá stjórn deildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands. Hjá Landi og skógi eru eldvarnir nú orðnar hluti af áætlanagerð um öryggi skóga.

### Skógrækt til eigin búreksturs

Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi, stundar skógrækt samhliða stórtækri lífrænni ræktun á byggi til manneldis, ásamt heilhveiti og ýmsu grænmeti í minna mæli. Í Vallanesi er einnig rekin ferðaþjónusta. Þar hefur verið plantað um einni milljón trjáa, en þegar Eymundur kom þangað fyrst 1979 var þar enginn trjágróður. Nú iða skógar af lífi og veita ökrum skjól og einnig um 10.000 ferðamönnum sem koma á ári hverju. Reynslan sýnir að erlendir ferðamenn eru sérstaklega heillaðir af íslenskum skógum og Eymundur segir trjágróður í Vallanesi skipta miklu máli fyrir ferðamannaiðnaðinn.

„Skógarnir fela ýmist í sér vaxandi verðmæti eða vaxandi vandamál,“ segir hann og leggur áherslu á að bændur sjái notagildi í skógrækt fyrir eigin búrekstur. Af honum sé hægt að hafa margskonar nytjar til sparnaðar í rekstrinum. Hann nefnir skjólbeltaræktun og að ótal tækifæri séu til að nýta þau betur til að bæta ræktunarskilyrði á ökrum.

Kyndistöð sér Vallanesi fyrir orku sem virkjuð er með sólarsellum á þaki hennar auk viðarbrennslu. Til brennslunnar nýta bændur á Vallanesi ýmist trjákurl eða viðarperlur sem skrúfaðar eru upp úr viðargeymslunni og í ofninn. Kerfin eru samtengd og orkan nýtt til að hita upp gróðurhús, gistiaðstöðuna og fleira í búrekstrinum.

Yfir sumartímann er orkuframleiðslan meiri en nýtingin og þau geta því selt inn á landsnetið en að vetri er því öfugt farið. Það tekur um sex ár að greiða niður kostnaðinn við að koma kyndistöðinni upp en í sumar stendur til að sexfalda sólarsellurnar með því að nýta fleiri þök. Eymundur staðhæfir að það borgi sig fyrir bændur að koma sér upp kyndistöð og nýta timbur úr eigin skógi til smærri verkefna. „Bændur geta orðið atkvæðamiklir orkusalar í framtíðinni.“

### Verðmæti er mikið í skógum landsins

Allt umlykjandi sæt angan af nýsöguðu timbri tekur á móti blaðamanni sem rennir í hlað hjá Skógarafurðum á Ytri–Víðivöllum II innst í Fljótsdalnum. Bjarki Jónsson rekur sögunarmylluna sem er eina sérhæfða viðarvinnsla landsins sem vinnur flettiefni. Hann staðhæfir að margir bændur eigi inni tekjur í skógum á landareignum sínum, verðmæti sem þeir átti sig ef til vill ekki á að liggi þar. Þessi orð enduróma í fleiri samtölum blaðamanns.

Austurglugginn birti á dögunum frétt um verðmæti viðar í austfirskum skógum byggt á rannsóknum á vexti rússalerkis á ýmsum bæjum á Fljótsdalshéraði sem hófst árið 2002. Nú rúmum 20 árum síðar hefur komið í ljós að viðarforðinn er allt að 100 rúmmetrum á hektara þar sem er ógrisjað en skógurinn telst fullvaxinn eftir um 50 ár.

Varðandi umfang timburframleiðslu segir Jónína hjá Landi og skógi að „samkvæmt fyrirliggjandi mati gæti viðarmagn sem unnt verður að taka árlega á sjálfbæran hátt úr íslenskum skógum numið tæplega 50 þúsund rúmmetrum eftir 5–10 ár og um tvöfalt því magni eftir 25 ár.“

Til stendur að stækka vinnslu Skógarafurða umtalsvert en hún tekur árlega á móti 1000 rúmmetrum af timbri og stefnir að því að taka á móti 7000 rúmmetrum árið 2030. „Þetta er það sem markaðurinn er að kalla á og skógurinn er að kalla á,“ segir Bjarki og bætir við að byggingageirinn hafi líka tekjur af vinnslunni, „þetta eru allt innlendar tekjur“.

Íslendingar eru nær alfarið háðir innflutningi um skógarafurðir en breyting gæti orðið þar á. Bjarki segir nægan bolvið að hafa úr íslenskum skógum til að auka framleiðsluna en það verð sem fáist fyrir hann fari eftir gæðum efnisins sem aftur fari að miklu leyti eftir umhirðu skógarins. „Ég held það sé ekkert land í heiminum sem hefur jafnmikið tækifæri á að grípa inn í skógræktina sína og Ísland og breyta henni í gæðaskógrækt“.

### Ný gæðaviðmið og landnýtingaráætlun

Á fyrstu árum Héraðsskóganna var plantað allt að 8.000 plöntum á hektara. Sú tala hefur síðan þá lækkað umtalsvert enda lífvæni trjáplantna mun meira en gert var ráð fyrir. Nú er plantað 2500 plöntum á hektara.

*-Framhald á síðu 22.*



**Bjarki Jónsson í Skógarafurðum með væna stafafurufjöl sem hann segir góðan borðvið.**





ÞETTA ÞARFT ÞÚ AÐ VITA

*þegar áföll dynja yfir*

Stjórn Bjargráðasjóðs gaf út endurskoðaðar reglur um styrkveitingar 9. maí 2025 sem birtar voru í heild í Bændablaðinu s.l. vor og eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, bjargradasjodur.is

Bændur eru hvattir til að kynna sér reglurnar vel til að tryggja að umsóknir berist innan tímamarka og nauðsynleg gögn berist sjóðnum til úrvinnslu umsókna. Umsóknarform er á vefsíðu Bjargráðasjóðs, **www.bjargradasjodur.is**.

**ÞAÐ MIKILVÆGASTA Í STUTTU MÁLI**

**UMSÓKNARFRESTUR**
Umsókn þarf að berast innan **3ja mánaða** frá því að tjónið átti sér stað.

**LÁGMARKSTJÓN**
Tjón þarf að nema að lágmarki **kr. 1.500.000** til að styrkveiting komi til álita.

**GILDIR FYRIR**
Tjón sem verður vegna kals, skriðufalla á ræktað land, tún, akra og á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu.

**GILDIR EKKI FYRIR**
Tjón á gripum eða afurðum, né heldur mannvirkjum, öðrum en girðingum og raflínum sem tengjast landbúnaði.

**HELSTU ATRIÐI ÚR REGLUM UM MEÐFERÐ STYRKUMSÓKNA**

Sjóðurinn hefur heimild til að styrkja meiriháttar tjón sem verður vegna kals, skriðufalla á ræktað land, tún og akra og á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu. Styrkir eru ekki veittir vegna tjóns á gripum eða afurðum, né heldur mannvirkjum, öðrum en girðingum og rafmagnslínum sem tengjast landbúnaði.

Umsókn þarf að berast svo fljótt sem verða má, en eigi síðar en innan 3ja mánaða frá því að tjónið á sér stað til þess að teljast gild. Berist umsókn eftir að viðgerðum er lokið hefur umsækjandi fyrirgert rétti sínum til styrkveitingar. **Ekki eru veittar undanþágur varðandi 3ja mánaða frestinn.**

Umsókn er ekki tekin til meðferðar af stjórn sjóðsins nema umsækjandi leggi fram gögn sem staðfesta að um sé að ræða meirháttar beint tjón, sem nemi að lágmarki **kr. 1.500.000** af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals. Þegar um er að ræða fóðurvöntun þarf tjónið einnig að nema **a.m.k. 25%** af fóðurþörf umsækjanda. Umsækjandi ber ávallt sjálfur kostnað sem nemur að lágmarki **kr. 1.500.000,-** í hverju tjóni.

Leggi umsækjandi ekki fram fullnægjandi gögn til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknarinnar, kallar umsýsluaðili eftir þeim og veitir hæfilegan frest til viðbragða af hálfu umsækjanda. Verði umsækjandi ekki við þeirri beiðni er upplýst um lokafrest til innsendingar gagna og málinu lokað af hálfu umsýsluaðila að þeim tíma liðnum, hafi upplýsingar ekki borist.

**SJÁ NÁNAR Á**
**www.bjargradasjodur.is**

**FYRIRSPURNIR:**
**bjargradasjodur@bjargradasjodur.is**


Jóhann hefur ráðist í að hefja grisjun í ófærum skóginum.


Þétt skógarþykkni í lerkiskógi í Brekkugerði.


Kort af góðu og mjög góðu ræktarlandi. Stefnt er að því að 15% þess verði skógi vaxið.
Mynd / Land og skógur

Gróðursetning á vegum Lands og skógar hefur verið svipuð undanfarin ár, um 6,5 milljónir plantna árið 2025 á landinu öllu, þar af 3 milljónir í gegnum skógrækt á lögbýlum. Birki er um helmingur gróðursettra plantna.

Ný gæðaviðmið um val á landi til skógræktar eru nú í lokavinnslu og fara í innleiðingarferli hjá Landi og skógi og verða rækilega kynnt meðal hagaðila. Þar er einnig í gangi vinna um val á tegundum til skógræktar þar sem horft er til staðbundins vals á plöntum og fjölmargra þátta sem taka þarf tillit til. Í gæðaviðmiðunum er horft til skógræktar á Skotlandi og á Norðurlöndunum þar sem flóran er um margt skyld þeirri sem er á Íslandi. Í nýrri landnýtingaráætlun er markmið um að 15% ræktanlegs lands verði nýtt til skógræktar.

### Heilandi eiginleikar yndisskóga

Hallormsstaðaskógur var friðaður árið 1905 og varð þar með fyrsti þjóðskógurinn. „Við erum búin að vera að stíga okkar fyrstu skref í yfir 100 ár í skógrækt á Íslandi,“ segir Þór Þorfinnsson skógarvörður á Hallormsstað. Í skóginum er trjásafn með um 80 tegundum en þeim fyrstu var plantað árið 1905, blágreni sem standa teinrétt og glæsileg í Mörkinni.

Hrossagaukar og þrestir syngja og býflugur suða á starfsstöð Lands og skóga þar sem Þór tekur á móti blaðamanni og leiðir í gegnum skóginn og inn í lindifurulund sem hann segir búa yfir sérlega mikilli og nærandi orku. Talið berst að heilandi eiginleikum skóganna og að sýnt hefur verið fram á með vísindalegum aðferðum að útivera í skógi hefur heilandi áhrif á líkama og sál. Þór talar um yndisskóga sem gott orð, þeir séu það sannarlega séu þeir vel hirtir. „Þjóðskógarnir eru skógar sem ríkið á, sem þú átt og hefur alltaf aðgengi að.“

Í fjórðungnum eru það ýmis svæði sem tilheyra þjóðskógum og skógarvörður hefur umsjón með. „Nú er verið að horfa á miklu fleiri þætti í skógrækt en áður, náttúruminjar, útsýni, fornminjar, fuglalífið, ár og fossa og margt fleira,“ segir Þór.


Eymundur inni í kyndistöðinni á Vallanesi.


Þór Þorfinnsson, skógarvörður í Hallormsstað, í friðsælum skógarlundi.

„Skógur er meira en bara timbur,“ segir hann, „yngri kynslóðirnar eru nú aldar upp við skóga og kunna vel að meta þá.“ Hann segir það gamla mýtu að Hérað sé langbesta svæði landsins til skógræktar en aðstæður séu víða góðar til skógræktar.

Miklar nytjar eru af þjóðskógum landsins og Land og skógur orðinn hráefnisframleiðandi frekar en að hafa áherslu á viðarvinnslu sem áður var, segir Þór. Lögð er áhersla á að grisja þjóðskógana svo aðgengi sé gott fyrir gesti og skógurinn vaxi vel en „ríkið setur ekki nógu mikið fjármagn í umhirðu skóga, grisjun er fjárfesting til framtíðar“, segir hann.

### Húsbyggingar úr íslensku timbri

Kaffibollinn smakkast sérlega vel í Asparhúsinu í Vallanesi sem nú er 10 ára gamalt og hýsir kaffihúsið. Það var fyrsta húsið sem var byggt úr íslensku timbri. Gólfin eru úr lerki sem reynst hefur bæði slitsterkt og fallegt þrátt fyrir mikinn ágang. Húsið hefur reynst vel og hvergi að sjá að íslenskt timbur standist ekki tímans tönn í húsbyggingum.

Fljótsdalshérað ákvað nýlega að ráðast í byggingu á fyrsta íbúðarhúsinu úr íslensku timbri og var ætlunin að timbrið kæmi allt af svæðinu. Tvö hús verða reist í sumar þar sem heitir Hamborg. Úr varð að burðarbitarnir verða úr timbri sem féll til við trjáfellingu í Öskjuhlíð, efnið reyndist hentugt og var tilbúið og því ekkert til fyrirstöðu að austrið og suðrið sameinist í verkefninu. Timbur til hússins er unnið í Skógarafurðum þar sem vinnslan er umhverfisvæn og vistspor byggingarinnar verður aðeins brot af því sem almennt gerist með byggingu íbúðarhúsa.

### Vaxandi viðarmarkaður

Innviðir viðarvinnslu eru litlir á Íslandi og markaðurinn óþroskaður. Bjarki segir stöku arkitekt vera búinn að uppgötva gildi þess að nýta staðbundinn efnivið og að við eigum langt í land sem þjóð í að nýta þessa vaxandi auðlind. Í Skógarafurðum er efni sérunnið fyrir hvern viðskiptavin og því sé stuðlað að góðri nýtingu efnisins.

Skógarafurðir vinna bolvið til flettingar í klæðningar innan- og utandyra, pallaefni auk ylkubba, sem þjappað er saman úr sagi sem fellur til, og eldivið. Eldiviðarframleiðsla fer þó minnkandi. „Við höfum verið í samkeppni við ríkið,“ segir Bjarki og að sú staða hafi fengið hann til að gera breytingar og skerpa áherslurnar. Skógarafurðir urðu einnig af talsverðum reglulegum tekjum þegar kísilver PCC á Bakka lokaði en þar var afgangstimbur notað til íblöndunar í vinnslunni.

Bjarki er staðráðinn í að láta stóriðju ekki koma höggi á reksturinn aftur og nýtir áskoranirnar til að gera áherslubreytingar í rekstrinum og stækka hann til muna. Hann hyggst einbeita sér að girðingarstaurum í bland við klæðningar og segir gerlegt að vera í samkeppni við innflutningsaðila á þeim vettvangi.

Samtök aðila í viðarvinnslu eru í burðarliðnum og meðal meðlima að þeim eru Tandrabretti á Eskifirði sem vinnur timbur úr grisjunum í hrein viðarkol, viðarkurl og viðarperlur sem meðal annars eru nýtt til undirburðar fyrir hross og til kyndingar.

### Innviðauppbyggingar er þörf en þekkingarstaðan er góð

Í einhverjum tilfellum þarf að bæta vegi og aðgengi í skóga til að sækja timbur en burður í vegum og þunnt malarlag hefur takmarkað timburflutninga hjá bændum eins og nýlegt dæmi í Vallanesi sýndi þegar Tandrabretti keyrðu með fulla kerru af timbri, festust í drullusvaði og þurftu að skilja kerruna eftir á veginum. Sama á við um fleiri bæi á Héraði en ótækt er að timburflutningar geti bara átt sér stað á meðan jörð er frosin.

Vélar og tækjabúnaður til grisjunar er til í landinu til að mynda hjá Skógarafurðum og Tandrabretti sem fara um landið til að grisja. Verktökum hefur þó fækkað sem sinna grisjun og upp hafa komið vandkvæði á að finna mannskap með þá þekkingu sem þarf.

Þekking og menntun á skógrækt, umhirðu skóga og viðarvinnslu er til í landinu hjá Garðyrkjuskólanum á Reykjum, FSu, Landbúnaðarháskólanum, Landi og skógi, skógræktarfélögum og aðilum í viðarvinnslu og greininni er því ekkert að vanbúnaði.

**Gott að vita**

Málefni skógræktarinnar sem áður voru undir Skógrækt ríkisins heyra nú undir Land og skóg sem varð til við sameiningu við Landgræðsluna fyrir um tveimur árum. Land og skógur heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið og starfar á grundvelli laga um Land og skóg frá 2023 og fer með framkvæmd laga um skóga og skógrækt og laga um landgræðslu frá 2019. Land og skógur hefur umsjón með þjóðskógum landsins og auglýsir til umsóknar fé sem ríkið leggur til skógræktar á lögbýlum og til skjólbeltaræktunar.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir




- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Bilskurshurdir.is

Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík. Sími: 660-1819. Netfang: olafur@gastec.is


SUZUKI
ZODIAC
TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI
Suzuki KingQuad fjórhjól
verð frá: 2.290.000 kr,-
Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning
Eigum til utanborðsmótara frá
2,5 til 300 hestöfl á lager.
Stórt úrval báta,-
Zodiac, AKA Marine og Bom-
bard.
Atvinna, ævintýri,
áhugi eða hreinlega
bara vandfýsinn
nautnaseggur þá eigum
við félaga fyrir þig
Zodiac bátar
Utanborðsmótorar
Mótorhjól
SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS
SKEIFAN 17
S: 568 5100


Husqvarna
MHG Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Forest & Garden á Íslandi
*Varahlutir og
þjónustuverkstæði
Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt
12,5 cm
Husqvarna
520IRX
Sláttuorf 36V
Husqvarna
Traktor TC220
14,4kw
Husqvarna
K970 Steinsög
Sögunardýpt
15,5 cm
Husqvarna Rider
320X AWDTraktor
10,5 kW
Husqvarna
522IHD60
60cm
Husqvarna
LC253S Sláttuvél
2,8kW
Husqvarna
525BX Blásari
86 m/s
Husqvarna
535RX Sláttuorf
1,6kW
Husqvarna
580 EPOS
16.000m²
Husqvarna
AM535AWD
EPOS 3.500 m²
Husqvarna 450e
Keðjusög
2,4kW
MHG VERSLUN
Husqvarna Forest & Garden Products
Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð,
jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar,
golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira
MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is

## Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

# Svínabúið á Sölvastöðum fékk hvatningarverðlaunin

**Magnús Hlynur Hreiðarsson**
magnushlynurh@gmail.com



**Eigendur svínabúsins á Sölvastöðum í Eyjafirði brosa breitt þessa dagana því hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fóru til búsins og eigenda þess á dögunum fyrir árið 2025. Búið er með 400 gyltur.**

„Þetta kom nú bara ánægjulega á óvart, mér þótti pínu vænt um þetta af því pabbi heitinn fékk þessi verðlaun fyrir tæpum tveimur áratugum. Við erum mjög stolt og lukkuleg með verðlaunin en þau ýta líka við okkur að gera aðeins betur á morgun heldur en í dag“” segir Ingvi aðspurður um viðbrögð við verðlaununum frá búnaðarsambandinu.



Ingvi með tveimur sona sinna sem eru duglegir í búskapnum. Þetta eru þeir Tristan Darri, sem er hægra megin, bústjóri á búinu og svo er það Frans Heiðar, sem er í námi en vinnur við búið á sumrin. Myndir / mhh

### 400 gyltur og framleiðslan aukin

Ingvi segir að saga búsins sé sú að þróunin síðasta áratuginn hafi verið sú að hætta var á að þessi framleiðsla myndi leggjast af fyrir norðan. Hagsmunaaðilar á svæðinu, þ.e. Svínabúið í Teigi Kjarnafæði/Norðlenska og Bústólpi hafa um langt skeið því skoðað að koma upp svínabúi í Eyjafirði á Sölvastöðum. „Það varð svo loksins að veruleika að byggt var nýtt gyltubú frá grunni. Búið er í eigu þessara aðila. Búið er með 400 gyltur og við erum hægt og sígandi að ná að auka framleiðsluna, aðbúnaðurinn fyrir bæði skepnur og menn er að okkar mati mjög góður og því gengur vel í búskapnum. En vissulega er rekstrarumhverfið krefjandi eins og flestir ef ekki allir þekkja sem standa í fjárfestingum,“ segir Ingvi.

### Mikil eftirspurn eftir svínakjöti

Þegar Ingi er spurður hvort það sé alltaf næg eftirspurn eftir íslensku svínakjöti verður hann fljótur til svars. „Já, já, eftirspurnin er klárlega til staðar, því miður hafa margir kollegar mínir þrátt fyrir það ákveðið að hætta rekstri á síðustu árum. Þar vegur þyngst að bændur hafa ekki treyst sér til að fjárfesta í bættum aðbúnaði vegna þess hvað kostnaðurinn er mikill og því frekar valið að hætta rekstri,“ segir hann.

### Mikill innflutningur á svínakjöti

Ingvi segir mikið flutt inn til landsins af svínakjöti. „Já, eins og ég nefndi þá eykst eftirspurn eftir svínakjöti stöðugt og þegar innlendi markaðurinn framleiðir ekki í samræmi við það eykst innflutningur. Hér áður fyrr var oft talað um ofurtolla og tollverndin var vissulega mjög mikil ef við horfum einhverja tvo til þrjá áratugi aftur í tímann. Frá árinu 1995 rýrnar tollverndin hins vegar stöðugt í verðgildi þar sem svokallaðir magntollar voru þá festir í ákveðnum krónutölum. Einnig voru tollar lækkaðir handvirkt og einhliða um 40% árið 2007. Þetta ásamt stórauknum tollkvótum sem var samið um árið 2015 hefur gert dæmið ansi snúið fyrir íslenska bændur svo ekki sé meira sagt,“ segir Ingvi brúnaþungur.

### Skemmtilegast að sjá gylturnar gjóta

Ingvi segir starf svínabóndans skemmtilegt. „Vinnudagurinn er mjög fjölbreytilegur og fer held ég sjaldnast eins og maður leggur hann upp þegar maður leggst á koddann um kvöldið. Fyrir mig persónulega er það að vera í gotinu og sjá gylturnar gjóta. Fylgjast með því hvað þær eru misjafnar að eðlisfari alveg eins og við mannfólkið. Sumar svo ljúfar og yndislegar en aðrar kannski ekki alveg eins skemmtilegar,“segir hann og skellihlær.

### Byggja eldisgrísabú

Þegar talið berst að frekari framkvæmdum á Sölvastöðum segir Ingvi að fjölskylduna langi mjög mikið til að taka næsta skref í búrekstrinum sem er þá að byggja eldisgrísabú á Sölvastöðum. „Það væri algjör draumur að geta haft megnið af framleiðslunni alla á einum stað og byggja hús þar sem við getum enn frekar aukið rými á gripunum eins og við gerðum þegar við byggðum gyltubúið,“ segir hann.




Svínabúið er eitt það glæsilegasta á Íslandi enda er góður aðbúnaður svínanna eitt af aðalatriðum í rekstri búsins.

> „Við sjáum öll sem keyrum um sveitir landsins að það þarf gríðarlega innspýtingu til að fjárfesta meira í nýjum húsum og aukinni tæknivæðingu ...

### Mikilvægi tollverndarinnar fyrir landbúnaðinn

Það er greinilegt að tollverndin er mjög ofarlega í huga hjá Ingva. „Já, það verður þá áframhaldandi væl um mikilvægi tollverndarinnar fyrir íslenskan landbúnað. Ég er stundum skammaður fyrir að tala svona mikið um tollverndina. Þetta sé leiðinlegt umræðuefni og að það nenni hvort eð er enginn að hlusta á þetta.

Staðreyndin er nú samt sú að það eru fá ef nokkur lönd sem þurfa jafnmikið á tollvernd að halda í landbúnaði eins og Ísland. Rökin eru augljós, við erum hátekjuland og erum að stunda það sem ESB skilgreinir sem heimskautalandbúnað.

Ef við horfum á Excel-inn eigum við auðvitað bara að láta einhverjar þjóðir sunnar í jarðarkringlunni sjá um þetta fyrir okkur,“ segir Ingvi og bætir við. „Þar kostar vinnuaflið brot af því sem það kostar hér og uppskera á flatareiningu lands er margföld á við það sem við þekkjum hér á landi.

Á móti má líka spyrja, er það skynsamlegt fyrir eyland sem er með fólksfjölda á við þorp í Evrópu að treysta alfarið á að komast í matarkistur hjá öðrum þjóðum eins og heimsmálin eru að þróast um þessar stundir?

Í öllu falli met ég það sem svo að við næstu búvörusamninga þurfi að verða mjög kröftug viðspyrna, þ.a. íslenskur landbúnaður nái aftur vopnum sínum. Við sjáum öll sem keyrum um sveitir landsins að það þarf gríðarlega innspýtingu til að fjárfesta meira í nýjum húsum og aukinni tæknivæðingu.

Ef það tekst er framtíðin björt fyrir íslenska bændur,“ segir Ingvi, svínabóndi á Sölvastöðum í Eyjafirði.



# Husqvarna®

**ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5**

**Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi**

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**



**Husqvarna K770 14"**
**Steinsög/hellusög**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna FS 500 E**
**rafmagns gólfsög**
Sögunardýpt 19 cm



**Husqvarna DM230**
**Kjarnaborvél**
150mm Max



**Husqvarna K970 16"**
Sögunardýpt 15,5 cm



**Husqvarna LF75**
**Jarðvegsþjappa**
97 kg, 500 mm plata



**Husqvarna FS 400 LV**
**gólfsög bensín**
Sögunardýpt 16,2 cm



**Husqvarna Rammer**
**Hoppari LT6005 bensín**
230mm plata, 69kg



**Husqvarna Trowel BG 245**
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



**Husqvarna K4000**
**Steinsög, 230v**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna K3600**
**Steinsög, vökvadrifin**
Sögunardýpt 27 cm



**Husqvarna K7000 Ring**
**rafmagnssög**
Sögunardýpt 32,5 cm



**Husqvarna K7000 Pre Cut**
**rafmagnssög**
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

## Husqvarna Construction Products

Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



# TILBOÐ · GRÓÐURHÚS

## Viðhaldsfrí gróðurhús/garðskálar á 15% afslætti



VH-26-06 · Mána hönnunarstofa

Tilboð á frábærum viðar-gróðurhúsum í ýmsum litum og gerðum. Í ramma húsanna er sérvalin hitameðhöndluð fura sem gerir húsin því sterkari viðhaldsfrí og vistvæn.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

**GRÓÐURHÚSIN** eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







Nánari upplýsingar um **GRÓÐURHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

Skipulagsmál

# Þétting byggðar þarf að gerast á malbikinu

## – Skortur á fegurð í borgarumhverfinu



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Hlutfall rýmis fyrir einkabílinn ákvarðar þéttleika byggðar en um helmingur borgarlandsins er malbik.**

„Fólki finnst grátt malbik ekki fallegt,“ segir Harpa Stefánsdóttir skipulagsfræðingur. Umhverfi þarf að vera örvandi til að hvetja til gangandi og hjólandi umferðar en þétta borgarformið er viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum sem það borgarform sem stuðlar að sjálfbærri þróun þéttbýlis. Einkabíllinn er sá samgöngumáti sem tekur langmest pláss og fótgangandi umferð minnst.



Bakhlið og garðar randbyggðarinnar við Seljaveg, séð frá Borgarstíg, göngustíg sem liggur á milli Seljavegar og Framnesvegar. Mynd / Harpa Stefánsdóttir

### Fegurð og leiðindi í borgarumhverfinu

Leiðinlegt er hugtak sem Harpa Stefánsdóttir hefur markvisst notað í rannsóknum sínum á sviði skipulagsfræði til að lýsa upplifun af skorti á fegurð í umhverfinu. Þær hafa falið í sér athuganir á hegðun fólks í tengslum við samgöngur og meðal annars sýnt fram á að yfirbragð umhverfisins hefur áhrif á val á ferðamáta. Sama manneskjan getur valið að keyra jafnvel mjög stutta vegalengd í umhverfi sem er leiðinlegt en valið að ganga langar vegalengdir fyrir aðra þjónustu í umhverfi sem er fallegt.

Leiðinlegt í þessu samhengi kemur úr umhverfissálfræðinni og tengist mati fólks á því hversu fallegt umhverfið sé. Það inniber sum sé skort á fegurð. En fyrir gangandi vegfarendur, vegna þess að þeir fara hægt yfir, er mikilvægt að upplifa eitthvað uppörvandi á leiðinni. Víða sé búið að skipuleggja svæði sem hreinlega segi vegfarendum að keyra um á einkabílnum segir Harpa.

Harpa er doktor í skipulagsfræði en lærði fyrst arkitektúr í Noregi. Hún starfaði við norska Umhverfis- og lífvísindaháskólann þar í landi í 12 ár áður en hún flutti til Íslands árið 2022. Hún er nú prófessor í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskólann sem hefur aðsetur í Keldnaholti í Reykjavík. Doktorsverkefni Hörpu sneri að hjólreiðum sem samgöngumáta og fól í sér rannsókn á gildi fegurðar á hjólaleiðum.

„Við vitum öll innst inni að fegurð umhverfisins hefur áhrif á okkur, en vandamálið er hvernig á að festa hendur á fyrirbærið vísindalega,“ segir Harpa og bætir við að það sé almennara að takast á við mælanlega þætti. Hún hefur unnið með fegurðarupplifun í rannsóknum sínum ásamt stemningu í byggðu umhverfi. Hið síðarnefnda er afsprengi af heildargæðum umhverfisins, hvernig fólk upplifir áhrifaþætti eins og útlit bygginga, hönnun rýmisins á milli þeirra og félagslegt umhverfi á lífsgæði sín og vellíðan.

„Fegurðarmat er svolítið lært fyrirbæri, en ákveðin sameiginleg þörf fyrir fegurðarþætti er innbyggð í okkur sem manneskjur og umhverfissálfræðin hefur heilmikið fjallað um það,“ segir Harpa og bætir við að ljóst sé að til að mynda gróður, tengsl við náttúru ásamt hljóð og angan frá henni, eins og t.d. fuglasöngur, hafi jákvæð áhrif á upplifun á meðan hávaði frá bílaumferð hafi neikvæð áhrif. Aðrir þættir eins og birta eru líka mikilvægir fyrir vellíðan, en tengjast ekki beint fegurðarupplifun.

### Skipulag er gagnlegt stjórntæki

Yfirmarkmið skipulags í dag ætti alltaf að vera sjálfbær þróun. Skipulagsfræðin er þverfaglegt grein og tekur til náttúrufars, efnahagslegs

> Það er lykilatriði að vera með öflugt almenningssamgöngukerfi ...

og félagslegs samhengis. „Til eru vísindalegar rannsóknir sem segja okkur hvað leiðir til árangurs,“ segir Harpa, en „sumt í pólitískri umræðu bendir til fáfræði og skorts á innsýn, við erum oft að spyrja vitlausra spurninga.“

„Skipulagsfræðin hefur þróast út í að verða stjórntæki þróunar í byggðu umhverfi þar sem áherslan er á heildarsýnina. Alltaf þarf að skoða hvað er í stöðunni, hvers þarf að taka tillit til og leiða saman þekkingu ólíkra fagaðila í heildstæða stefnumótun,“ segir Harpa aðspurð um hvað skipulagsfræðin fjallar. „Viðfangsefnið getur líka verið stefnumörkun um náttúruvernd,“ bætir hún við og segir að sjálfbærni sé alltaf leiðandi markmið og að það sé sívaxandi áhersla í skipulagsfræðunum á nauðsyn þess að ákvarðanir í skipulagsmálum byggi á vísindalegum grunni. Nánari útfærslur séu í framhaldinu oft á annarra höndum, til að mynda arkitekta, landslagsarkitekta og samgöngusérfræðinga.

„Í skipulagsmálum er ekki endilega eitt rétt svar,“ segir Harpa. Það þarf í hverju tilfelli að meta kosti og galla mismunandi lausna og hvernig megi samræma mismunandi hagsmuni íbúa, fyrirtækjaeigenda og stjórnvalda.

### Samgönguhegðun og þéttleiki byggðar samofin

Gæði almenningssamganga og þéttleiki byggðar eru samofin. Harpa segir áherslu á einkabílinn leiða af sér dreifðari byggð sem leiðir af sér að erfiðara verður að sækja þá þjónustu sem íbúar þurfa. Þétta borgarformið er viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum sem það borgarform sem stuðlar að sjálfbærri þróun þéttbýlis. Hugmyndafræðinni til grundvallar er þéttleiki íbúa á flatarmálseiningu sem styður undir styttri vegalengdir í þá þjónustu og áfangastaði sem íbúar þurfa að sækja dagsdaglega.

Eitt af sérsviðum Hörpu er samgönguhegðun. Hún stýrði rannsóknarverkefni hérlendis fyrir nokkrum árum í samstarfi við norska

*-Framhald á síðu 28.*



Harpa Stefánsdóttir, doktor í skipulagsfræði. Myndir / Aðsendar.

Jarðvegsþjöppur
frá Ammann

Mikið úrval af þjöppum á lager með rafmagnsmótor, dísil eða bensínmótor

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is


SIGENERGY
MEIRA EN VARAAFL
ÞEGAR ORKUÖRYGGI SKIPTIR MÁLI
Snjöll orkulausn fyrir heimili, býli og rekstur
• Tengist hvaða orkulind sem er
• Orkugeymsla og varaafl (0 msek) í einni lausn
• Off-grid möguleiki - hvar sem þú ert
• Fjarstýring með snjallsíma
Hafðu samband við Ljósorku | ljosorka@ljosorka.is | 897 8258
LJÓSORKA


Var kindin að bera?
Sæktu
Sonett!
Hand Soap
sensitive



Af þéttingarreit í Einholti. Mikilvægt er að hugað sé að félagslegum þáttum.

byggðamynstur hefur áhrif á ferðahegðun, en verkefnið var afleggjari af enn stærra norsku verkefni sama efnis. Skoðað var meðal annars hvað ræður ferðavenjum á höfuðborgarsvæðinu ásamt fleiri þáttum sem eru til grundvallar sjálfbærri þróun, eins og t.d. aðgengi að grænum svæðum og notkun þeirra. Hún segir að hér gildi sömu lögmál og annars staðar. „Ferðatími og fyrirhöfn við að komast leiðar sinnar ráða mestu um ferðamátaval. Það er löngu vitað að svo mikil áhersla á notkun einkabílsins leiðir til dreifðari byggðar og stöðugt meira pláss sem fer í samgöngumannvirki og við erum að súpa seyðið af því hér. Áhersla á einkabílinn hefur verið látin viðgangast allt of lengi.“ Hún segir nauðsyn að vinna plássið til baka sem fer undir einkabílinn fyrir manneskjulegra umhverfi. „Við þurfum því að gera einkabílinn minna eftirsóknarverðan kost í samanburði við vistvænni og minna plássfreka ferðamáta.“

### Þétting þarf að eiga sér stað á malbikinu

Um 50% borgarlandsins, að minnsta kosti tilheyrir innviðum fyrir einkabílinn, segir Harpa, og bendir á að eitt bílastæði sé á stærð við barnaherbergi. „Prinsippið ætti að vera að við þéttingu byggðar tökum við af malbikinu sem er fyrir umferð einkabílsins en ekki af grænum svæðum.“ Hún segir tilhneiginguna vera að við skilgreiningu þéttingarreita séu göturnar undanskildar, en þær séu hluti af þéttleikanum, eða óþéttleikanum bætir hún við. „Við erum á talsverðum villigötum um hvernig við þéttum byggðina.“ „Við skerum meira og meira af því sem gerir umhverfið í raun gott fyrir okkur sem manneskjur, þetta er líka lýðheilsumál því við þurfum að geta verið úti, hreyft okkur og við þurfum grænt umhverfi.“

Harpa nefnir dæmi um þéttingu byggðar frá Noregi þar sem verktakar geti keypt stór einbýlishús, „sem við eigum glás af“, og breytt þeim í minni íbúðir. Hún segir mikilvægt að við getum búið í minna húsnæði til að minnka vistsporið okkar. Það bendir auk þess flest til þess að ungt fólk muni ekki geta keypt þessi stóru hús.

Dæmi um vel heppnaða þéttingareiti koma upp í samtalinu, svo sem í Einholtinu þar sem landslagshönnun sameiginlegs garðrýmis er einstaklega góð, reiturinn við Útvarpshúsið sem sé líflegur og Dvergsreiturinn í miðbæ Hafnarfjarðar sem sé lágreist þétt byggð sem samlagast vel því sem fyrir er. Lág og þétt byggð styður auk þess undir skjólmyndun.

„Mörg gömul hverfi eru vel heppnuð og eru samt meðal þeirra allra þéttustu. Stundum er eins og við höfum gleymt einhverju á leiðinni,“ segir Harpa og nefnir reitinn á milli Seljavegar og Framnesvegar í gamla vesturbænum sem dæmi. Þar er byggt á tveimur til þremur hæðum og garðar og göngustígur eru á milli húsanna. Skalinn og litagleði hafi þar sitt að segja í að skapa góða stemningu.

### Lífið á milli húsanna

Harpa segir félagslega þætti borgarskipulags mikilvæga og að huga þurfi að því hvað er á milli húsanna, hvar við hittum annað fólk og hve langt er til að mynda fyrir börn til leikfélaganna, eru þeir á hæðinni fyrir neðan eða langt í burtu. Hvernig stemning myndast í hverfi ráði miklu um vellíðan íbúa og skipulagið spili þar stórt hlutverk.

Við þéttingu þarf að taka tillit til nærliggjandi umhverfis, náttúrufars, félagslegs og efnahagslegs samhengis. Notagildi, sveigjanleiki og hvort umhverfi sé heimilislegt sé sumt af því sem þarf að hafa í huga þegar hverfi og svæði eru skipulögð. „Getur íbúi fengið endurheimt á heimili sínu?, getur hann hitt nágranna?, hvernig getur umhverfið stuðlað að lífvænlegu búsetuumhverfi?“ er meðal þess sem þarf að spyrja að.

Harpa segir spurninguna ekki bara snúa að því hvort það vantar húsnæði eins og mikið hefur verið rætt um í samfélagsumræðunni, heldur hvernig húsnæði er ákall eftir og hvernig búsetuumhverfi sé eftirsóknarvert.

Harpa segir Íslendinga vana tengslum við náttúruna og að nálægð við hana ásamt tækifærum til útivistar sé mikilvæg. Hún veltir fyrir sér hvernig standi á því að á nánast öllum leiksvæðum á nýjum þéttingareitum séu bara gormadýr sem henti þröngum aldurshópi barna. Huga þurfi vel að því hvað sé í boði á litlum reitum þar sem fólk kemur saman og börn á öllum aldri leika sér og eiga samskipti.

### Uppbygging í kringum stoppistöðvar

Rannsóknir hafa margítrekað sýnt að ef meira rými er tekið undir einkabílinn, akrein er til dæmis bætt við, þá fjölgar bílum. „Það er lykilatriði að vera með öflugt almenningssamgöngukerfi, það hefur líka með jafnræði að gera, þannig að fólk með mismunandi fjárráð eða sem ekki er með ökuskírteini til að mynda hafi kost á ferðamáta sem hentar þeim.“

Harpa segir þetta ekki snúast um að þvinga fólk til neins en að með skipulagi sé hægt að stýra því hvaða samgöngumáti er hagstæðastur. „Kjarninn er sá að þú komist leiðar þinnar á nokkuð greiðfæran hátt, en það er t.d. ekki hægt að reikna með að nema ákveðið hlutfall fólks fari á hjóli.“

Hún segir sjálfbæra þróun borgarlandsins hafa með pláss að gera og að gangandi umferð taki minnst pláss og einkabíllinn mest. Breyting yfir í rafmagnsbíl breyti því litlu frá því sjónarmiði. Almenningssamgöngur taki alltaf minna pláss en einkabíllinn og uppbygging og þjónusta þurfi í auknum mæli að eiga sér stað í kringum stoppistöðvar almenningssamgangna.

„Rannsóknir okkar frá 2016-2020 sýndu að hvað ræður ferðamátavali er sama hér og í nágrannalöndunum. Tíminn skiptir mestu máli, að það sé greiðfært, þægilegt og áreiðanlegt.“ Hún segir að umferðarteppur sem þegar eru töluverðar í ljósi hás hlutfalls einkabílanotenda, leiði til þess að fólk situr fast í umferðinni á annatímum. Það verði ekki leyst með því að bæta við akreinum eða mislægum gatnamótum, heldur þurfi sérakreinar fyrir almenningssamgöngur sem teknar séu frá einkabílnum, til þess að gera þær hlutfallslega hagstæðari valkost. Það muni jafnframt hvetja fólk til að ganga meira og hjóla.

### Meiri gæði eru ekki dýrari

Harpa segir mikið vanta upp á þekkingu á Íslandi, skipulagsfræðingar séu of fáir og skipulagsmál oft í höndum annarra. „Mér finnst við vera í miklu frumkvöðlastarfi hérna við Landbúnaðarháskólann.“ Hún segir gæfulegt að horfa til Norðurlandanna í skipulagsmálum, þar sé margt vel gert og aðstæður að mörgu leyti líkar. Óþarfi sé að líta langt yfir skammt.

Hún er nú að hefja alþjóðlegt rannsóknarverkefni um hvernig þétting byggðar getur átt sér stað á farsælan hátt á norðurslóðum, í sátt við íbúa og þannig að hún stuðli að auknum lífsgæðum. Hún heldur því fram að ekki sé dýrara að skipuleggja hverfi með miklum búsetugæðum en það krefjist langtímahugsunar, meiri heildarstefnumótunar og betri undirbúnings sem þarf að vinna þverfaglega. Verð á fasteignamarkaði endurspegli gæði, húsnæði þar sem búsetugæði eru mikil seljist fljótt og þar spili margt inn í, til að mynda stemningin í hverfinu, félagslegt umhverfi, nálægð við þjónustu, samgöngumöguleikar og tækifæri til útiveru í hverfinu.







# Súðavíkurskóli

## Laus störf skólaárið 2026-2027

Súðavíkurskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með einum stjórnanda, áætlað að það verði u.þ.b. 30 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppbyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin: **Vellíðan – Virðing – Framfarir – Heiðarleiki**. Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna. Við grunnskólann næsta vetur verður einungis 1.-7. bekkur.

Við Súðavíkurskóla er laus staða skólastjóra til umsóknar. Hæfniskröfur eru: Kennsluréttindi og stjórnun. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum, samviskusemi, jákvæðni og góða íslenskukunnáttu í ræðu og riti.

Við Súðavíkurskóla eru einnig lausar stöður kennara við leik- og grunnskóla og jafnframt 50% staða í tónlistardeildina. Í grunnskólanum fer fram samkennsla árganga í öllum námsgreinum. Helstu hæfniskröfur eru kennsluréttindi í tónlistar-, grunn- og leikskóla og reynsla af kennslu er kostur. Hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og samviskusemi. Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í starfi. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu í ræðu og riti. Kostur er að þekkja byrjendalæsi og leiðsagnarnám.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi SÍ, KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsókn skal skilað til Önnu Lindar Ragnarsdóttur skólastjóra, á netfangið annalind@sudavikurskoli.is og með umsókn skal fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum og leyfisbréfi. **Umsóknarfrestur er til 22. maí 2026.**

Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í síma 450 5911 og gsm 893 4985 eða í gegnum netfangið annalind@sudavikurskoli.is og eða sudavik@sudavik.is




FJDynamics



**FJD FV2000**
6.000 m² á 3 dögum, 2.000 m² á dag
**Verð** **395.000 kr.**

FJDynamics



**FJD FL3000**
9.000 m² á 3 dögum, 3.000 m² á dag
**Verð** **539.000 kr.**

FJDynamics



**FJD RCM01**
90.000 m² á 3 dögum, 30.000 m² á dag
**Verð** **SÉRPÖNTUN**

Sveaverken



**BLIX**
10.000 m² á 3 dögum, 4.000 m² á dag
**Verð** **649.000 kr.**

**FYRIR STÆRSTU OG KRÖFUHÖRÐUSTU GRASFLATIR LANDSINS**

- 108.000 m² á 3 dögum, 36.000 m² á dag
- Þráðlaus stjórnun með staðsetningarkerfi
- 2 kWh rafhlaða og 2 klst hleðslutími
- Sláttutími á hleðslu allt að 10 klst
- Sláttubreidd 730 mm
- Hljóðstyrkur ≤ 90dB

Sveaverken



**THOR**
**Verð** **3.659.000 kr.**





Kristín í kindapeysunni frægu sem á uppruna sinn í Portúgal. Mynd / Óskar Árnason



Tryggvi Snær með kindinni Skræpu.



Heimaspunnið garn Kristínar.



Nærmynd af mynstri kjólsins.



Sumir vettlingar hafa reyndar aldurstakmark...



Brúðarkjóllinn sem Martha Óskarsdóttir hannaði og prjónaði er afar haganlega gerður.
Mynd / Halldóra Kristín Bjarnadóttir.

## Íslenskt handverk:

# Galdurinn er að byrja!




Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is


**Íslenskt handverk á sér djúpar rætur í sögu og náttúru landsins, ekki síst prjónagleðin sem hefur fylgt okkur Íslendingum mörgum frá blautu barnsbeini.**

Það á þó ekki við um hana Kristínu Ingibjörgu Hlynsdóttur, sem getur engu að síður státað af haganlega gerðu prjónlesi sínu í dag. Kristín er alin upp á norðanverðu landinu, á Laugum í Reykjadal, síðar á Húsavík til tólf ára aldurs en þá flutti fjölskyldan aftur í Reykjadal á Breiðumýri og síðar á Öndólfsstaði.

„Ég er alin upp í Suður-Þingeyjarsýslu, í Reykjadal fyrstu árin og á Húsavík frá sex til tólf ára aldurs. Foreldrar mínir eru ættaðir þarna úr Reykjadal og Fnjóskadal," segir Kristín. „Báðar ömmur mínar voru úr Reykjadal og foreldrar mínir búa þar, á bænum Öndólfsstöðum í Reykjadal." Foreldrar Kristínar keyptu þann bæ árið 2014 og hafa rekið þar ferðaþjónustu síðan auk þess að vera með lítið fjárbú.

### Sveitin hefur sjarma

„Ég sótti mikið í það sem krakki að fá að vera í sveitinni hjá þeim ömmu og afa í Fnjóskadal og man eftir að hafa tekið rútuna sjálf frá Húsavík," segir Kristín enda snemma ljóst að hún er með bein í nefinu. „Áður en foreldrar mínir fluttu á Öndólfsstaði þá bjuggu þau á Breiðumýri sem er, má segja, hinum megin við ána. Þar bjuggu þau í gömlu læknishúsi sem stendur þar ásamt félagsheimilinu og bóndabæ þar sem föðuramma mín ólst upp. Þarna vorum við í nágrenni við ættingja okkar sem voru með búskap þó foreldrar mínir ynnu utan heimilis. Þar bjó ég frá tólf ára aldri og fluttist svo til Reykjavíkur rúmlega tvítug."

Kristín er gift Óskari Árnasyni og saman eiga þau synina Hlyn Agnar, Árna Sólon og Tryggva Hrafn sem allir sækja mikið í að fara norður þó ekki séu þeir allir jafnhrifnir af lyktinni í fjárhúsunum... „Okkur finnst samt öllum gott að geta farið í sveitina og eiga þar athvarf," segir Kristín brosandi

### Allir geta prjónað, þó byrji seint

Þótt Kristín sé þekkt fyrir listilegan prjónaskap í dag sat hún ekki við hannyrðir í uppvextinum heldur líkt og annað hvert barn hérlendis, þrælaðist gegnum húfur og trefla í handverkstímum grunnskólans. „Áhuginn kviknaði ekkert fyrir alvöru fyrr en nokkru síðar, segir hún glottandi þó ég hafi nú alltaf alveg prjónað eitthvað á borð við vettlinga eða einhverjar fígúrur."

Ömmur Kristínar voru iðnar við prjónana og segir Kristín frá því að sérstaklega hafi föðuramma hennar, Helga Jósepsdóttir, getað gert bókstaflega allt í höndunum. „Hún var mikil handavinnukona, prjónaði og saumaði ótrúlegustu hluti og lét eftir sig ýmiss konar handverk enda mjög listfeng. Það sem ég á í fórum mínum eftir hana er mér mjög dýrmætt, en hún lést árið 2008."

Það var kannski í kringum 2019, þegar ég gekk með yngsta soninn, að ég fór að prjóna af einhverri alvöru. Oftast er það þannig að mér dettur eitthvað í hug sem mig langar að prjóna og leita þá að uppskrift sem ég get aðlagað að því sem ég er með í huga. Það eru auðvitað nokkrir hönnuðir sem ég er hrifnust af en ég mæli með að áhugasamir leiti eftir hugmyndum sínum á netinu – og svo er bara að byrja – því þetta geta allir ef áhuginn er nægur," segir Kristín, en þessa dagana langar hana sjálfa helst að prófa að prjóna skírnarkjól.

Kristín er nösk á að finna skemmtilegar uppskriftir og segir að Óskar og drengirnir njóti góðs af, enda vílar hún ekki fyrir sér að prjóna StarWars húfur ef því er að skipta. Nærfjölskylda og vinir fá einnig gjarnan glaðninga og til viðbótar við sængurgjafir á borð við bangsahúfur og krúttlegar endur verður að nefna nokkuð vafasama vettlinga sem Kristín prjónaði röggsamlega á bróður sinn, eftir uppskrift sem eiginmaður hennar fann á TikTok undir merkinu #angrymittens. „Þetta eru ekki vettlingar fyrir alla aldurshópa segir Kristín sposk á svip, við skulum segja að fólk þurfi að minnsta kosti að hafa lokið grunnskóla til þess að bera þá."

### Kindapeysan portúgalska

Óskar er gjarnan óvæntur hvati prjónaskapar konu sinnar, en fyrir nokkrum árum fann hann skemmtilega portúgalska prjónabók í Nexus og færði konu sinni. Þar kynti hann heldur betur undir hugðarefnum Kristínar, sem gerðist bæði áhugakona um portúgalska ull og höfund bókarinnar, sem hún hóf að fylgja á Instagram. Í fyrra fann hún síðan peysu eftir þennan sama höfund sem hana langaði að prjóna.

Það fylgir sögunni, að Kristín átti leið til Portúgal stuttu síðar og gat þá keypt þarlenda ull í peysuna, sem í daglegu tali er nefnd „kindapeysan". „Já, þetta er líklegast sú flík sem mér þykir skemmtilegast að hafa prjónað," segir Kristín brosandi. Óskar, maðurinn minn, gaf mér þessa frábæru prjónabók frá Portúgal. Síðan hef ég fylgst með höfundi bókarinnar á Instagram, og rakst þar á uppskriftina að kindapeysunni og fannst ekki annað hægt en að ullin í hana yrði versluð í Portúgal. Hönnuðurinn og höfundur bókarinnar heitir Rosa Pomar, en hana má finna bæði á Instagram og svo vefsíðunni www.retrosaria.com ef lesendur hafa áhuga. Portúgalskar kindur eru auðvitað öðruvísi en þær íslensku og ullin að sama skapi áhugaverð. Annars er heill hafsjór til af handavinnu og föndurbókum til í Nexus og um að gera að líta þar við."

### Tengdamóðirin áhrifavaldur

Þótt handavinna og prjónaskapur sé í blóðinu kom tengdamóðir Kristínar, Martha Óskarsdóttir, tilvonandi tengdadóttur sinni skemmtilega á óvart þegar hún bauðst til að prjóna á hana brúðarkjólinn sem hún hannaði upp úr gömlu prjónamunstri. „Hann er mjög fallegur, prjónaður úr silkiþræddri íslenskri ull frá Einrúm," segir Kristín en kjóllinn er fínlegur líkt og hún sjálf og fer hönnunin henni afar vel. Martha prjónaði einnig lopapeysur á Óskar og syni þeirra Kristínar fyrir brúðkaupið, auk þess sem fleiri nutu hæfileika hennar þar. „Það mætti eiginlega kalla hana áhrifavald, að minnsta kosti hefur hún jákvæð og hvetjandi áhrif á mína prjónatilveru, gaf mér tildæmis fyrsta hringprjónasettið."

„Ég hef annars verið að spinna svolítið," heldur Kristín áfram. „Foreldrar mínir eru með lítið fjárbú auk ferðaþjónustunnar, þannig ég tók upp á því fyrir tæpum tveimur árum að fara á tóvinnunámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu með það fyrir augum að nýta ull af fénaði foreldra minna. Mamma hafði geymt reyfi af nokkrum kindum sem voru í uppáhaldi og því skemmti ég mér við að spinna það á íslenskan rokk. Mamma hefur svo prjónað aðeins úr ullinni, en ég tími því varla enn. Það kemur að því," segir hún og brosir og bætir því við að íslenska ullin sé hennar eftirlætis band til að prjóna úr.

Dagsdaglega starfar Kristín á íslenskusviði Stofnunar Árna Magnússonar og sér um ritstjórn og uppfærslu á BÍN, grunnvef íslenskrar tungu, sem nýtist bæði almenningi og við þróun máltækni. Það má því segja að hún hafi margt á prjónunum og gaman að fylgjast með síðu hennar á Instagram #kristingibjorgprjonar.





860 0206 | rek@rek.is | www.rek.is

# Þakklæðningar

H. HAUKSSON

Finnsk framleiðsla • 30 ára reynsla á Íslandi • CE vottuð framleiðsla

GREENCOAT®
## Bárujárn
Verð kr. 3.460 m² með vsk.

GREENCOAT®
## Stallað stál
Verð kr. 3.900 m² með vsk.

GREENCOAT®
## Trapisustál
Verð kr. 3.460 m² með vsk.




**H. HAUKSSON EHF.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN MADE IN FINLAND



Voltus ehf

# Rafmagnslyftarar og vinnuvélar á góðu verði



**CPD12SQ**
1.200 kg
Li-ion 24 V / 280 Ah
Lyftihæð 4.350 mm
Kr. 1.990.000

**CPD25G**
2.500 kg
Li-ion 80 V / 228 Ah
Lyftihæð 4.700 mm
Kr. 4.980.000



**CPD16SQ**
1.600 kg
Li-ion 80 V / 150 Ah
Lyftihæð 4.800 mm
Kr. 3.980.000

**CPD20SQ**
2.000 kg
Li-ion 80 V / 202 Ah
Lyftihæð 4.800 mm
Kr. 4.290.000





**CBD25-A2FLIH**
2.500 kg
Li-ion 24 V / 230 Ah
9,5 / 12,5 Km
Kr 1.290.000

**CBD15J-LI**
1.500 kg
Li-ion 24 V / 30 Ah
Kr. 269.000



**CBD20J-LI**
2.000 kg
Li-ion 48 V / 20 Ah
Kr. 325.000

**CBD20A-BLIH**
2000kg
Li-Ion 48V/20Ah
Verð kr. 380.000





**Kobelco SK50**
Rototilt
0,14 m³ skóflu
3.440 mm gröftudýpt

| Skrifstofa | Ólafur | Gunnþór |
|---|---|---|
| 544-4210 | 892-9399 | 864-4222 |
| Bugðufljót 11<br>270 Mosfellsbær | ob@vv.is | gts@vv.is |

Öll verð eru án vsk



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Heyskapur á Grænlandi. Bóndinn á Eqaluit hefur kynnst búskap á Íslandi mjög vel og segir hann búskaparhætti landanna beggja mjög líka. Helsti munurinn felist í mikilli einangrun og nauðsyn grænlenskra bænda að vera sjálfbærir með flest. Myndir / Aðsendar

# Grænlenskir bændur nátengdir Íslandi

**Rúmlega þrjátíu bændur stunda búskap á Grænlandi. Flestir þeirra eru í sauðfjárrækt í suðvesturhluta Grænlands á sömu slóðum og norrænir menn bjuggu áður. Mikil tengsl eru við Ísland, en sauðfjárkynin eru nánast þau sömu og hafa fjölmargir grænlenskir búfræðinemar sótt bóklegt eða verklegt nám hérlendis.**

Siiku Bjerge er sauðfjárbóndi með um 400 kindur á bæ sem heitir Eqaluit, sem er skammt frá bænum Qaqortoq (Julianehåb) í Eystribyggð. Hann hefur stundað búskap á jörðinni í 13 ár. Siiku hefur nokkur tengsl við Ísland, en sem krakki dvaldi hann hérlendis í níu mánuði á meðan stjúpmóðir hans var í námi. Þá dvaldi hann í samtals eitt og hálft ár á Syðra-Skörðugili í Skagafirði vegna verknáms sem hann tók meðfram búfræðinámi sínu í bændaskólanum í Upernaviarssuk.

Faðir Siiku var kennari við bændaskólann í Upernaviarssuk og eru uppeldisstöðvar hans þar. Árið 2001 keypti faðir Siiku búreksturinn í Eqaluit og tók Siiku við rekstrinum árið 2013. Starfsemi bændaskólans í Upernaviarssuk var lögð niður fyrir örfáum árum, en Siiku segir að námið þar hafi verið nátengt Íslandi. Flestir nemendur þar stunduðu verknám á íslenskum búum ásamt því sem margir tóku hluta af bóklega náminu í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Aðspurður telur Siiku að algeng bústærð á Grænlandi sé í kringum 450 til 500 kindur, en samkvæmt hans bestu vitund er 31 sauðfjárbóndi á eyjunni með samtals um 14.000 kindur. Fjórir af þeim eru jafnframt með nautgripi til kjötframleiðslu á meðan á eyjunni er ekkert kúabú. Hann segir samdrátt hafa verið í greininni frá því að hann hóf búskap, en þá voru starfandi bú tæplega 40. Öll búin eru í Eystribyggð, fyrir utan eitt sem er í Vestribyggð skammt frá Nuuk.

## Einangrunin helsti munurinn

Hafandi kynnst búskap bæði á Íslandi og Grænlandi segir Siiku löndin eiga margt sameiginlegt þegar kemur að búskaparháttum. Sauðfjárstofninn á Grænlandi er nánast hreinræktaður íslenskur, en í upphafi 20. aldarinnar var talsvert af sauðfé flutt þangað frá Íslandi. Eitthvað var flutt inn af erfðaefni frá öðrum löndum, en samkvæmt erfðafræðirannsóknum gætir þeirra áhrifa varla. Siiku segir hægt að líkja grænlensku kindunum við forystufé, en þær eru háfættari og kjötminni en algengt er á Íslandi. Litafjölbreytnin er sambærileg og á Íslandi oog finnast bæði hyrndar og kollóttar ær.

Helst er grænlenskur búskapur ólíkur þeim íslenska að því leyti að bændur búa við miklu meiri einangrun og takmarkaða innviði. Eqaluit er hvorki tengt við rafmagn eða vegakerfi. Næsti kaupstaður er Qaqortoq og tekur siglingin þangað um hálftíma, en ferðalagið tekur í heild klukkutíma með sjósetningu og öðrum undirbúningi. Siiku segist fara í Qaqortoq þrisvar í mánuði að vetri til, en oftar á sumrin. Leiðin er yfirleitt fær, en ferðalagið getur tekið lengri tíma ef það er mikill ís í firðinum. Siiku segir einangrunina ekki síst skipta máli þegar kemur að vélum og búnaði, en ef eitthvað bilar í heyskap getur þurft að panta varahlut að utan og þarf bóndinn að geta gert við sjálfur.

## Jarðvegur grýttur

Í Eqaluit eru um 18 hektarar af ræktarlandi, sem Siiku segir ekki duga til að framleiða allt fóður sem hann þarf. Því kaupir hann líka innflutt fóður, aðallega kjarnfóðurblöndur, grasköggla og korn. Í einstaka þurrkaárum hefur verið flutt hey til Grænlands, en Siiku segir það yfirleitt ekki keypt frá Íslandi.

Uppbygging jarðvegsins er mjög ólík því sem gerist á Íslandi, en Siiku segir mjög þunnt moldarlag vera ofan á klöppinni. Eins sé jarðvegurinn uppfullur af grjóti þannig að hann notar ekki plóg, heldur herfi þegar kemur að endurrækt túna. Hann ræktar mest túngrös, en líka hafra og bygg til þess að verka sem heilsæði.

Eqaluit er staðsett nokkuð utarlega í firðinum og verður því fyrir áhrifum af kaldri hafgolu, á meðan bæir sem eru innar búa við



Siiku Bjerge.

meiri veðursæld. Siiku getur því aðeins heyjað einu sinni á hverju sumri og hefst heyskapurinn í lok júlí og klárast í byrjun maí. Á öðrum bæjum austan við hann eru sum tún slegin tvisvar.

## Landgönguprammi sækir sláturlömb

Sauðburðurinn hefst í byrjun maí og stendur yfir í rúmar þrjár vikur. Lambær eru hafðar á heimalandi fyrstu tíu til tólf dagana eftir burð áður en þeim er sleppt í sumarhagana, sem er fjalllendið allt í kringum Eqaluit. Nokkuð langt er í næsta sauðfjárbú, þannig að kindurnar ganga frjálsar um allan skagann og er beitarálag lítið.

Smalamennskan hefst um miðjan september og er farið yfir mest allt svæðið fótgangandi. Siiku segir stærstan hluta leitanna klárast á fjórum dögum og fær hann aðstoð frá fjölskyldu, nágrönnum og sjálfboðaliðum úr þéttbýlinu. Þar að auki segist hann þurfa að verja allt að tíu dögum í viðbót í eftirleitir.

Sláturtíðin er í lok september og byrjun október og fer fram í Narsaq, sem er 20 kílómetrum norðvestan

### Sólarorka lykilþáttur í rekstrinum

Eqaluit er ekki tengt dreifikerfi á raforku sem þýðir að Siiku þarf að framleiða sitt rafmagn sjálfur. Hann hefur á undanförnum árum komið sér upp sólarsellum sem framleiða rafmagn sem er geymt á stórum liþíumrafhlöðum. Batteríin tryggja stöðugt framboð á orku þó sólar njóti ekki við. Á sumrin kemur meira en 80 prósent rafmagninu sem hann þarf frá sólarorkuverinu á meðan á veturna uppfylla sólarsellurnar helming orkuþarfarinnar. Dísilrafstöð sér um að framleiða þá raforku sem upp á vantar.


Prófaðu hillureiknivélina
RM


Í fjárhúsunum í Eqaluit.


Lambær á sauðburði. Grænlenskar kindur eru nánast hreinræktaðar íslenskar.


Eqaluit er sauðfjárbýli skammt frá Qaqortoq á Grænlandi.


Dóttir Siiku í fjárhúsunum.

## Bændur ekki landeigendur

Siiku bendur á að grænlenskir bændur séu almennt ekki eigendur jarðanna sem þeir búa á, heldur eru þær í eigu hins opinbera. Þeir gera ábúðarsamninga til langs tíma, sem þýðir að þeir hafa nánast óskertan nýtingarrétt af jörðinni. Í Eqaluit veiðist bleikja sem Siiku er frjálst að nýta sér, en þar sem hann er ekki eigandi jarðarinnar hefur hann engar tekjur af sölu veiðileyfa.

við Eqaluit í beinni loftlínu. Sláturlömbin eru sótt með stórum landgöngupramma sem þræðir firðina og kemur við á hverjum bæ.

**Vonast eftir innfluttu kynbótafé**

Siiku segir að í ljósi þess að sauðfjárstofninn á Grænlandi er lítill gangi kynbætur hægt. Meirihluti bænda á Grænlandi notar íslenska skýrsluhaldskerfið Fjárvís. Siiku hefur mikinn áhuga á kynbótum og segir kerfið hafa hjálpað sér mjög mikið.

Ekki sé hrútastöð í landinu til þess að bændur geti sótt kynbótasæði, þannig að bændurnir þurfa að kaupa hrúta af hvor öðrum til að kynbæta sínar hjarðir. Grænland er að mestu laust við sauðfjársjúkdóma sem hafa plagað sauðfé á íslandi og því hafa bændur ekki viljað kaupa gripi eða flytja inn sæði héðan frá því í upphafi 20. aldarinnar. Í ljósi þess að nú hafa fundist arfgerðir í íslensku sauðfé sem veita vörn gegn riðu hefur vaknað umræða á ný um að kaupa hrúta héðan og koma jafnvel upp einangraðri hrútastöð.

**Bjartsýnn á framtíðina**

Siiku er nokkuð bjartsýnn á framtíð grænlensks landbúnaðar, en hann bindur vonir við að búfræðinám verði aftur sett á laggirnar og að aukinn kraftur verði settur í kynbætur í samvinnu við Íslendinga. Áhrifa loftslagsbreytinga er farið að gæta, en hann segir veðrið á sínum slóðum ekki eins fyrirsjáanlegt og það var áður. Í kjölfar hlýindakafla á veturna myndist stundum klaki á ræktarlandi og hafi margir bændur því þurft að fara í mikla endurrækt eftir að það myndast kal á túnum.

Aðspurður hvort hann hafi orðið var við einhver áhrif vegna ásælni Bandaríkjaforseta í Grænland svarar Siiku neitandi. Hann efist um að Trump standi við stóru orðin. Innrás Bandaríkjanna í Íran hafi hins vegar haft þau áhrif að olía og áburður hafi hækkað í verði.

## Ísbirnir ekki til ama

Þó svo að Grænland sé eitt helsta búsvæði hvítabjarna segir Siiku þá sjaldan til ama. Þeir geti komið með hafís sem rekur frá austurströndinni, en á þeim þrettán árum sem Siiku hefur stundað búskap hefur hann aðeins einu sinni orðið var við hvítabjörn og því segir hann birnina litla ógn við sitt búfé.





Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Brúin milli Íslands og Póllands á listasýningu

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Listamannatvíeykið Austur-Íslendingar, sem samanstendur af parinu Lukas Bury og Weronika Balcerak, standa fyrir sýningunni Heiðvirðir einstaklingar í Hafnarborg. Þar skoða þau langvarandi og lítið rædd tengsl milli Póllands og Íslands, en þrátt fyrir að hafa lenthvort sínum megin við járntjaldið eftir seinni heimstyrjöld hélst alla tíð viðskiptasamband milli ríkjanna tveggja.

Þau sjónarhorn sem þau nota til að sýna tengsl landanna eru meðal annars innflutningur á Ursus traktorum, Fiat bílum sem framleiddir voru í Póllandi, innflutningur á Prins Polo nammi í staðinn fyrir útflutning á fiski og fólksflutningur til Íslands eftir fall járntjaldsins.

Lukas og Weronika, sem bæði eru af pólsku bergi brotin, miðla efninu með málverkum, útsaumi, vídeóverkum og með skúlptúr. Þegar þau áttuðu sig á því að Pólverjar og Íslendingar gátu haft aðgang að sömu vörunum hvort sínum megin við járntjaldið vakti það áhuga þeirra



Weronika Balcerak og Lukas Bury standa fyrir listasýningunni Heiðvirðir einstaklingar í Hafnarborg sem verður opin til 25. maí. Þar skoða þau tengslin milli Íslands og Póllands sem hafa haldist lengi þrátt fyrir að löndin lentu hvort sínum megin við járntjaldið. Mynd / ál

á að skoða málið frekar. Eitt af þeim viðfangsefnum sem skipa stærstan sess í sýningunni eru Ursus traktorar,



Eitt af þeim sjónarhornum sem listamannatvíeykið nýtti sér til að skoða tengsl Íslands og Póllands voru Ursus dráttarvélar sem framleiddar voru í Póllandi og nutu mikilla vinsælda hérlendis. Mynd / Austur-Íslendingar

en þau kynntust Baldri Þorsteinssyni sem starfaði hjá Vélaborg sem hafði umboð fyrir Ursus.

### Leituðu að Ursus í sveitum landsins

Listamennirnir lögðu í kjölfarið land undir fót til þess að hafa uppi á traktorunum eftir að Baldur benti þeim á bæi sem keyptu Ursus á sínum tíma. Leitin að Ursus traktorum reyndist erfið, en fá eintök voru eftir í notkun og sögðu bændurnir að ef þau hefði verið á ferðinni 15 árum fyrr hefðu mun fleiri dráttarvélar enn þá verið til. Auglýstu Lukas og Weronika því eftir upplýsingum um Ursus traktora í Bændablaðinu sem skilaði sér í ábendingu um bónda á Suðurlandi sem átti nokkur nothæf eintök af Ursus. Afurðin úr þessari rannsóknarvinnu er stuttmynd sem hægt er að sjá í sýningarrýminu í Hafnarborg.

Samhliða þessu skoðuðu þau sögu Ursus í Póllandi, en framleiðslu þeirra hrakaði undir lok kalda stríðsins þegar ríkisrekin verksmiðjan gerði óhagstæðan samning við Massey Ferguson um kaup á vélbúnaði. Weronika ólst upp í landbúnaðarhéraði í miðju Póllands og segir að Ursus traktorar séu enn þá algeng sjón þar. Á síðustu árum hefur vörumerkið Ursus verið endurvakið, en það fyrirtæki er óskylt því sem framleiddi traktorana á 20. öldinni.

### Útsaumuð smáauglýsing og frétt

Titill sýningarinnar er sóttur beint í smáauglýsingu sem birtist í Tímanum árið 1991. Hún var á ensku, en í íslenskri þýðingu getur hún hljómað svona: „Heiðvirðir einstaklingar frá Póllandi leita að sumarvinnu á Íslandi ‘91, svo sem í skógrækt.“ Weronika segir þessa auglýsingu lýsa pólskri þjóðarsál á ákveðinn hátt, en jafnframt styrkja ákveðnar staðalmyndir. Pólverjar séu almennt þekktir fyrir að vera heiðvirðir, bjartsýnir og duglegir til vinnu, en sá sem skrifaði auglýsinguna hafi í einfeldni talið góð atvinnutæki í skógrækt á Íslandi árið 1991.

Þessi auglýsing var innblástur að stóru útsaumuðu verki sem sjá má á sýningunni. Þar má jafnframt sjá sams konar verk þar sem Weronika saumaði út frétt sem birtist í Fréttablaðinu árið 2004. Þar er greint í örstuttu máli frá því að barnlaus og ógift pólsk kona hafi fundist látin í höfninni á Blönduósi. Meðhöndlun blaðsins á þessum sorglega atburði hafi að hennar mati verið aumkunarverð, en með því að sauma hana út á mjög stóru formi hafi textinn mun meiri áhrif. Weroniku finnist þessi tiltekna frétt sérstaklega áhugaverð í samanburði við minningargreinar sem séu oft mjög langar hjá einstaklingum sem hafi átt stóra fjölskyldu á Íslandi.

### Eitt Prins Polo fyrir hvern Pólverja

Á sýningunni er skúlptúr sem gerður er úr rúmlega 33.000 Prins Polo stykkjum sem staflað er í horn. Listamönnunum finnst áhugavert að vinna með Prins Póló í ljósi þess að þetta pólska nammi sé sérstaklega vinsælt á Íslandi á meðan það finnist varla í nokkru landi utan Póllands.

Weronika bendir á að viðskipti milli Íslands og Póllands hafi verið hagstæð eftir seinna stríð þar sem gjaldmiðlar beggja ríkjanna voru veikir. Lengi vel var greitt fyrir Prins Póló með síld og þorski. Það hafði þau áhrif að einkennisrétturinn í Cieszyn, þar sem Prins Póló er framleitt, er smurbrauð með síld. Fiskneysla í héraðinu, sem er syðst í Póllandi og lengst inn í landi, er mun meiri en alls staðar í kring.

Enn fremur má sjá málverk á sýningunni þar sem viðfangsefnin eru meðal annars Ursus dráttarvélar, Polski Fiat og fleiri hluti sem listamannatvíeykið sér sem brú milli austurs og vesturs. Bæði Lukas og Weronika eru útskrifuð frá Listaháskóla Íslands. Samhliða listsköpun sinni rekur parið Myndlistarvöruverslunina Art Suppplies við Laugalæk í Reykjavík.






# GESTAHÚS & GARÐHÚS

## Öll húsin eru úr sérvalinni hægvaxta furu



VH-26-09 · Mána hönnunarstofa

Gestahús og garðhús Völundarhúsa eru bjálkahús með tvöfaldri nót og henta því vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gestahúsin: 44mm bjálki, tvöfalt gler og gólf.
Garðhúsin: 34 mm bjálki, tvöfalt gler og gólf,
9,9m² garðhúsið er eina húsið án glugga og gólfs.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

**BJÁLKAHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







Nánari upplýsingar um **BJÁLKAHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is




# Verktakar óskast

Land og Skógur býður verktökum um land allt á námskeið um vernd og endurheimt votlendis með áherslu á aðferðir við framkvæmdir.

Eftir námskeiðið fá þátttakendur staðfestingarskjal sem hægt verður að framvísa þegar sótt er um að sinna verkefnum tengdum endurheimt votlendis.

Framundan eru margvísleg verkefni á sviði endurheimtar votlendis um allt land og eftirspurn eftir verktökum verður töluverð. Skilyrði fyrir ráðningu er að hafa lokið námskeiði um endurheimt votlendis og því er þetta kjörið tækifæri fyrir verktaka að undirbúa sig.

Námskeiðið er frítt og verður haldið á Teams
Skráning fer fram með tölvupósti á votlendi@logs.is

Dagsetning og tími:
13. maí 2026 - kl. 19:30




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994-2025.




Mynd 2. Hlutfallsleg skipting fjósgerða og mjaltatækni á landsvísu 1994-2025.

# Rúmlega 70% fjósa landsins eru lausagöngufjós



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Síðustu þrjá áratugi hafa verið teknar saman upplýsingar um fjósgerðir á Íslandi og þróun þeirra ásamt ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum og hafa verið unnar skýrslur um stöðu mála annað hvert ár allt frá árinu 2003. Nú liggur fyrir tólfta skýrslan og var hún gefin út af Bændasamtökum Íslands eins og síðustu ár. Skýrslan tekur til árabilsins 2023-2025 og er þar margt áhugavert að finna eins og við er að búast. Þannig er t.d. enn til eitt fjós á Íslandi þar sem mjólkað er með fötukerfi svo dæmi sé tekið. Þá eru rúmlega 70% fjósa landsins svokölluð lausagöngufjós en þau eru að jafnaði mun stærri en önnur fjós og hýsa því rúmlega 85% kúnna! Kýr í þessum fjósum eru líka afurðahærri en aðrar kýr og því reiknast mjólkurframleiðsla þessara lausagöngufjósa 87% miðað við árslok 2025!

**445 fjós í framleiðslu**

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2025 voru 445 fjós í mjólkurframleiðslu á Íslandi en í árslok 2015 voru þau 618 og hefur fjósum því fækkað um 173 á þessu árabili eða um 28%. Þessi þróun er mjög áþekk þróuninni síðustu áratugi þar sem fjósum á Íslandi hefur fækkað jafnt og þétt. Síðustu tvö árin fækkaði fjósunum um þó ekki nema 21 eða um 4,5% og er þessi hlutfallsfækkun fjósa hér á landi mjög áþekk því sem þekkist víða í Evrópu. Fjósum fækkar en framleiðslan stendur í stað eða eykst vegna stækkandi fjósa sem eftir eru og afurðahærri kúa.

**85,2% kúnna í lausagöngu**

Það kemur vart nokkrum, sem fylgst hefur með íslenskri nautgriparækt síðustu árin, að það hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á húsvist íslenskra mjólkurkúa á tiltölulega stuttum tíma í mjólkursögu landsins.

Þannig eru ekki nema rétt um 30 ár síðan svotil öll fjós landsins voru básafjós af einhverri gerð og kýrnar því bundnar á bása, en þetta er gjörbreytt í dag. Af þeim 445 fjósum sem voru í framleiðslu í árslok 2025 þá voru 72,4% fjósanna á Íslandi lausagöngufjós. Þetta hlutfall gefur þó ekki alveg rétta mynd af stöðu aðbúnaðar kúa á Íslandi eins og fram kom í inngangi greinarinnar því ef litið er til stærðar fjósanna, þá eru lausagöngufjósin með mun fleiri kýr að jafnaði. Í árslok 2025 voru þannig 85,2% allra kúa á landinu hýstar með þessu lagi.

| | 2015 | 2025 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Básafjós m. fötukerfum | 4 | 1 | -75% |
| Básafjós m. rörmjaltakerfum | 288 | 102 | -65% |
| Básafjós m. mjaltabásum | 58 | 20 | -66% |
| Lausagöngufjós án mjaltaþjóna | 133 | 39 | -71% |
| Lausagöngufjós m. mjaltaþjónum | 135 | 283 | 110% |
| Samtals | 618 | 445 | -28% |

Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, breyting á landsvísu síðan 2015.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þróun fjósgerða hefur verið síðustu áratugi og eins og sjá má gengu breytingarnar nokkuð hratt fyrir sig fram undir hrun, en svo hægði verulega á þróuninni, en svo hefur þróunin haldið áfram nokkuð jafnt og þétt síðan.

| | 2025 Árskýr, meðaltal |
|---|---|
| Básafjós með rörmjaltakerfum | 28.6 |
| Básafjós með mjaltabásum | 40.3 |
| Lausagöngufjós án mjaltaþjóna | 48.3 |
| Lausagöngufjós með mjaltaþjónum | 69.4 |

Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, breyting á landsvísu síðan 2015.

**Mjaltaþjónafjós algengust**

Í skýrslunni er fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals fimm undirflokka, þar sem yfirflokkarnir eru annars vegar básafjós og hins vegar lausagöngufjós.

Undirflokkar þessara tveggja megin fjósgerða taka svo mið af þeirri mjaltatækni sem er í notkun í fjósunum. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1 og á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu fjósgerða og mjaltatækni síðan 1994. Í töflunni kemur fram að frá árinu 2015 hefur básafjósum fækkað verulega eða úr 350 í 123 eða um 64,9%.

Á sama tíma tíma hefur lausagöngufjósum fjölgað úr 268 í 322 sem er 20,1%. Sé horft til síðustu tveggja ára þá fjölgaði mjaltaþjónafjósunum um 8,0% og voru í árslok 283 og lang stærsti flokkur fjósgerða eða 63,6%.




Íþróttahús - Utanhússframkvæmdir
ÚTBOÐ

Grundarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið Grundarfjarðarbær, íþróttahús - utanhússframkvæmdir. Verkið felst m.a. í að rífa núverandi múrklæðningu af útveggjum íþróttahúss og klæða að nýju, endurnýja hluta glugga, hreinsa þök og endurmála og lagfæra þakkant.

Verkið er tvískipt og skal vinna í áföngum sem skipt er á árin 2026 og 2027, þar sem byrjað verður á framkvæmdum við norður- og austurhlið íþróttahúss vor 2026, auk þess sem framkvæmd við austurhlið tengigangs (milli íþróttahúss og grunnskóla) fylgir þeim áfanga. Síðari áfangi felst í í framkvæmdum á suður- og vesturhlið vor/sumar 2027. Heimilt er þó að vinna báða verkhluta á árinu 2026, sbr. nánari skilmála.

Helstu magntölur verks eru :

- Rif múrkerfis: 536m²
- Klæðning útveggja: 648m²
- Gluggar: 25 stk.
- Endurmálun á þökum: 780m²

Útboðsgögn eru aðgengileg á vefslóðinni https://vso.ajoursystem.net/ og tilboðum skal skila rafrænt gegnum útboðskerfið, eigi síðar en miðvikudaginn 6. maí 2026 kl. 14:00.

Vakin er athygli á að senda verður fyrirspurnir í gegnum framangreindan útboðsvef.

Fækkun varð í öðrum flokkum og gáfu lausagöngufjós með mjaltabásum hlutfallslega mest eftir enda má leiða að því líkum að mörg þeirra hafi hreinlega skipt um mjaltatækni og tekið mjaltaþjóna í notkun.

Næst algengasta fjósgerðin hér á landi er svo básafjós með rörmjaltakerfi en í árslok 2025 voru 102 slík í notkun á Íslandi.

**Enn er eitt fjós eftir með vélfötukerfi**

Þegar fyrsta skýrslan var unnin, árið 2003, voru enn í notkun 24 fötukerfi þ.e. mjaltkerfi þar sem kýr eru mjólkaðar með vélfötum. Þessari gerð mjaltatækni hefur svo fækkað ört og nú um áramótin var einungis 1 slíkt kerfi eftir í notkun en þetta bú hefur verið það eina á landinu í nokkur ár.

**Meðalnyt mjaltaþjónafjósa langhæst**

Þegar skoðað er samhengi afurða, samkvæmt skýrsluhaldi RML, og fjósgerða kemur ekki á óvart að fjós með mjaltaþjónum eru langafurðahæst og er það í samræmi við uppgjör fyrri ára.

Tekið skal fram að við þessa útreikninga er alltaf notað uppgjör allra búa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvort þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Ennfremur eru til dæmi um að einn skýrsluhaldshafi sé með tvö fjós og/eða eitt fjós með tvo skýrsluhaldshafa. Í þessum tilvikum hafa vegnar niðurstöður verið annað hvort sameinaðar eða skipt upp eftir ákveðnum reglum.

Framangreindar reikniaðferðir bera auðvitað með sér ákveðna skekkju og skal því tekið með fyrirvara, enda má t.d. ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltaþjónatækni vegna tíðari mjalta.

Þrátt fyrir þessa annmarka er, eins og áður segir, heildarmeðaltal mjaltaþjónabúa landsins hæst en vegið meðaltal þeirra var 6.832 kg mjólkur að jafnaði á hverja árskú á nýliðnu ári. Næstafurðahæstu búin voru svo básafjós með mjaltabásum með 6.316 kg. Þá voru meðalafurðir kúa í lausagöngufjósum án mjaltaþjóna með 5.992 kg og lægstar meðalafurðir eru að jafnaði í básafjósum með rörmjaltakerfum eða 5.654 kg. Hver meðalkýr er því að skila af sér 1.178 kg meira af mjólk ef hún er í mjaltaþjónafjósi, miðað við að vera í básafjósi með rörmjaltakerfi. Þessi mikli munur getur skýrst af mörgum þáttum og sýna fyrri athuganir hér á landi að t.d. tíðari mjaltir mjaltaþjóna skýra í kringum helminginn af meðal afurðaaukningunni einni og sér. Hinn hlutann má skrifa á betri aðbúnað og hreyfingu, nákvæmari kjarnfóðrun og almennt betri búnaðar til bættrar bústjórnar á búum sem nota sjálfvirk mjaltakerfi.

**Mjaltaþjónafjós einnig stærst**

Ekki þarf að koma á óvart að lausagöngufjós með mjaltaþjónum eru stærst að meðaltali en árskúafjöldi þeirra í árslok 2025 var 69,4 kýr en þessi bú eru að jafnaði með 1,27 mjaltaþjóna.

Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta borið mjaltatæknilega séð. Næststærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltaþjóns og þar á eftir koma básafjós með mjaltabásum.

Hin hefðbundnu básafjós með rörmjaltakerfum eru vel innan við helmingi minni en mjaltaþjónafjósin eins og sjá má á töflu 2.

Út frá framangreindum upplýsingum má áætla framleiðslugetu hverrar fjósgerðar, sem hlutfall af heild. Árið 2009 var fyrsta árið sem mjólk frá kúm í lausagöngu náði yfir 50% af heildinni en nú reiknast þetta hlutfall að vera 87,0%.

**Rúmlega fjórðungur kúnna í fjósum með >81 kýr**

Í skýrslunni kemur fram að flest fjós landsins eru í dag með 41-60 árskýr eða 141 talsins en fjós með færri en 20 árskýr voru ekki nema 26 í árslok 2025 og voru þau þá með 416 árskýr samtals. Það eru færri kýr en eru samtals í tveimur stærstu fjósum landsins.

Meðalbústærð fjósanna í uppgjörinu var 56,7 árskýr en fjórum árum fyrr var meðalbústærðin 49,9 árskýr svo búin eru að stækka nokkuð ört nú um stundir. Alls voru 134 kúabú með 40 árskýr eða færri í þessu uppgjöri eða 30,1% fjósa landsins, en í þessum fjósum voru þó ekki nema 14,8% af árskúm landsins. Bú á bilinu 41-80 árskýr voru alls 253 talsins eða 56,9% og í þessum fjósum voru 59,9% af árskúm landsins í árslok 2025.

Fjós með fleiri en 81 árskýr voru alls 58 eða 13,0% af heildarfjölda fjósa lansins og hefur þetta hlutfall hægt og rólega verið að skríða upp á við á undanförnum árum. Þannig voru t.d. ekki nema 3,8% fjósa landsins með fleiri en 81 árskú árið 2013 svo dæmi sé tekið. Í þessum 56 fjósum voru hinsvegar rúmlega fjórðungur árskúa landsins eða 26,2% í árslok 2025. Þetta hlutfall var rétt undir 20% í árslok 2021 sem sýnir vel að þróunin í átt að stærri einingum heldur jafnt og þétt áfram.

Í skýrslunni eru ýmsar frekari fróðlegar upplýsingar en hægt er að lesa hina ítarlegu skýrslu í heild sinni á vef Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is.











Þetta lítur vel út – það sést í báða fætur og í snoppuna, og hausinn er jafnvel kominn fram í grindina.


Jónas Jónatansson fæddist með enn stærri horn en faðirinn, en einnig þessi horn voru ekkert mál.


Hér þarf að veita burðarhjálp – lambið kemur augljóslega afturábak, klaufirnar snúa öfugt.



Mikilvægt er að þekkja réttu orðin – ekki síst þegar erlent starfsfólk kemur.

# Burðarhjálp

Eins og margir vita, settu Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð og Axel Kárason, dýralæknir í Sólheimum, upp úr 2019 á fót ítarleg leiðbeiningarmyndbönd í kringum burðarhjálp og sauðburð. Margir bændur um landið allt sendu myndefni í gegnum árin auk þeirra myndbanda sem Karólína tók á mismunandi bæjum í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslum – þannig að um sannkallað samstarfsverkefni sauðfjárbændasamfélags er að ræða. Myndböndin eru öllum opin á Youtube-rásinni „Leiðbeiningar um burðarhjálp“ og helstu leiðbeiningarnar eru einnig aðgengilegar á ensku og á þýsku (sjá kassa).

Mikilvægur þáttur flestra myndbanda eru lambalíkön í raunstærð og raunveruleg mjaðmagrind, sem Axel notar til að útskýra hvað er að gerast inni í kindinni á meðan burðarhjálp er veitt. Þrjár mismunandi lambastærðir, þar af eitt hrútlamb með stór horn, eru í boði. Sérstaklega flókið burðarvandamál er snúið leg – til að lýsa hjálparaðferðinni sem best, bjuggu félagarnir jafnvel til „leghálslíkan“ úr vatnsrör og sokk sem þjónaði tilgangInum vel.

Nýlega bættist eitt myndband við um sérstaka aðferð, sem hentar vel þegar hausinn kemst ekki í gegnum grindina ef fæturnIr fylgja með eins og venjulega. Ástæður geta verið stór horn, stór haus, stórt lamb og/eða á sama tíma þröng grind. Í þessu tilfelli eru bönd fest á fótunum, fæturnir settir aftur inn fyrir grindina, þá er hausinn sóttur á undan fótunum og síðan fæturnir sóttir hvor eftir annan með hjálp bandanna – þar sem hálsinn er talsvert mjórri en hausinn er núna nóg pláss. Á þennan hátt er álagið bæði á lambið og ána miklu minna og í þó nokkrum tilfellum er meira að segja hægt að gera keisaraskurð óþarfan, sem hefði annars verið eina lausnin. En aðferðin krefst sérstakrar varúðar, því böndin mega alls ekki hrökkva fram af og einnig þarf að gæta vel að fæturnir skaðist ekki eða að þeir skaði leghálsinn.


Jónatan kom afturábak og er með stór horn, sem betur fór gekk burðurinn samt vel, en getur annars valdið miklum örðugleikum. Myndir / KE

Samtals eru núna 24 myndbönd á íslensku í boði, líka um önnur góð ráð t.d. til að venja undir, til að setja inn magaslöngu eða til að koma líflitlum lömbum af stað. Auk þess koma öll helstu atriðin fram í sérstökum útgáfum á ensku og á þýsku til að auðvelda erlendu aðstoðarfólki vinnuna sína (sjá kassa).

**Mökkur sæðingahrútur: lambalitir**

Eitt enn sem tengist sauðburði. Flestir bændur skrá liti lambanna strax við merkingu. Síðan 2024 hefur rannsóknarverkefni um kolótta og gula litinn verið í gangi í samstarfi við Gesine Lühken, prófessor í Þýskalandi. Mökkur frá Teigi 1, kolóttur sæðingahrútur, var talsvert notaður í vetur – ómetanlegt tækifæri til að ná umfangsmiklum gögnum til að fá vísbendingar hvernig kolótti liturinn erfist. Bændur eru þess vegna hvattir sérstaklega til þess að skrá liti allra lamba undan Mekki með nákvæmt litanúmer í staðinn fyrir að nota litanúmer 10. Við skráningu skiptir engu máli hvort lambið sé kolótt sjálft eða hvítt, gult eða jafnvel mislitt – allar slíkar upplýsingar nýtast í rannsóknina.

*Höfundur er Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð*

## Myndbönd um burðarhjálp

Hér finnast myndbönd um burðarhjálp:
tinyurl.com/saudburdarhjalp (íslenska)
tinyurl.com/lambing-assistance (enska)
tinyurl.com/schafgeburtshilfe (þýska)

Nýjasta myndbandið finnst hér:
tinyurl.com/hausinn


Sólrún með Morgunsól Jónatansdóttur - sem er kollótt og passlega stór, burðurinn gekk vel




HMS
Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Fiskeldi á landi við Hauganes í Eyjafirði, Dalvíkurbyggð

Laxós hefur lagt fram matsáætlun til HMS vegna umhverfismats landeldisstöðvar norðan við Hauganes við Eyjafjörð.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en 13. maí 2026

Heimilisfriður

Meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis
Fáðu hjálp og breyttu lífi þínu og þinna
s. 555 3020 heimilisfridur@salfraedistofan.is
www.heimilisfridur.is

# Nýir búvörusamningar verða að taka á bili milli framleiðslukostnaðar og tekna í mjólkurframleiðslu


Sigurbjörg Ottesen.

Mjólkurframleiðsla á Íslandi stendur á tímamótum. Á bak við hvert mjólkurglas, hverja sneið af osti og hverja skyrdós stendur mikil vinna bænda sem að sinna búum sínum allan sólarhringinn, alla daga ársins. Vinnan byggir á ábyrgð, þekkingu og mikilli fjárfestingu. Staðreyndin er sú að víða hefur myndast vaxandi bil milli raunverulegs framleiðslukostnaðar og þeirra tekna sem mjólkurframleiðendur hafa af framleiðslunni. Það bil verður að brúa í nýjum búvörusamningum.

Undanfarin ár hefur rekstrarkostnaður og fjárbinding í greininni aukist hratt. Verð á raforku, áburði, fóðri og olíu, ásamt öðrum nauðsynlegum aðföngum til búrekstrar hafa hækkað verulega. Þá hefur vaxtastig einnig þyngt rekstur margra bænda, sérstaklega þeirra sem hafa ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar til að bæta aðbúnað, auka sjálfvirkni eða uppfylla kröfur varðandi umhverfi og dýravelferð. Að ógleymdum þeim bændum sem að nýlega hafa komið inn í greinina, með tilheyrandi lántöku, sem fylgir nýliðun í landbúnaði. Á sama tíma hafa tekjur bænda ekki fylgt þessari þróun nægilega eftir.

Mikilvægt er að byggja ákvarðanir á raunverulegum gögnum og rekstrartölum. Innan Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) hefur verið unnið að rekstrargreiningum og afkomuverkefnum sem varpa frekara ljósi á stöðu búgreina, kostnaðarþróun og rekstrarskilyrði bænda. Slík vinna er lykillinn að því að stjórnvöld og samningsaðilar geti tekið upplýstar ákvarðanir – sem ekki eru byggðar á tilfinningunni heldur staðreyndum.

Þegar misræmi, líkt og tíundað er hér að ofan, varir lengi hefur það alvarlegar afleiðingar enda dregur það úr getu bænda til að viðhalda búum sínum, endurnýja tækjakost, fjárfesta í nýrri tækni og tryggja kynslóðaskipti í greininni. Ungt fólk sem hefur áhuga á búskap horfir eðlilega til þess hvort hægt sé að byggja framtíð og lífsviðurværi á greininni. Ef afkoman er of veik þá fækkar þeim óhjákvæmilega sem að leggja í þá vegferð að taka við búum.

Þetta snýst ekki aðeins um hag bænda heldur fæðuöryggi þjóðarinnar. Innlend mjólkurframleiðsla er hornsteinn matvælaframleiðslu í landinu. Hún tryggir aðgengi landsmanna að ferskum og heilnæmum matvælum sem framleiddar eru við ströng skilyrði og eftirlit. Ef undirstaða greinarinnar veikist verður samfélagið háðara innflutningi og berskjaldaðra gagnvart sveiflum á erlendum mörkuðum.

Nýir búvörusamningar verða því að byggja á raunveruleikanum. Þar þarf að horfast í augu við þróun kostnaðar síðustu ára og tryggja að greiðslukerfi og verðlagsforsendur taki mið af henni. Rekstrargreiningar og afkomutölur frá fagaðilum eins og RML eiga að vera grunnur samningaviðræðna. Samningar sem horfa fram hjá rekstrarstöðu bænda eru ekki framtíðarsamningar heldur einfaldlega frestun á vanda sem aðeins mun magnast.

Jafnframt þarf að skapa stöðugleika og fyrirsjáanleika. Bændur taka ákvarðanir til marga ára í senn enda eru fjárfestingar í fjósum og öðrum byggingum, vélum og öðrum búnaði kostnaðarsamar og endurgreiðast á löngum tíma. Til að slíkar ákvarðanir séu skynsamlegar þarf skýrt rekstrarumhverfi þar sem tekjugrundvöllur stendur undir skuldbindingum. Slíkt á við um allar búgreinar.

Einnig er mikilvægt að samningarnir umbuni framþróun. Bændur sem leggja áherslu á hagkvæmni, sjálfbærni, bættan aðbúnað dýra og tækninýjungar eiga að finna fyrir því í kerfinu. Þannig styrkjum við bæði samkeppnishæfni greinarinnar og samfélagslegt gildi hennar.

Íslenskir mjólkurframleiðendur hafa sýnt í verki seiglu og ábyrgð. Þeir hafa haldið uppi framleiðslu við erfiðar aðstæður og brugðist við sífellt meiri kröfum frá stjórnvöldum og samfélaginu. Nú er komið að stjórnvöldum að sýna sama skilning og ábyrgð.

Nýir búvörusamningar mega ekki innihalda fullt af innantómum fögrum orðum á blaði um íslenskan landbúnað. Samningarnir verða að vera raunverulegt verkfæri til að jafna bilið milli framleiðslukostnaðar og tekna, byggja á traustum rekstrargögnum og tryggja afkomu bænda og um leið framtíð íslenskrar mjólkurframleiðslu. Það er ekki aðeins hagsmunamál bænda – heldur þjóðarinnar allrar.

*Höfundur er formaður Nautgripabænda BÍ og stjórnarmaður BÍ.*








SEGWAY AT6L fjórhjól




#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2025*

570cc - 44 hestöfl - 48Nm tog
14” Beadlock felgur - 26” dekk
**1.599.000 með vsk.**

**Öll Segway fjórhjólin eru tveggja manna og götuskráð** (T3 dráttarvél), með læsanleg mismunadrif framan og aftan, rafmagnsstýri og tengingu við app í síma, með dráttarkúlu og spili, handahlífum og sætisbaki.

**Til á lager og til afgreiðslu strax!**

HESJA

**Hafnarfjörður:** Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**
nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**

*Skv. skráningartölum Samgöngustofu fyrir árið 2025 eru Segway AT6 mest skráðu 501-600cc fjórhjólin.

# Suðurland orku og tækifæra


Dóra Björk Þrándardóttir.


Sveinn Aðalsteinsson.



Á þeim tæpu 6 árum sem Orkídea hefur starfað á Suðurlandi hefur góður árangur náðst. Þetta nýsköpunarverkefni, sem sett var á laggirnar af Landsvirkjun ásamt Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur frá upphafi haft það markmið að stuðla að þróun orkutengdrar matvælaframleiðslu og hringrásarhagkerfis á Suðurlandi. Árið 2023 bættist svo umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið við þéttan hóp bakhjarla. Orkídea hefur komið að ýmsum góðum verkefnum ólíkra aðila og gengið vel að sækja fjármagn úr innlendum sem erlendum sjóðum. Orkídea og samstarfsfyrirtæki hafa t.d. fengið um milljarð króna í styrki frá Evrópusambandinu fyrir tvö ESB verkefni sem fjallað er um síðar í þessari grein.

### Súrefni samfélagsins

Raforka gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og samkeppnishæfni þess. Það er sannarlega súrefni samfélagsins. Ný tækifæri skjóta sífellt upp kollinum, t.d. innan matvælaiðnaðar, svo sem í þörungarækt, landeldi og hátæknigróðurhúsum. Samkeppnishæfni er ekki einungis metin fyrir einstaka atvinnugrein eða landshluta, heldur einnig fyrir Ísland í heild. Við sækjum á alþjóðlega markaði og erum á margan hátt í góðri stöðu til að sækja og styðja við fjölskrúðugan hátækniiðnað.

Suðurland hefur lengi verið sá landshluti þar sem mest er unnið af raforku en þar hefur nýting hennar hins vegar ekki verið mikil. Hér hefur hins vegar breyting orðið á. Frá árinu 2023 hafa tveir stórnotendur raforku hafið starfsemi á svæðinu, þ.e. landeldisfyrirtækin First Water í Þorlákshöfn og Laxey í Vestmannaeyjum. Ljóst er að starfsemi sem þessi er mikil lyftistöng fyrir viðkomandi sveitarfélög en ekki síður fyrir Suðurland og landið í heild. Áætlað er að heildarfjárfesting þessara tveggja fyrirtækja til næstu 10 ára verði upp undir 200 milljarðar króna og að þau skapi samtals um 400 ný störf.

Á sama tíma stefnir Landsvirkjun að aukinni raforkuvinnslu í landshlutanum. Stærstu verkefnin eru fyrsta vindorkuver landsins við Vaðöldu, auk Hvammsvirkjunar og stækkunar á Sigöldustöð. Þá eru einnig á dagskrá ýmis stækkunar- og aflaukningarverkefni, bæði á Þjórsársvæði og í Soginu. Ljóst er að ef þessi áform ganga eftir verður fjárfesting Landsvirkjunar umtalsverð á svæðinu á næstunni.

Aukin orkuvinnsla kallar á öflugra flutningskerfi. Ýmis stór verkefni eru í farvatninu hjá Landsneti og má þar helst nefna nýja sæstrengi til Vestmannaeyja, nýjar tengingar við Þorlákshöfn og endurnýjun á tengivirki í Sigöldu.

### Lífgas og áburður

Staðbundin lífgas- og áburðarvinnsla er þekkt tækni í landbúnaði erlendis. Aukinn áhugi er meðal kúabænda og garðyrkjubænda á Suðurlandi á þessari tækni sem felur í sér gerjun á lífrænum straumum landbúnaðar og garðyrkju í því skyni að nýta næringu og orku frá þeim sem best.

Orkídea tekur þátt í tveimur ESB verkefnum sem hverfast um þessa tækni, þ.e. Value4Farm og Terraforming LIFE, með íslenskum og erlendum aðilum, þ. á m. landeldisfyrirtækinu First Water í Þorlákshöfn. Markmiðið er aukin hringrás næringarefna í landbúnaði og staðbundin orkuframleiðsla og -nýting. Næstu ár munu leiða í ljós spennandi árangur af þessum verkefnum.

### Garðyrkja sækir í sig veðrið

Landeldið er sannarlega ekki eina dæmið um nýsköpun og stórhuga matvælaframleiðslu. Garðyrkjubændur í Reykholti stækkuðu stöðvar sínar þegar Covid faraldurinn stóð sem hæst og má ætla að fjárfestingin hlaupi á milljörðum króna.

Á síðasta ári beitti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sér fyrir auknum styrkjum úr Loftslags- og orkusjóði til garðyrkjubænda til að flýta fyrir LED lampavæðingu ylræktar. Garðyrkjubændur gátu þá fengið 40% stofnstyrk til útskipta á eldri lömpum með nýrri orkusparandi LED tækni sem sparar hverju garðyrkjubýli milljónir króna árlega í rafmagnskostnaði.

### Meiri jarðhiti

Sveitarfélög á Suðurlandi hafa einnig sett mikið fé í leit að jarðhita og mörg fengið til þess styrki úr Loftslags- og orkusjóði. Selfossveitur hafa t.d. borað nokkrar holur sem hafa gefið töluvert af heitu vatni. Kostnaður við hverja holu er um 1-2 milljarðar króna.

Fleiri sveitarfélög á Suðurlandi áætla aukna leit að heitu vatni, t.d. Mýrdalshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður, sem nýtir nýlega fengið vatn úr holum við Hoffell í nágrenni Hafnar í Hornafirði.

### Allir vegir færir

Hér hefur verið stiklað mjög á stóru en þó er ljóst að kraftur, vilji og átak sunnlenskra sveitarfélaga og fyrirtækja varða veginn að grænni framtíð Suðurlands og blæs aukinni matvælaframleiðslu byr í seglin. Suðurland er matarkista og samkeppnishæfni landshlutans byggir á endurnýjanlegri orku.

Við þurfum því að halda áfram að byggja upp vistvæna orkukosti og innviði raforku og byggja upp fjölbreytt iðnaðartækifæri af framsýni og metnaði. Ef svo heldur fram sem horfir eru íbúum Suðurlands allir vegir færir.

*Dóra Björk er nýsköpunarstjóri hjá Landsvirkjun og Sveinn er framkvæmdastjóri Orkídeu.*






# Jörð.is og vorverkin



Borgar Páll Bragason.

Jafnt og þétt er unnið að því að gera úrbætur á Jörð.is til að mæta þörfum bænda og kröfum lögbundins jarðræktarskýrsluhalds. Þessar úrbætur tengjast því viðmóti sem bændur sjá og vinna með, en einnig úrbætur sem tengjast vinnsluhraða forritsins og gagnaöryggi sem notendur verða minna varir við.

Stórt skref var tekið þegar forritið var gert farsímavænt haustið 2023 sem gerði það raunhæfara fyrir bændur að skrá jarðræktarskýrsluhaldið jafnóðum. Fyrir tæpu ári kom síðan fyrsta útgáfa af mælaborði, en markmiðið er að þróa það enn frekar þannig að skýrsluhaldsgögnin nýtist sem best sem bústjórnartæki.

Í samstarfi við Efnagreiningu ehf sem efnagreinir m.a. hey- og jarðvegssýni fyrir bændur þá eru niðurstöðurnar gerðar aðgengilegar fyrir viðkomandi bændur, jafnóðum eftir greiningu. Á árinu 2025 voru þetta niðurstöður 2064 heysýna og 411 jarðvegssýna. Bændur þurfa sjálfir að tengja niðurstöður sýnanna við tilteknar spildur þar sem það á við og með þeim hætti er hægt að setja í samhengi upplýsingar um m.a. áburðargjöf og upplýsingar um efnainnihald heyja og jarðvegs.

Margar smávægilegar úrbætur hafa verið gerðar undanfarnar vikur sem einkum tengjast því að auka skilvirkni í skráningum og bæta við skráningarmöguleikum. Ekki verður farið sérstaklega yfir allar þessar úrbætur hér en notendur geta lesið meira um það í Jörð.is. Sérstök athygli er þó vakin á því að núna er hægt að skrá þegar heimaræktað sáðkorn er notað í kornrækt. Þetta er gert í samvinnu með atvinnuvegaráðuneytinu og með það að markmiði að fá yfirlit yfir notkun heimaræktaðs sáðkorns til að geta lagt mat á mikilvægi tiltekins sáðvöruframboðs, eftir misgóð kornræktarár.

Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að búið er að endurbæta




möguleika sem tengjast nýtingu á kortum og loftmyndum. Einkum snýr þetta að því að núna er hægt að skoða áburðaráætlanir á loftmynd þar sem túnin eru skilgreind með mismunandi litum eftir því hvaða áburðartegund áætlað er að nota. Einnig er hægt að sjá upplýsingar um fjölda sekkja á hverja spildu og fleiri praktískar upplýsingar sem nýtast við áburðardreifinguna. Það er hægt að tengja staðsetningu símans og/eða tölvunnar við kortið og þannig er hægt að sjá á hvaða spildu verið er að vinna á hverju sinni.

Ástæða er til að minna á að gæði gagna ráðast mikið til af því hvort skráningar eru gerðar jafnóðum eða hvort beðið er með þær fram á síðustu stundu. Miklir framtíðarmöguleikar felast í því að nýta skýrsluhaldsgögn jarðræktar í meira mæli við bústjórn og þá meðal annars til leiðbeininga við val á sáðvöru og magni og tegund áburðar. Rangar upplýsingar geta hæglega leitt okkur af leið í þeim efnum. Það er því til mikils að vinna, bæði í verklegum framkvæmdum og í skráningum.

*Höfundur er fagstjóri rekstrar- og umhverfissviðs RML.*

**Bændablaðið**
**kemur næst út 14. maí**









# Henda þarf fleiri hundruð tonnum af íslenskum kartöflum


Jón Helgi Helgason.

Eftir gott uppskeruár 2025 í kartöflurækt hefur sala á íslenskum kartöflum ekki haldið velli og stefnir í að farga þurfi fleiri hundruð tonnum af íslenskum kartöflum á landsvísu í vor. Þessi staða er uppi eingöngu vegna innflutnings á erlendum kartöflum. Þrátt fyrir vitneskju þeirra birgja sem standa að innflutningi á kartöflum um miklar birgðir á íslenskum kartöflum síðasta haust hafa þeir haldið uppteknum hætti og bætt enn í innflutning á erlendum kartöflum.

Magntollar halda illa enda eru þeir óbreyttir frá því þeir voru settir eða 60 kr. á kílóið. Sem dæmi má nefna að árið 2000 var magntollur um 62% af innflutningskostnaði (CIF+magntollur) en árið 2024 var þetta hlutfall komið niður í 18%. Hafi tollur á ferskum kartöflum haldið í við vísitölu neysluverðs bara frá árinu 2000 ætti hann að vera rúmar 200 kr. á kílóið í dag og enn meira ef litið er til launavísitölu.

Mikið er flutt inn af bökunarkartöflum > 65 mm eða að meðaltali um 2.500 tonn á ári, enda bera þær engan toll og hefur borið á því að þessar bökunar-kartöflur smækki allverulega á leiðinni til landsins til að forðast tolla á hefðbundnar matarkartöflur. Það er ekki mikið mál fyrir íslenska framleiðendur að rækta kartöflur í bökunarstærð en það er engin hvatning meðan hægt er að flytja hana inn tollfrjálsa. Að sama skapi hefur þessi leið verið hvati fyrir innflytjendur að beygja reglurnar sér í hag og greiða þá ekki tolla fyrir innfluttar kartöflur. Því er nauðsynlegt að leiðrétta tollskráningu fyrir bökunarkartöflur.

Ef marka má opinber gögn Tollsins um verð og innflutning á ferskum kartöflum hefur innflutningsverðmæti verið að meðaltali um 530 milljónir síðast iðin ár fyrir utan tolla og önnur gjöld. Magntollur hefur skilað ríkissjóði um 50 milljónum árlega en nú hefur almennur tollur á kartöflum (30%) verið felldur úr gildi milli íslands og ESB en hann hefði skilað ríkissjóði að meðaltali tæplega 40 milljónum króna árlega. Hefði magntollur verið verðbættur með vísitölu neysluverðs hefði hann skilað a.m.k. 150 milljónum að meðaltali síðustu árin. Sú ákvörðun stjórnvalda að fella út tollinn er alls ekki til þess gerð að minnka verðbólgu hér á landi.

Þegar tölur um innflutning á ferskum kartöflum eru skoðaðar má sjá að frá ágúst 2024 til febrúar 2025 nam hlutfall innfluttra kílóa af kartöflum af heildaruppskeru af íslenskum kartöflum um 3,9% en haustið 2024 var mikill uppskerubrestur eða aðeins um 5.500 tonn. En fyrir sama tímabil ári síðar nemur hlutfallið 4,1% og þá höfum við met ár í uppskeru uppá tæplega 8.300 tonn. Þetta sýnir glögglega hvert þróunin er að stefna, hækkun uppá 5,2% milli ára og þurfa ráðherrar að bregðast skjótt við núna svo ekki þurfi að henda miklu magni af íslenskum kartöflum. Bent skal á að fyrir sama tímabil 2023-2025 var hlutfallið 2,1% enda þokkaleg uppskera haustið 2023 eða um 7.300 tonn.


Mynd / Markus Spiske

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Seðlabankans að stemma stigu við verðbólgu og ákvarðanir og tilmæli stjórnvalda um að halda að sér höndum og bæta vöruskiptajöfnuð hafa birgjar haldið sínu striki í óþarfa innflutningi m.a. á kartöflum. Það er ekki að sjá nein gild rök fyrir þessum gjörningi annað en það að græða sem mest sjálfir. Þetta hefur ekki lækkað vöruverð á kartöflum til neytenda en á sama tíma hjálpað til við að auka verðbólguna.

### Tollagluggi

Í lok árs 2020 hafði skapast mikil umræða um skort á ýmsu grænmeti og vænta mátti að sumarið 2021 yrði mögulegur skortur á kartöflum. Ólafur Stephensen fór mikinn um þessi mál í fjölmiðlum og barðist fyrir Félag atvinnurekenda að láta fella niður tolla í takmarkaðan tíma, oft kallaður tollagluggi, á kartöflum. Mikil pressa var lögð á Bændasamtökin í kjölfar þessa um að opna fyrir tollagluggann í júlí 2021 sem var á endanum samþykkt en sú samþykkt átti þá einungis við fyrir árið 2021. Ráðherra bætir þessu inn í svokallaðan bandorm við fjárlög strax á eftir. Ólafur heldur áfram að berjast fyrir þessum málstað árin á eftir og sannfærir ráðherra um að þetta hafi gefist svo vel að ákveðið var að halda þessu áfram burtséð hvort það var góð uppskera eða ekki og án umræðu við Bændasamtökin. Þessi tollagluggi er enn í bandorminum fyrir 2026 þrátt fyrir metuppskeru haustið 2025. Það tók mörg ár að ná að loka fyrir þennan tollaglugga vegna þess að hægt var að sýna fram á að verðlag á erlendum kartöflum lækkaði ekkert á meðan honum stóð og fór þá tollkostnaður beint í vasa innflytjandans en ekki neytenda. Það er greinilegt að Félag atvinnurekenda vill drepa landbúnaðinn með einu og öllu til að fyrirtækin sem standa að félaginu nái að græða sem mest því ekki er þetta gert fyrir neytandann. Það eru léleg vinnubrögð hjá ráðuneyti að hafa ekki mikilvægan hagsmunaaðila, þ.e. Bændasamtökin, með í þessum ákvörðunum.

Ef þessi þróun heldur svona áfram óbreytt mun íslensk kartöflurækt leggjast af. Ég skora á atvinnuvegaráðherra og fjármálaráðherra að taka þetta mál föstum tökum með því að endurskoða tolla og setja á frekari takmarkanir og eftirlit með innflutningi á kartöflum meðan nægar birgðir eru til í landinu. Stjórnvöld hafa sýnt vilja í að ná árangri í umhverfismálum, hvernig væri þá að hefta óþarfa innflutning á erlendum kartöflum með tilheyrandi kolefnisspori og efla frekari ræktun og nýtingu á framræstu landi? Ræktun á íslenskum kartöflum skilar að jafnaði um 12-15 tonnum af mat á disk neytenda fyrir hvern ræktaðan hektara samanborið við 210-240 kg af lambakjöti ef miðað er við túnrækt.

Bregðist stjórnvöld ekki skjótt við þessum vanda eru þau að senda þau skilaboð að þeim sé alveg sama um íslenska landbúnaðinn, tilbúin að kasta á glæ íslenskum fjármunum og leyfa óheft gjaldeyriskaup fyrir óþarfa innflutning.

Íslensk kartölurækt er ein sú vistvænsta í Evrópu og því eftirsóknarvert fyrir íslenska neytendur að henni verði haldið áfram hér á landi. Það þarf ekki að leita lengra aftur en á Covid tímabilið þegar flutningsleiðir frá Evrópu takmörkuðust að þá jókst eftirspurn eftir íslenskum kartöflum þar sem á tímabili var erfitt að flytja inn vörur. Það er nauðsynlegt fyrir íslensku þjóðina að tryggja fæðuöryggi og vera sjálfbær í framleiðslu á kartöflum því við vitum aldrei hvenær flutningsleiðir lokast, heimsfaraldur eða styrjöld breiðast út. Þá er ekki gott að vera búinn að drepa íslenska bóndann!

*Höfundur er kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafirði.*




Klippur og beygjuvélar





Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél
Vír og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstar.**
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
**Björgvin Guðjónsson**
búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

# Aðild að ESB mundi rústa íslenskum landbúnaði



Guðni Ágústsson.

Utanríkismálanefnd Alþingis bað undirritaðan um umsögn um hvort halda beri áfram viðræðum við Evrópusambandið um aðild. Umsögn mína byggði ég á gögnum sem unnin voru í landbúnaðartíð minni í samvinnu við Bændasamtökin.

**Árið 2005 skipaði ég, þá landbúnaðarráðherra, nefnd þriggja sérfróðra manna sem skyldu vinna sviðsmyndir um hugsanlega framtíð íslensks landbúnaðar og dreifbýlis. Skýrslan Sveitalíf 2025 leit dagsins ljós árið 2007. Í henni voru jafnframt dregnar upp myndir um þróun landbúnaðarins ef Ísland gengi í ESB. Það var ófögur sýn svo ekki sé fastar að orði kveðið. Gert var ráð fyrir aðild Íslands að ESB árið 2012 og rýnt í mögulega framvindu á næstu 13 árum þaðan í frá, eða fram til ársins 2025.**

Samkvæmt skýrslunni myndi mjólkurframleiðendum fækka hratt. Árið 2012 yrðu þeir um fjögur hundruð talsins, árið 2018, einungis sex árum síðar, hefði þeim fækkað um 75% og yrðu aðeins eitt hundrað talsins og árið 2025 yrðu mjólkurframleiðslubú þjóðarinnar einungis tuttugu. Afdrif sauðfjárbænda yrðu enn alvarlegri að mati skýrsluhöfunda og áætluðu þeir að sauðfjárbændur yrðu einungs 150 árið 2017. Einnig töldu skýrsluhöfundar að svína- og alifuglarækt yrði með öllu horfin úr landinu árið 2019. Á heildina litið töldu þeir að árið 2025 hefði hefðbundinn búskapur að stórum hluta til horfið og víða með öllu lagst af. Jafnframt komust þeir að þeirri niðurstöðu að fimmta hver bújörð á Íslandi yrði komin í eigu erlendra fyrirtækja og fjárfestingarsjóða tíu árum eftir inngöngu í ESB 2022.

Þessi nöturlega framtíðarsýn kemur vel heim og saman við reynslu granna okkar í Finnlandi og Svíþjóð af aðild að sambandinu síðustu árin. Þrátt fyrir umfangsmikil framlög finnska ríkisins til viðbótar því sem rennur til bænda úr sjóðum Evrópusambandsins er talið að framleiðslu búvara norðan 62. breiddargráðu hafi dregist hið minnsta saman um 20-30% frá aðild og jafnframt orðið fábreyttari eins og íslenska sviðsmyndin gerir ráð fyrir. Í Norður-Svíþjóð hefur landbúnaðarframleiðslan dregist enn meira saman. Í báðum tilvikum hafa afleiðingar verið miklar og búum fækkað verulega.

Nefndin skilaði skýrri sýn sem byggir á einföldum hagfræðilögmálum. Við opnun markaða lækkar verð til bænda og við það breytist rekstrarumhverfi landbúnaðarins verulega. Þegar verð til bænda lækkar niður fyrir framleiðslukostnað hættir framleiðsla að vera hagkvæm. Í slíkri stöðu duga styrkir ekki til að halda framleiðslu gangandi ef þeir eru ekki bundnir við framleiðsluna sjálfa. Þó bændur fái greiðslur „út á land“ eða „umhverfistengdar greiðslur“ breytir það ekki þeirri staðreynd að framleiðslan sjálf borgar sig ekki. Afleiðingin er einföld: Framleiðslan dregst saman eða leggst jafnvel af.

Í þessu sambandi verður að undirstrika að stór hluti þeirra greiðslna sem renna úr sjóðum Evrópusambandsins til bænda byggir að verulegu leyti á slíkum greiðslum, m.a. í svonefndum vistkerfisáætlunum (e. eco-schemes). Þær eru því háðar því að bændur taki að sér verkefni í þágu umhverfis- og loftslagsmála. Bændur innan ESB kvarta að auki yfir því að skriffinnskan sem fylgir þessum nýju kröfum sé orðin yfirþyrmandi og að fjárhagslegur stuðningur vegi engan veginn upp á móti auknum framleiðslukostnaði og minni uppskeru.

Ég mun svo birta hinn hluta greinargerðar minnar í næsta Bændablaði sem nefnist stöndum vörð um íslensku búfjárkynin.

*Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.*




## Lambheldu hliðgrindurnar

Vinsælu og ódýru hliðgrindurnar komnar aftur. Takmarkað magn.
**Verð frá kr. 31.900 auk vsk. ef keyptar eru 5 grindur eða fleiri.**
Athugið ódýrar lamir, aðeins kr. 4.400 auk vsk. Heilt sett, lamir og loka.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10x15 cm.

**Verðskrá:** **1 stk. kr. 36.200 auk vsk.**
**2-4 stk. kr. 34.900 auk vsk.**
**5 stk eða fleiri kr. 31.900 auk vsk.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundhaöfn án aukakostnaðar.
Sent hvert á land sem er.
**Upplýsingar og pantanir í símum 669-1336 og 899-1776.**

AURASEL
Meira fyrir aurinn

FALLEG OG NÁTTÚRULEG



Borðbekkir

info@utihusgogn.is

## Útihúsgögn.is

Úti allt árið

ALVÖRU HANDSMÍÐUÐ TRÉHÚSGÖGN

STERK OG STÖÐUG GÆÐAVARA

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Gistiheimili og hótel

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



Garðbekkir



Borðsett 4-12 manna



Hringborð – plankar

Landsvirkjun

**Áætlað er að næturflutningar fyrir Vaðölduver hefjist aðfararnótt 7. maí.**

Tímabundnar lokanir verða á vegum.

Fylgstu með á
**landsvirkjun.is**

## KÁLFAFÓSTRUR

URBAN ALMA PRO

Við erum farin að huga að pöntunum fyrir haustið!

Kálfafóstran frá Urban hefur reynst okkur gríðarlega vel í gegnum árin.

- Allt að 4 klefar (100 kálfar)
- Snertiskjár
- Góð yfirsýn yfir hjörðina
- Sjálfvirkur þvottabúnaður








VERÐ FRÁ: 2.190.000 kr. + vsk.*

Verð miðast við einn klefa og 20 hálsbönd, EUR 144

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

# Ný sveitarstjórnarlög

## – fyrri hluti


Eyjólfur Ármannsson.

Ég mælti nýlega fyrir frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga. Megintilgangur þess er að styrkja og styðja við sveitarstjórnarstigið, og tryggja að sveitarfélög séu öflug, sjálfbær og geti tekist á við verkefni sín og tryggt íbúum faglega og skilvirka grunnþjónustu.

Frumvarpið á sér langan aðdraganda og er ætlað að fylgja eftir áherslum Alþingis, sem fram koma í þingsályktunum um stefnumótandi áætlanir í málefnum sveitarfélaga frá 2020 og 2024. Alþingi samþykkti þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga 2024-2038, og að skerpa ætti á reglum sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga og setja skýrari reglur um byggðasamlög, m.a. hvað varðar stjórnskipulag og lýðræðislegt umboð, reglur um framsal á valdi, reikningshald, skipulag og lýðræðislegt umboð, reglur um framsal á valdi og fleira.

Í frumvarpinu er brugðist við ábendingum frá umboðsmanni Alþingis, kjörnum fulltrúum, starfsmönnum sveitarfélaga og íbúum um atriði sem lagfæra má við framkvæmd sveitarstjórnarlaga.

Vinna við frumvarpsgerðina stóð yfir um alllangt skeið og fór fram í góðu samráði við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga.


Mynd / Job Savelsberg

### Fjármálakafli endurskoðaður

Fjármálakafli laganna er tekinn til heildarendurskoðunar. Markmiðið er að styðja við fjárhagslegan grundvöll sveitarfélaga og auka sjálfbærni þeirra.

Markmiðið er að styrkja fjárhagslegan grundvöll sveitarfélaga og samræma ákveðna þætti í fjármálastjórn ríkis og sveitarfélaga. Tillögurnar endurspegla þróun í opinberri fjármálastjórn á sl. ár, m.a. með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Helstu breytingar snúa að því að sveitarfélögum ber að setja sér fjármálastefnu og fjármálaáætlun til 5 ára í stað fjárhagsáætlunar til fjögurra ára.

Auknar kröfur eru gerðar til fjármálastjórnar sveitarfélaga. Lagt er til að meginfjármálareglur laganna, þ.e. jafnvægisreglan og skuldareglan, nái bæði til A-hluta sérstaklega og til A- og B-hluta saman. Í reikningsskilum er lögð til skýrari flokkun, meðal annars með stofnun nýs C-hluta. Skerpt er á öðrum reglum sem snúa að ábyrgri fjármálastjórn sveitarfélaga.

### Fjárhagslegt áhrifamat

Sveitarfélög hafa undanfarin ár bent á að nauðsynlegt sé að skapa lagaramma til að leysa úr ágreiningi ríkis og sveitarfélaga um áhrif sem frumvörp og stjórnvaldsfyrirmæli hafa á fjárhag þeirra.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 129. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga um fjárhagslegt mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa, reglugerða og stefnumótandi ákvarðana stjórnvalda á sveitarfélög. Verði breytingarnar lögfestar eru meiri líkur á árangursríkri innleiðingu nýrra laga og reglna sem varða sveitarfélög. Einnig að þær muni draga úr ágreiningi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni og stuðla að skilvirkari fjárhagslegri sjálfstjórn sveitarfélaga.

### Samvinna sveitarfélaga

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að skerpa á ákvæðum um samvinnu sveitarfélaga. Skilgreina á betur hlutverk og stöðu landshlutasamtaka og setja skýrari ramma um önnur samvinnuform, það er byggðasamlög, og þegar eitt sveitarfélag tekur yfir verkefni annars sveitarfélags.

Hefð er fyrir samstarfi sveitarfélaga á Íslandi en ljóst að slík samvinna hefur bæði kosti og galla. Samstarf sveitarfélaga er oft nauðsynlegt vegna smæðar þeirra og saman geta þau oft leyst verkefni með hagkvæmari hætti.

Samvinna sveitarfélaga hefur almennt þann galla að þá er framkvæmd verkefnis tekin úr höndum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum og færð öðrum. Þannig getur orðið rof á umboðskeðju kjósenda til kjörinna fulltrúa eða hún lengd umfram það sem eðlilegt er, þegar kjörin sveitarstjórn fer með umsjón verkefnis og tekur með beinum hætti ábyrgð á því gagnvart kjósendum á fjögurra ára fresti.

Helstu tillögur snúa að því að æðsta vald í byggðasamlagi verði




Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

aðalfundur aðildarsveitarfélaga sem halda skal árlega.

Þar munu allir kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaganna hafa að lágmarki málfrelsi og tillögurétt. Þetta tryggir beina aðkomu minnihlutafulltrúa og eykur gagnsæi í stjórnsýslu þeirra.

Hin grundvallarbreytingin á reglum um samstarf sveitarfélaga felst í að kostnaðarskipting sveitarfélaga skuli að meginreglu byggja á raunkostnaði verkefnis í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þessi regla tryggir sanngirni í samvinnu sveitarfélaga og kemur í veg fyrir að eitt sveitarfélag niðurgreiði þjónustu fyrir annað, sem getur hamlað eðlilegri þróun sveitarstjórnarstigsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að hlutverk landshlutasamtakanna verði skýrt og þau skilgreind sem félagasamtök, þ.e. hagsmunaaðilar, en ekki stjórnvöld. Meginreglan verður að ekki verði heimilt að framselja vald til þeirra til að taka stjórnvaldsákvarðanir nema í ákveðnum undantekningartilvikum.

**Frumkvæði að sameiningum**

Í frumvarpinu er lagt til að frumkvæði að sameiningum geti verið í höndum íbúanna sjálfra. Með því er reynt að taka á svokölluðum umboðsvanda sem er þekkt vandamál víða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 10% kosningabærra íbúa geti krafist sameiningarviðræðna við annað sveitarfélag. Sveitarstjórn þess sveitarfélags getur hafnað kröfu um sameiningarviðræður en þá geta 10% íbúar þess sveitarfélags krafist þess að gengið verði til sameiningarviðræðna.

Þetta gildir einnig um íbúa stærri sveitarfélaga, sem geta krafist formlegs álits á stöðu sveitarfélagsins. Í báðum tilvikum lyki ferlinu með almennum sameiningarkosningum.

Með þessu er valdið fært frá einstaka sveitarstjórnarmönnum og beint til íbúanna.

**Tillögur sem efla traust almennings**

Í frumvarpinu eru tillögur sem stuðla að því að efla traust almennings á stjórnsýslu sveitarfélaga. Hér má nefna að:

- Sveitarstjórnum verður skylt að setja reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum og trúnaðarstörfum kjörinna fulltrúa, framkvæmdastjóra og æðstu stjórnenda. Á sama hátt verður gildissvið siðareglna víkkað þannig að þær taki einnig til æðstu stjórnenda.
- Lagt er til að lögfest verði sú mikilvæga en óskráða regla sveitarstjórnarréttar, að auglýsa skuli opinberlega úthlutun sveitarfélags á takmörkuðum gæðum, eins og lóðum, fasteignum, styrkjum o.fl. Þetta er grundvallaratriði til að auka jafnræði og gagnsæi.
- Skerpt er á upplýsingaskyldu sveitarfélaga til íbúa. Sveitarfélögum ber til dæmis að upplýsa um mál og áætlanir á meðan þau eru til meðferðar, en ekki bíða þar til ákvörðun hefur verið tekin.

**Breytingar á eftirliti ráðherra**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennu eftirliti ráðherra með stjórnsýslu sveitarfélaga. Markmiðið er að tryggja skilvirkara og markvissara eftirlit þar sem þess er þörf.

- Helsta breytingin verður að staðfestingarhlutverk ráðherra með samþykktum og samvinnusamningum sveitarfélaga er fellt niður og öðlast slíkar samþykktir og samningar þess í stað gildi við birtingu þeirra í stjórnartíðindum.

Ráðherra fær í staðinn skýra heimild til að grípa inn í og fella úr gildi einstök ákvæði í samþykktum eða samningum sem augljóslega brjóta í bága við lög. Tilgangurinn með þessari breytingu er að einfalda stjórnsýslu stjórnvalda og efla frumkvæðiseftirlit ráðherra.

- Almennt stjórnsýslueftirlit ráðherra með sveitarfélögum er skýrt nánar. Lagt er einnig til að hægt verði að koma ábendingum til ráðuneytisins sem verða bundnar þagnarskyldu.
- Það nýmæli er lagt til að ráðherra hafi heimild til að leggja stjórnvaldssekt á sveitarfélag vegna mjög alvarlegrar og ítrekaðar vanrækslu sveitarfélags á lögbundnum skyldum sínum og ekki er hægt að grípa til annara úrræða til að tryggja að stjórnsýsla sveitarfélags sé í samræmi við lög.
- Til að styrkja eftirlit með fjármálum eru reikningsskila- og upplýsinganefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sameinaðar í eina nefnd: Eftirlitsnefnd með fjármálum og reikningsskilum sveitarfélaga. Þannig verður eftirlitið skilvirkara og heildaryfirsýn betri.

**Umbætur innan sveitarstjórnar**

Í frumvarpinu eru fleiri úrbætur um atriði sem betur mættu fara. Eru það reglur um fundi sveitarstjórna, upplýsingarétt kjörinna fulltrúa, og málsmeðferð sveitarfélags vegna mögulegs vanhæfis kjörins fulltrúa í meðferð og afgreiðslu máls, auk fleiri nauðsynlegra breytinga á lögunum.

Í seinni hluta fjalla ég um framtíð sveitarstjórnarstigsins og mikilvægi þess að sveitarfélög séu öflugar stjórnsýslueiningar og hafi burði til að sinna lögbundnum skyldum sínum á sem hagkvæmasta hátt íbúum sínum til hagsbóta.

*Höfundur er innviðaráðherra.*


# Skipulagsauglýsing

## Deiliskipulag Brjánslækur 1

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:*

Innan svæðisins verði heimilt að reisa 11 hús til gistingar, hvert um sig á bilinu 40-100 m$^2$, auk eins þjónustuhúss allt að 150 m$^2$ að stærð. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er samtals 1.000 m$^2$.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með **24. apríl til 5. júní 2026** og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is sem og undir málsnúmeri 429/2026 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til **5. júní 2026.** Skila skal athugasemdum undir málsnúmerinu 429/2026 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707 Gámatjöld






Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

# Staðlar í sveitinni – einfaldari leið að betri rekstri



Haukur Logi Jóhannsson.



Mynd / Martti Salmi

Það er eitthvað næstum broslegt við tilhugsunina um staðla í íslenskum landbúnaði. Orðið kallar fram myndir af skrifstofum, möppum og flóknum kerfum sem virðast eiga lítið skylt við lífið í sveitinni, þar sem dagurinn hefst snemma, verkefnin eru fjölbreytt og tíminn er dýrmætur. En sú mynd er villandi. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að staðlar eru ekki aðskotahlutur heldur hluti af veruleikanum sem bændur þekkja vel, þó þeir noti önnur orð yfir hann.

Bændur hafa alla tíð byggt rekstur sinn á því sem virkar. Reynslan kennir hvað skilar árangri og hvað ekki, og með tímanum mótast verklag sem er endurtekið af öryggi og festu. Þegar ákveðin aðferð við fóðrun skilar stöðugri nytum, þegar tímasetning sláttar skiptir sköpum fyrir gæði heysins eða þegar viðbrögð við veikindum í búfé eru mótuð af áralangri þekkingu, þá er í raun verið að fylgja staðlaðri hugsun. Þetta eru ekki tilviljanir heldur niðurstöður sem hafa verið prófaðar aftur og aftur þar til þær verða sjálfsagðar.

Formlegir staðlar ganga út á nákvæmlega þetta, nema í stærra samhengi. Þeir safna saman reynslu margra, víða að úr heiminum, og setja hana fram á skýran hátt svo aðrir geti nýtt sér hana. Í stað þess að hver og einn þurfi að læra allt frá grunni er hægt að byggja á því sem hefur þegar reynst vel. Fyrir bónda sem stendur frammi fyrir sífellt flóknari kröfum í rekstri getur þetta verið dýrmætur stuðningur, ef nálgunin er rétt.

Það er nefnilega ekki raunhæft að ætlast til þess að bændur taki upp heildstæð kerfi eða innleiði staðla í þeirri mynd sem stór fyrirtæki gera. Slíkt krefst bæði tíma og sérfræðiþekkingar sem fæstir hafa svigrúm til að sinna. En það er heldur ekki nauðsynlegt. Staðlar nýtast best þegar þeir eru nýttir sem verkfæri í daglegu starfi, í litlum skrefum sem bæta reksturinn án þess að flækja hann.

Í mjólkurframleiðslu má sjá þetta skýrt. Þar skiptir samræmi miklu máli fyrir gæði afurðanna og þar með afkomu búsins. Margir bændur hafa þróað með sér verklag sem tryggir hreinlæti og stöðugleika í framleiðslunni. Þegar slíkt verklag er skoðað í ljósi viðurkenndra viðmiða sem byggja á stöðlum má oft fínstilla það enn frekar. Litlar breytingar í verklagi geta skilað sér í betri nýtingu, minni sóun og jafnari gæðum, sem að lokum hefur bein áhrif á tekjur.

Svipuð tækifæri eru í jarðrækt. Áburðarnotkun hefur lengi byggst á reynslu og innsæi, en með því að styðjast við einföld viðmið um skráningar og mat á jarðvegi má fá skýrari mynd af því hvað raunverulega skilar árangri. Slík nálgun getur dregið úr óþarfa kostnaði og um leið minnkað álag á landið. Það sem áður var gert af vana verður meðvitaðra og markvissara.

Í skógrækt og landnýtingu blasir við svipuð mynd. Þar skipta langtímaáhrif máli og ákvarðanir sem teknar eru í dag móta landið til áratuga. Með því að nýta leiðbeiningar og viðmið sem byggja á stöðlum má tryggja að tekið sé tillit til fleiri þátta en áður, til dæmis líffræðilegrar fjölbreytni og jarðvegsverndar. Þetta er ekki viðbótarálag heldur leið til að styrkja þann grunn sem reksturinn byggir á.

Á sama tíma eru nýjar kröfur að ryðja sér til rúms. Neytendur vilja vita meira um uppruna afurða, markaðir gera auknar kröfur um rekjanleika og sjálfbærni, og umræðan um loftslagsmál hefur áhrif á alla virðiskeðjuna. Í þessu samhengi geta staðlar einfaldað flókið landslag. Þeir skapa sameiginlegt tungumál sem auðveldar samskipti og eykur trúverðugleika án þess að krefjast þess að hver og einn finni upp eigin lausnir.

Það sem kemur mörgum á óvart er að staðlar geta í raun sparað tíma. Þeir eru oft tengdir hugmyndum um aukna pappírsvinnu, en þegar vel tekst til er áhrifin öfug. Með því að styðjast við lausnir sem hafa þegar verið prófaðar má komast hraðar að niðurstöðu og forðast mistök sem annars gætu kostað bæði tíma og fjármuni. Þetta er einföld hagræðing sem felst í því að nýta þekkingu annarra.

Í grunninn snýst þetta ekki um að breyta bændum í skrifstofufólk eða leggja á þá nýjar byrðar. Þvert á móti snýst þetta um að styrkja það sem þeir gera nú þegar vel. Staðlar eru ekki fjötrar heldur verkfæri sem hægt er að grípa til þegar þörf krefur, hvort sem það er til að bæta verklag, mæta nýjum kröfum eða undirbúa reksturinn fyrir framtíðina.

Sveitin stendur föstum fótum í hefðinni, en hefðin þýðir ekki endilega kyrrstaða. Hún þróast með hverri kynslóð, með hverri ákvörðun og með hverju tímabili. Í þeirri þróun geta staðlar verið hljóðlátur en öflugur bandamaður, ekki sem skylda heldur sem valkostur fyrir þá sem vilja nýta sér þekkingu sem hefur þegar verið mótuð.

Og kannski er það einfaldasta niðurstaðan. Bændur þurfa ekki að leita langt til að finna staðla. Þeir hafa lengi unnið eftir þeim. Munurinn er sá að nú stendur þeim til boða að nýta enn meira af þeirri sameiginlegu reynslu sem liggur að baki þeim, á sínum eigin forsendum og á sínum eigin hraða.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Íslenskum stöðlum.*






Bændablaðið
www.bbl.is

Land og skógur



Skógarplöntur í dreifingarstöð á Vöglum í Fnjóskadal. Mynd / Pétur Halldórsson

# Umhirða skógarplantna sem bíða gróðursetningar



Rakel J. Jónsdóttir.

Nú nálgast vorið og skógarfólk fer að huga að því að taka á móti plöntum til nýgróðursetningar. Skógarplöntur eru í raun viðkvæm vara sem þarf að hlúa vel að eigi árangur gróðursetningar að skila sér. Eftir því sem þeim er sýnd meiri natni með daglegri vöktun, því meiri líkur eru á að þær haldi gæðum sínum og að affölllum eftir gróðursetningu frekar afstýrt.

**Flutningur**. Í fyrsta lagi þarf að huga að því að flytja skógarplöntur alltaf í lokuðu rými. Við flutning á opinni kerru verða plöntur fyrir gríðarmikilli útgufun úr barri eða laufi, svo mikilli að það getur stórskaðað smávaxnar plöntur, jafnvel þó leiðin sé stutt.

**Undirlag**. Ef plöntur í bökkum þurfa að bíða gróðursetningar þarf að koma þeim fyrir á skjólgóðum stað á sléttu og hörðu undirlagi. Raða á bökkunum þétt saman svo útgufun frá þeim verði sem minnst. Ef loftar undir eða á milli bakkanna vegna ósléttss undirlags eykst útgufun, auk þess sem vatn rennur þá af þeim í stað þess að síga niður í rótarhnausana. Gott er að nota timburplanka til þess að verja kanta á bakkabreiðunni því þar þorna plöntuhnausarnir fyrst.

**Staðsetning**. Betra er að staðsetja bakkaplöntur í skugga, fremur en að hafa þær sunnan undir vegg þar sem sólarinngeislun er mest. Í skugga dregur úr vökvunarþörf en þó ætti aldrei að geyma plöntur í útihúsi eða skemmu því dagsbirtan er plöntum nauðsynleg til orkusöfnunar.

**Vökvunarþörf.** Til þess að meta hvenær skuli vökva er best að handfjatla rótarhnausa plantnanna. Ef rótarhnaus er kreistur létt og vatn rennur úr honum er ekki þörf á að vökva. Sé rótarhnaus hins vegar léttur og þurr viðkomu er ráðlegt að vökva. Gott er að byrja á að meta raka í hnausum næst kanti bakkabreiðunnar og meta svo þá sem eru innar, því stundum þarf bara að vökva kanta breiðunnar. Þá má nota stút framan á slöngu til þess að vökva kantinn en sleppa því að láta úðarann ganga yfir alla bakkabreiðuna. Rata þarf gullinn meðalveg í vökvuninni því hægt er að vökva of mikið og of oft. Best er ef lauf og barr fær að þorna milli þess sem vökvað er því þá er minni hætta á því að grámygla nái sér á strik. Hún þrífst best í hita og raka.

**Vökvun.** Best er að nota vökvunarúðara sem dreifir vatni jafnt yfir til þess að tryggja að raki sé í lagi á allri bakkabreiðunni. Huga þarf að vindátt áður en byrjað er að vökva og staðsetja vökvunarúðarann með tilliti þess. Nota svo sömu aðferð og lýst er hér að ofan til þess að metaa hvenær búið er að vökva nóg. Kreista nokkra rótarhnausa létt og ef dropar úr þeim er búið að vökva nóg.

Dagleg **vöktun**. Best er að gróðursetja plöntur sem allra fyrst eftir afhendingu en á meðan þær bíða gróðursetningar verður að huga að þeim á hverjum degi, sérstaklega þegar sólríkt er, og hafa í huga að þó að smáskúrir komi annað slagið er það mögulega ekki nóg til þess að væta vel í bökkunum.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*





## Fisléttu fjárgrindurnar

Ótrúlega léttar og liprar. Hægt að krækja saman án aukahluta.
Stærð 180 x 100 cm. Þéttari bil í neðri hluta.

**Verð kr. 11.900 auk vsk. ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri.**
**Verð 1 stk. kr. 13.900 auk vsk.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar.
Sent hvert á land sem er.

**Pantanir og upplýsingar í símum 899-1776 og 669-1336.**

AURASEL
Meira fyrir aurinn

## Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

## Segðu **BLESS** við óværuna!




YKKAR
pest control
**BANINN SEM VIRKAR**
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

## DIAMOND
## LÍFRÆN SKÓLPHREINSISTÖÐ

Einföld, áreiðanleg og fyrirferðalítil

IÐNVER
Sími 517 2220 | www.idnver.is



# Æðarrækt og fuglatilskipun Evrópusambandsins



Erna Bjarnadóttir.

Æðarrækt hefur lengi þótt ein göfugasta búgrein sem stunduð er á Íslandi. Saman fer sjálfbær nýting á æðardún sem ella færi forgörðum og bændur láta fuglunum í té vernd fyrir vargi og aðstoð við hreiðurgerð. Þannig byggir æðardúntekja á reglubundinni umgengni við hreiður villtra fugla á varptíma og í mörgum tilvikum samfelldri viðveru mannsins til að vernda fuglinn fyrir rándýrum. Samkvæmt fuglatilskipun Evrópusambandsins er hins vegar óheimilt að raska hreiðrum og trufla fugla á þessum tíma, nema sérstök undanþága sé veitt.

Spurningin sem vaknar er því einföld: fellur æðardúntekja innan þess ramma sem Evrópusambandið heimilar?



Mynd / Wikipedia

### Æðurinn er villtur fugl

Fuglatilskipun Evrópusambandsins (2009/147/EB) byggir á almennri vernd villtra fugla. Í 5. grein hennar er lagt bann við að raska hreiðrum og að trufla fugla, sérstaklega á varptíma, ef slík truflun getur haft áhrif á varp. Spurningin um hvort nýting æðardúns sé heimil innan regluverks ESB er því ekki almenn, heldur lagaleg: Fellur slík umgengni við hreiður æðarfugla undir það sem tilskipunin skilgreinir sem óheimila truflun, eða undir heimilaða nýtingu samkvæmt undanþáguákvæðum hennar? Óumdeilt er að hér er um að ræða villta fugla sem falla undir tilskipunina.

### Engin augljós sambærileg dæmi

Innan Evrópusambandsins er að finna dæmi um nýtingu villtra fugla, svo sem eggjatöku á afmörkuðum svæðum, veiðar á sjófuglum og skotveiðar af bátum.

Slík starfsemi er þó almennt bundin við veiðar á fullorðnum fuglum, skýrt afmörkuð tímabil og svæði og fellur innan þess ramma sem tilskipunin heimilar eða undanþágur hafa verið veittar fyrir.

Æðardúntekja er augljóslega annars eðlis. Hún byggir á reglubundinni umgengni við hreiður villtra fugla á varptíma og tengist þannig beint þeim aðstæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt tilskipuninni.

Erfitt er að finna nákvæmlega sambærileg dæmi innan Evrópusambandsins.

### Undanþágur – en á hvaða forsendum?

Fuglatilskipunin gerir ráð fyrir undanþágum til skynsamlegrar nýtingar fugla. Samkvæmt 9. grein er heimilt að víkja frá verndarákvæðum hennar, en þessi heimild er skilyrt og á aðeins við ef:

- engin önnur fullnægjandi lausn er til,
- nýtingin er í takmörkuðum mæli,
- og hún fer fram undir ströngu eftirliti.

Þá ber aðildarríkjum að skila reglulegum skýrslum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um beitingu slíkra undanþága. Undanþágur eru því ekki frjálst samningsatriði heldur hluti af regluverki sem Evrópusambandið skilgreinir og hefur eftirlit með.

### Undanþága eða ósamrýmanleiki?

Af framansögðu leiðir að spurningin er hvort æðardúntekja fellur innan þess ramma sem Evrópusambandið er tilbúið að samþykkja sem undanþágu frá eigin verndarreglum? Sé svarið já þarf einnig að koma fram: við hvaða skilyrði, til hversu langs tíma og undir hvers konar eftirliti?

En jafnframt vaknar önnur spurning, sem hefur bein áhrif á starfsemina sjálfa:

Ef æðarrækt fellur ekki innan þessa ramma myndi það, við aðild Íslands að Evrópusambandinu, kalla á breytingar á framkvæmd hennar – og eftir atvikum leiða til þess að dúntekja yrði takmörkuð eða aflögð í núverandi mynd. Það er því ástæða til að spyrja skýrt áður en lengra er haldið:

Hvaða svigrúm er í raun til staðar fyrir æðarrækt innan regluverks Evrópusambandsins?

*Höfundur er hagfræðingur.*






Mynd / Wikipedia

# Þétting byggðar og grænu svæðin í Kópavogi



Beitir Ólafsson.

Við hjá Miðflokknum teljum að vanda þurfi til verka þegar kemur að þéttingu byggðar, skoða hana af skynsemi svo hún komi ekki niður á innviðum, grunnþjónustu, íþróttastarfi, heilsugæslu og íbúum. Stoppa þarf aðför að grænum svæðum innan sveitarfélagsins, auka viðhald og varðveislu þeirra í þágu íbúa.

Þéttingarstefna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er eitthvað sem við erum öll orðin vör við. Þéttingu byggðar hefur verið teflt fram óspart í sveitarstjórnarpólitík sem lausn á vandamálum innan sveitarfélagsins. Þétting byggðar er sögð eiga að laga húsnæðisvandann og oft talin hagkvæmur kostur þegar kemur að uppbyggingu sveitarfélags vegna auðveldrar tengingar við veitukerfi, skóla, leikskóla og við samgöngur. Allt hljómar þetta eins og sinfónía í eyrum hins almenna borgara þegar þetta er sett upp með þessu móti, en er þetta raunin?

Hvaða raunverulegu áhrif hefur illa ígrunduð þétting byggðar á íbúa sveitarfélagsins og hvað sjáum við hafa raungerst?

Lóðir á þéttingarreitum eru alla jafna mjög dýrar sem skilar sér í hærra fasteigna- og leiguverði. Fjárhagslegir hagsmunir ráða oft ríkjum þegar skipulag og uppbygging hefst á þéttingarreitum. Vegna þess hve dýrar lóðirnar eru, svarar ekki kostnaði fyrir byggingaraðila að byggja hagkvæmar og lágreistar byggingar. Verktökum er í raun nauðugur einn kostur að hámarka fjölda íbúða og þá verður niðurstaðan oftar en ekki sú að byggja háreistar byggingar og þéttleikinn verður mikill. Þennan vítahring getur bara sveitarfélagið rofið.

Bílastæði svarar ekki þörfum íbúa, skuggavarp er meira og algengt er orðið að dagsbirtu og sólarljósi inn í íbúðir sé ábótavant. Þétting byggðar í grónum hverfum eykur umferðar- og hljóðmengun sem hefur verulega neikvæð áhrif á lýðheilsu íbúa.

Skólar og leikskólar svara ekki kalli þéttingarstefnu sveitarfélaganna. Börn komast ekki að í leikskóla sökum plássleysis og algengara er orðið að systkini fá ekki pláss í sama leikskóla. Skólabörnum er úthýst í tímabundnum úrræðum/útihúsum á skólalóð og sum hver jafnvel misst bókasafnið innan skólans undir kennslustofu vegna aðstöðuleysis. Með tilkomu útihúsanna er orðin veruleg skerðing á útileiksvæði barnanna. Nemendahópar í hverjum bekk eru orðnir of stórir vegna skorts á aðstöðu og miklar byrðar og aukið álag á kennara.

Íþróttir og tómstundir eiga undir högg að sækja vegna þéttingarstefnu sveitarfélaga. Fjöldinn orðinn of mikill í sumum íþróttagreinum og komnir eru biðlistar. Ráða þarf inn fleira starfsfólk, auka þarf viðhald á innviðum og tækjabúnaði hjá félögum sem skilar sér í hærri iðgjöldum til iðkenda. Með hærri iðgjöldum skapast ójöfnuður og hvati til stéttaskiptingar innan sveitarfélagsins.

Grænu svæðin þarf að varðveita og viðhalda innan sveitarfélagsins og mega þau ekki víkja fyrir þéttingarstefnunni. Mikilvægi grænu svæðanna eru oft virt að vettugi þegar kemur að þéttingu byggðar og skipulagningu nýrra hverfa. Græn svæði innan sveitarfélags eru mikilvæg þegar kemur að lýðheilsu fólks, fólk leitar í þau til útiveru og samveru sem skilar sér í bættri sálrænni og félagslegri líðan. Einnig stuðla græn svæði innan þéttbýlis að bættum loftgæðum og draga úr hávaða og skjóli gagnvart vindi. Tryggja þarf aðgengi íbúa að grænum svæðum svo þeir njóti góðs af.

*Höfundur býður sig fram í 3. sæti á lista fyrir Miðflokkinn í Kópavogi í komandi sveitarstjórnarkosningum.*

**Bændablaðið kemur næst út**
**14. maí**

# Æðarbændur kynna fullunnar vörur

## – Fáðu þér kríu á Hótel Holti

**Vöruhönnuðir þróa nú fullunnar vörur úr eigin dúni og kynna nýtt vörumerki á HönnunarMars.**

Æður er nýtt vörumerki sem Studio Erindrekar kynna á Hótel Holti á HönnunarMars sem fram fer víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu dagana 6. – 10. maí. Erindrekarnir eru Íris Indriðadóttir og Signý Jónsdóttir en þær eru vöruhönnuðir og æðarbændur.

### Æður er nýtt vörumerki

Íris og Signý hafa sinnt æðarbúskap í Skálanesi í Seyðisfirði undanfarin ár ásamt Sigrúnu og Pétri sem stundað hafa æðarrækt í Skálanesi og á Melrakkasléttu í fjöldamörg ár.

Markmið Írisar og Signýjar er að fullvinna vörur úr dúninum sínum til að auka verðmætasköpun innanlands. Þær bjóða gestum að skoða vörur sínar og nýja vörumerkið, Æður, inni á hótelherberjum Holtsins á HönnunarMars. Ætlun þeirra er að veita andartakinu á milli svefns og vöku sérstaka athygli og huga að miðdegislúrnum, enda fátt betra í annríki dagsins en smá kría. Viðburðurinn fer fram föstudaginn 8. maí og laugardaginn 9. maí frá 12–17.

### Verðmætt hráefni

Þekking almennings á æðardúni er takmörkuð og fáir sem lúra undir íslenskri æðardúnssæng. Ákveðin dulúð ríkir yfir æðarbúskap en æðarfuglinn var fyrstur fugla til að vera friðaður.

Æðarræktarfélag hefur verið starfrækt á Íslandi frá 1969 og er æðarrækt stunduð um nánast allt land að Suðurlandsundirlendinu undanskildu. Sambýli manna og æðarfugla er sérlega fallegt og gagnkvæmt traust myndast þeirra á milli. Fuglarnir leita í mannfólkið og njóta samlífisins og verndarinnar sem í því felst.

Landbúnaðarháskóli Íslands menntar fólk í dúnmati en sala á dúni er samkvæmt lögum háð vottun og gæðamati sem byggir alfarið á skynjun dúnmatsmannsins sem skoðar dúninn, finnur af honum ilminn, hlustar á hann og snertir. Rúmlega þrjú tonn af æðardúni eru unnin á Íslandi ár hvert en stærstur hluti hans er fluttur úr landi. */eks*




**Nýja vörumerkið Æður verður kynnt á HönnunarMars**
Mynd / Signý Jónsdóttir

## Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis í Rangárþingi ytra - Búrfellslína 1 og 3

***Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 4. mgr. 13. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000, sbr. einnig 4. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021,* er hér auglýst útgáfa framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við Búrfellslínu 1 og 3:**

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum þann 15. apríl 2026 útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við uppbyggingu tilfærslu á Búrfellslínu 1, tímabundna hækkun á Búrfellslínu 3 vegna tengingar flutningskerfisins við Hvammsvirkjun og færslu Búrfellslínu 1 frá stíflumannvirkjum ásamt nýju tengivirki.

**Framkvæmdin tekur til eftirfarandi þátta:**

- Niðurrif núverandi mastra: Fjarlægja þarf 6 möstur í núverandi línu, þ.e. möstur 38-43, bæði möstur meðtalin. Við niðurrif verða möstrin felld í heilu lagi, bútuð niður, flutt í burtu og málmurinn sendur í endurvinnslu. Til verksins verða notaðar sömu vinnuvélar og þarf við reisingu nýrra mastra sem sett verða upp í kjölfarið.Á framkvæmdatíma verða reist 6 timburmöstur sem standa tímabundið og flytja raforku fram hjá framkvæmdasvæðinu og tryggja virkni flutningskerfisins á meðan á framkvæmdum stendur. Timburmöstrin verða fjarlægð að framkvæmdum loknum.

- Uppsetning á nýjum möstrum: Reist verða 7 ný möstur auk tveggja ramma sem taka á móti línunni og tengja við tengivirkið. Fjögur mastranna verða M- burðarmöstur úr stálgrind, 23,6–25,8 m á hæð, og þrjú þeirra fjórfótungsmöstur, 16 – 44 m á hæð. Þverslá eða brú í burðarmöstrum er 20 m löng.

- Slóðagerð: Línuvegir fylgja núverandi línum og munu aðkomu- og vinnuvegir vegna Hvammsvirkjunar nýtast við framkvæmdirnar.
  Út frá þessum vegum þarf að gera nýja aðkomuslóða að nokkrum nýjum möstrum.
  Alls eru nýir slóðar að möstrum um 450 m innan Rangárþings Ytra.

Fætur burðarmastra munu standa á forsteyptum undirstöðum og stög halda möstrunum í skorðum. Við jörð tengjast stög við stagfestur, ýmist steyptar staghellur eða bergbolta. Til að koma undirstöðum og stagfestum fyrir þarf að grafa, fleyga, sprengja eða bora.

Fyrir undirstöður mastra er gert ráð fyrir að grafnar verði 2 m djúpar holur að stærð 2,5 x 3,0 m. Þar sem klöpp er við yfirborð er fleygað 1,0 – 1,5 m niður í klöppina og forsteyptri undirstöðu komið fyrir eða bergboltar festir ofan í klöppina og undirstaða steypt utan um þá. Þegar undirstöðum mastra og stagfestum hefur verið komið fyrir þarf að fylla að þeim með burðarhæfu efni. Uppgrafið efni verður nýtt að eins miklu leyti og mögulegt er.

Áætluð efnisþörf framkvæmdanna er um 6.500 m3 og er það einkum efni í línuslóða að möstrum, mastraplön og undirstöður mastra. Ekki verða opnaðar nýjar námur fyrir þessa framkvæmd heldur verður efnið fengið úr námum í nágrenninu sem hafa tilskilin leyfi.

Framkvæmdaleyfið tekur til þeirra framkvæmda við Búrfellslínu 1 og 3 sem fyrirhugaðar eru innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra á vegum Landsnets skv. framangreindu.
Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir byggingarleyfisskyldum mannvirkjum innan framkvæmdarsvæðisins í samræmi við lög um mannvirki *nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.*

Framkvæmdaleyfið nær til framkvæmda sem er nánar lýst í umsókn framkvæmdaaðila, greinargerð framkvæmdaaðila og öðrum fylgiskjölum umsóknar sem nálgast má hér: https://skipulagsgatt.is/issues/2026/466 Á meðal fylgigagna umsóknarinnar er álit Skipulagsstofnunar frá 12. mars 2018 um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi matsskýrsla uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Leyfið er bundið við þau skilyrði og mótvægisaðgerðir sem fram koma í greinargerð sveitarstjórnar *skv. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,* sem er aðgengileg hér:
https://www.ry.is/is/skipulag-og-framkvaemdir-1/skipulags-og-byggingamal/skipulagsmal-til-kynningar
Nánari umfjöllun og upplýsingar um framkvæmdina má nálgast á vefsíðunum www.skipulagsgatt.is og https://www.landsvirkjun.is/hvammsvirkjun.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 1 mánuður frá því að auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfisins birtist í Lögbirtingablaði.
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.uua.is.

**Fh. Rangárþings ytra,**
**Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi**



ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN



Laxárlundur 3, Aðaldalshrauni.


Um er að ræða vandaðan og fallegan sumarbústað, samtals 89,2 fm., á leigulóð í landi Laxamýrar í Aðaldal.
Eingöngu 10 mínúta akstur frá Húsavík
Tvisvar hefur verið byggt við bústaðinn og skiptist hann í forstofu, stofu, eldhús, borðstofu, herbergi, geymslu, svefnherbergisgang, tvö svefnherbergi og baðherbergi.
Tæplega 30 fm. svefnloft er yfir stofu og eldhúsi.
Verð kr. 44.900.000.
Allar nánari upplýsingar gefur Tryggvi Gunnarsson löggiltur fasteignasali á Eignaver fasteignasölu
Netfang: tryggvi@eignaver.is eða í síma 862-7919



Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla





## Sagnaþáttur:

# Sveinn Pálsson

Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Eitt af því sem einkennir vora tíma er að flest fyrirbrigði á jörðinni eiga sér einkennandi dag. Oft eru þessir dagar hafðir í flimtingum, dagur pödduhræddra er kannski gott dæmi, en þeir geta líka riðið baggamuninn þegar hvetja skal almenning til góðra verka. Einn af dögunum í opinberu almanaki okkar Íslendinga er „Dagur umhverfisins“ sem hvert ár ber upp á 25. apríl. Haldið var upp á hann formlega fyrst á tíunda áratug síðustu aldar og veitt viðurkenning þeim til handa sem þóttu hafa unnið umhverfinu gagn á einhvern hátt. Þessi dagur er þó ekki sami dagur og alþjóðlegur dagur umhverfisins eða „Jarðardagurinn“ sem fagnað er um víða veröld og mikið er látið með víða, en í ár bar þann dag upp á 22. apríl. Komið var svo á laggirnar Degi íslenskrar náttúru sem ber upp á afmælisdag Ómars Ragnarssonar, 16. september, og hefur sá dagur smám saman rutt öðrum umhverfisdögum til hliðar.



Smalað í Mýrdalnum þar sem Sveinn Pálsson bjó í Syðri-Vík síðustu áratugi ævi sinnar og var þá fjórðungslæknir í Sunnlendingafjórðungi vestanverðum. Mynd / smh

### Fyrsti náttúrufræðingurinn

Dagur umhverfisins var á sínum tíma settur á fót til að minnast fyrsta Íslendingsins sem lauk eiginlegu náttúrufræðiprófi við æðri menntastofnun og gat titlað sig náttúrufræðing, Sveins Pálssonar. Sveinn fæddist 25. apríl árið 1762 og lagði stund á náttúrufræði og læknisfræði í Kaupmannahöfn árin 1786 til 1791. Sveinn lauk prófi í náttúrufræði frá nýstofnuðu náttúrufræðifélagi í Kaupmannahöfn, Naturhistorie Selskabet, vorið 1791, og var einn sá fyrsti til að gera slíkt.

Hann lauk hins vegar ekki prófi frá skurðlæknaskólanum í Kaupmannahöfn, Chirurgiske akademie, þrátt fyrir að hafa stundað það nám í þrjú ár sem átti eftir að draga dilk á eftir sér. Áður en Sveinn hélt til Kaupmannahafnar sumarið 1786 hafði hann numið til lækninga í Nesi við Seltjörn hjá þáverandi landlækni, Jóni Sveinssyni, og var fyrsti nemandi hans og raunar sá eini framan af. Þessi háttur á að mennta lækna hafði komist á í tíð fyrsta landlæknisins, Bjarna Pálssonar, þess sem ferðaðist um landið með Eggerti Ólafssyni og safnaði efni í Ferðabók þeirra félaga. Með því að mennta lækna hér heima var hugsunin að bæta ástandið í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Læknar útskrifuðust úr skóla Bjarna og urðu fjórðungslæknar og þannig var í það minnsta einn menntaður læknir í hverjum landshluta.

Sveinn hafði útskrifast úr Hólaskóla 1782 og nam síðan læknislistina í Nesi árin 1783 til 1786. Á námstímanum í Nesi var honum „hent út í djúpu laugina“ eins og nú er sagt. Hann er eiginlega farinn að stunda sjúklinga óðar og hann mætti á staðinn og þar sem Jón landlæknir var löngum að heiman féll á Svein að vitja sjúklinga hingað og þangað, einkum á svæðinu næst Nesi, þar sem nú er höfuðborgarsvæðið og nærsveitir. Hann lærði því til læknis með því einfaldlega að hitta sjúklinga og hlusta á hvað var að þeim og ráða svo bót á kvillunum í samráði við lærimeistara sinn. En um leið var hann þegar farinn að kynna sér vísindalega þekkingu að baki fræðigreininni. Þetta einkenndi Svein alla tíð, áhugi á fræðum annars vegar og svo mikil áhersla á praktískt starf, praktískt starf sem varð á stundum gríðarlega viðamikið.

### Náttúra Íslands

Nafnbót sína sem náttúrufræðingur öðlaðist Sveinn fyrst og fremst fyrir rannsóknarleiðangra sína um Ísland sem hann fór í á vegum vísindafélagsins sem hann hafði lært hjá í Kaupmannhöfn, Naturhistorie Selskapet. Að prófi loknu hjá félaginu 1791 hlaut hann styrk til að fara til Íslands í því skyni að rannsaka náttúru landsins og var boðsbréf hans svo umfangsmikið að ekki er að sjá að nokkrum hefði getað tekist að uppfylla allt sem þar var fyrir lagt nema kannski Guði almáttugum. Eins og öllum sem ferðuðust um landið á 18. öld var Sveini ætlað að finna það úr ríki náttúrunnar sem væri gagnlegt og sem stjórnvöld í Kaupmannahöfn gætu nýtt til að auka tekjur og byggja upp atvinnuvegi.

Á næstu árum reyndi Sveinn hvað hann gat að rannsaka landið en margt varð honum andstætt þar, ekki síst vond vor sem urðu til þess að hross voru ekki nægilega vel á sig komin til að geta borið menn og búnað um landið þvert og endilangt. Þurfti þá að bíða þess að tíðin batnaði svo klárarnir hefðu braggast nóg. Þó tókst Sveini að rannsaka sérstaklega suðurhluta landsins og svæðið næst Vatnajökli sem og Vesturland. Hann náði að „fara hringinn“ sumarið 1795 og frétti betur en menn höfðu áður af því hvernig landið var við norðanverðan Vatnajökul.

En danska náttúrufræðifélagið studdi Svein þegar upp var staðið báglega. Kröfurnar um það sem hann átti að skila af sér voru miklar en aðstaða hans til rannsókna ákaflega bágborin. Eggert Ólafsson fékk aðstöðu til þess að vinna úr niðurstöðum þeirra Bjarna og gefa þær út á bók sem varð að meiriháttar heimild um Ísland, náttúru landsins og íbúa þess. Sveinn varð hins vegar að láta af verki sínu áður en það var að fullu unnið. Það sem hann hafði komist að var geymt í handritum sem ekki voru gefin út og þar ber án efa hæst kenningu hans um hegðun skriðjökla, að þeir runnu undan eigin þunga eins og „tjara“, en ekki vegna einhverra dularfullra jarðarkrafta. Þetta var nokkuð sem almennt varð ljóst þegar kom fram á 19. öld af því að rannsaka hegðun Alpajökla, en var nokkuð sem vísindamenn voru fyrst að byrja að skilja um þetta leyti. Þetta áttaði Sveinn sig á af því að fylgjast með jöklum, að ganga á þá og horfa á hegðun þeirra, eins og hann gerði til að mynda í ágúst 1794 þegar hann gekk á Öræfajökul fyrstur manna og kom upp á gígbrún eldstöðvarinnar og horfði yfir ísflæmið. Hann varð hins vegar ekki kunnur af uppgötvun sinni alþjóðlega og þetta varð almennt ekki vitað fyrr en undir lok 19. aldar þegar Þorvaldur Thoroddsen fjallaði um sögu landkönnunar Íslands.



Sveinn Pálsson.

### Stöðugt að starfa

Sveinn Pálsson bjó í Syðri-Vík í Mýrdal síðustu áratugi ævi sinnar og var þá fjórðungslæknir í Sunnlendingafjórðungi vestanverðum. Hann gegndi því læknisstörfum í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og um skeið sinnti hann líka Vestmannaeyjum en var afar oft kallaður til læknisstarfa utan héraðsins, einkum í Austur-Skaftafellssýslu og svo á höfðingjasetrunum við Faxaflóa þar sem hann stundaði fólk sem hann vildi eiga að. Þetta var gríðarlega erfitt starf. Í bréfum sínum og dagbókum minnist Sveinn annað slagið á hve úrvinda hann er, að hann hafi „legið í dái“ af svefnleysi og örmögnun, en hann var stöðugt á ferð, fram og til baka um svæðið sem hann þjónaði og fólk kvaddi hann til sín út af mjög fjölbreyttum kvillum.

Stundum gremst honum það og í bréfi til hreppstjóra í Holtum árið 1801 skrifar hann í nánast örvæntingu yfir kvabbinu, að hann sé kvaddur af stað án þess að vita hvað ami að viðkomandi: „Manneskjan kann að vera óð, beinbrotin, liggja í barnsnauð, hafa skorið sig á háls etc. og þetta á læknirinn að láta sig dreyma áður hann fer að heiman, ellegar að hlaupa fyrir narri allslaus, og verða svo þegar til sjúklings kemur rétt eins og verri en brunnur án vatns.“

Dagur umhverfisins, fæðingardagur hans, mætti að ósekju vera fyrirferðarmeiri í hátíðardagatalinu því Sveinn var í senn vísindamaður, landkönnuður og sívökull læknir sem jöfnum höndum las vísindatímarit í læknisfræði og útgáfu Finns Magnússonar á Eddu og hafði skoðanir á hvoru tveggja, byggt á þekkingu og smekk. Svoleiðis fólk þurfum við á öllum öldum.





Við eigum allt sem þú þarfnast til strandveiða.
Hjá okkur færðu handfærakróka í úrvali,
handfæravindur, tilbúna handfæraslóða,
sökkur, sigurnagla, sjóklæðnað og stígvél.

HAMPIÐJAN
hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík Skarfagarðar 4 Sími 530 3333
Ólafsvík Ólafsbraut 19 Sími 436 1214
Ísafjörður Suðurtangi 14 Sími 470 0830
Akureyri Norðurtangi 1 Sími 841 1322
Neskaupstaður Naustahvammur 49 Sími 470 0807
Vestmannaeyjar Friðarhöfn Sími 664 3340

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



# Vísnahornið

Þættinum barst kveðja frá Tómasi Inga Þorgrímssyni varðandi leturstærð:

*Fer í taugar fínar hér,*
*fjandans smáa kornið.*
*Stend ég nú með stækkað gler,*
*stari á vísnahornið.*

Friðrik Steingrímss. frá Grímsstöðum í Mývatnssveit má kalla kímnisskáld, hér segir frá frægu flugi á dögunum:

*Hún leið frá lygnum sænum*
*í lágflug yfir bænum,*
*menn æptu´í einum grænum*
*af ótta á Heimaey.*

*Af lofti tæmdust lungu*
*sem lægju´und fargi þungu*
*og símalínur sungu,*
*er sigldi himinfley.*

Og Friðrik sendir pillu á pólítíkina og stjórn menntamála:

*Kennararnir fá í glyrnur glýgju*
*er geysist kerling fram með háa raust,*
*því Inga féll með 4,9*
*og fer því ekki´í gaggó næsta haust.*

Ekki hlífir Friðrik heldur þeim sem eiga að hafa stjórn á veröldinni:

*Þumbast enn með þekktu mynstri*
*þursinn Trump í heimsku sinni,*
*hótar öllum hægri vinstri*
*hér og þar í veröldinni.*

Friðrik gerir fleiri mönnum skil:

*Ég yrði maður að meiri*
*montar sig kvensami Geiri,*
*ef svæfi ég hjá*
*öllum svönnum á*
*Dalvík og Dagverðareyri.*

Gunnar J. Straumland yrkir hér aldýrt sumarsléttubönd og gera fáir betur:

*Nemur galsa sumars sól,*
*sjaldan bagar veður.*
*Temur kalsa, gumi gól,*
*galdra Braga kveður.*

Sé lesið afturábak versnar spáin:

*Kveður Braga galdra, gól*
*gumi, kalsa temur.*
*Veður bagar, sjaldan sól*
*sumars galsa nemur.*

Aldýrt vor, segir skáldið snjalla Gunnar J. Straumland í fyrirsögn:

*Ljómi bindur lyndisóð,*
*lofar nýjum degi.*
*Óma vindsins yndisljóð*
*ofar skýjavegi.*

Þessi er úr óútkomnum rímum Gunnars sem gaman verður að skoða og vísan skýrir sig vel:

*Roggnir hanar reigja stél,*
*rífa kjaft og gala.*
*Fyrst þeir hljóma fjarska vel,*
*fara svo að dala.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*















## Menntamál:

# Blómin á þakinu á Vesturbæjarskóla

## – Lifandi kennslustofa



**Edda Kristín Sigurjónsdóttir**
edda@bondi.is

**Mikil gróska er í gróðurhúsinu á þaki Vesturbæjarskóla þar sem nemendur í sjötta bekk rækta pottaplöntur sem þau ætla að selja á vorhátíð skólans.**

Verkefnið er vel nýtt í kennslu og hægt er að haka í mörg box í námskránni segir kennari. Vinna í gróðurhúsinu færir nemendum vellíðan og er skemmtileg segja krakkarnir.



Tími var kominn til að umpotta og nemendur hjálpuðust að.



Mjólkurkamburinn, uppáhaldsplanta margra nemenda.

### Allir vilja rækta plöntur

Einhugur og ánægja ríkir meðal nemenda, kennara og skólastjórnenda um ræktunarverkefni sem nú stendur yfir í gróðurhúsi á þaki skólans. „Þetta er mjög skemmtilegt, það er svo gaman að sjá hvernig plönturnar vaxa," segir einn nemendanna í sjötta bekk í Vesturbæjarskóla um verkefnið og annar bætir við að það sé svo gaman að fylgjast með mörgum ólíkum tegundum plantna. Verkefnið felur í sér að rækta pottaplöntur sem hluta af fjáröflun fyrir ferð í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði sem þau fara í á næsta skólaári.

„Þau eru mjög áhugasöm um allt sem tengist ræktuninni og svo finnst þeim gott að geta farið 10-12 saman í hóp og kjarnað sig í gróðurhúsinu. Þau læra líka að taka ábyrgð og vilja öll með tölu taka þátt," segir Magnús Haukur Harðarson, einn þriggja kennara árgangsins.

Á upphaflegri teikningu af viðbyggingu við Vesturbæjarskóla sem hýsir 1.-7. bekk var náttúrufræðistofa á efstu hæðinni. Svo kom til sparnaðar og ákveðið var að slá hana út af borðinu. Margrét Einarsdóttir skólastjóri fékk þá hugmynd að í staðinn mætti byggja gróðurhús á þaki skólans og svo varð úr. Í haust kom loks hiti í gróðurhúsið og Margrét vonast eftir því að þau muni geta notað það allan veturinn.

### Krakkarnir í lykilhlutverki í fjáröfluninni

Verkefnið er hugmynd Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur vöruhönnuðar sem á barn í sjötta bekk og sinnir verkefninu sem sjálfboðaliði og kemur í skólann á hverjum föstudagsmorgni eftir samsöng. Þá hittir hún krakkana og hjálpar þeim að koma græðlingum til, umpotta, vökva og hlúa að því sem þarf hverju sinni. Græðlingunum söfnuðu krakkarnir að heiman og frá vinum, nágrönnum og vandamönnum og eru þeir orðnir vel á þriðja hundrað.

„Facebook-fjáraflanir hafa tröllriðið öllu í mörg ár og þar eru börnin sjaldnast þátttakendur og fjáröflunin aðallega í höndum foreldra, en hér eru þau í aðalhlutverki og hafa meiri tilfinningu fyrir verkefninu," segir Guðfinna.

Á ferð blaðamanns um skólann og á spjalli við nemendur kemur ánægja með verkefnið í ljós. Einn nemandi bendir glögglega á að það sé heilmikil vinna að rækta plöntur en að þau ætli að uppskera ríkulega og selja plönturnar á vorhátíðinni til að komast á Reyki. Þegar nemendur komast að því að hægt sé að læra garðyrkjufræði og vinna við að rækta plöntur verða þau steinhissa.

Jenný Halla Lárusdóttir, sem er einn þriggja kennara árgangsins, bætir við að þetta sé hið fullkomna samstarf heimilis og skóla. „Blómin á þakinu er auðvitað saga úr vesturbænum segir Jenný, „svo þetta eru kannski blómin á þakinu á Vesturbæjarskóla". „Þetta er fyrsta verkefnið sem unnið er í gróðurhúsinu eftir að hitinn kom svo nú er spennandi að vita hvort við getum ekki haldið áfram, okkur langar mjög að þetta verkefni muni halda áfram í sjötta bekk á næsta skólaári, að það verði einhverjir foreldrar til í að taka við," segir Margrét.

### Allar plönturnar nefndar

Sköpunarkraftinn vantar ekki í krakkana í Vesturbæjarskóla frekar en annars staðar og þau ákváðu að hver planta skyldi fá sitt nafn. „Við finnum fyrir ótrúlegri væntumþykju krakkanna gagnvart plöntunum," segir Jenný. „Þau hlúa svo fallega að þeim og með því að nefna þær eru þau búin að persónugera þær." Krakkarnir segja að þeim þyki vænt um plönturnar, „við erum búin að vera með þær síðan þær voru pínulitlar, þær eru eins og 240 lítil systkini eða vinir", segir einn nemenda.

Einhverjar plöntur voru nefndar nöfnum krakka sem fluttu og hættu í skólanum og um þær er sérstaklega vel hugsað. „Verkefnið ræktar samkenndartaugina," segir Guðfinna. Plönturnar hafa meðal annarra hlotið nöfnin, Daði og gagnamagnið, Rómeó, Júlía, Bobbi, Lalli og svo er hún Guðmundína sem sett var í sóttkví í einni skólastofunni eftir að nemendur fundu í henni blaðlús sem leiddi af sér að hún var tekin út úr hópnum og til sérstakrar umönnunar. Nokkrir nemendur tóku að sér að rannsaka hvaða aðgerðum þyrfti að beita til að ráða að niðurlögum lúsarinnar. Aðgerðir gengu vel þegar blaðamann bar að garði og Guðmundína öll að taka við sér.

### Lifandi kennslustofa

Ljóst er eftir heimsókn í Vesturbæjarskóla og spjall við nemendur og kennara að verkefnið fellur í mjög góðan jarðveg og að tækifærin eru mörg í að tvinna ræktun á pottaplöntum inn í námsefnið. „Við getum hakað í mörg box í námskránni og það er frábært að vinna með svona raunverulegt verkefni sem er að gerast fyrir framan þau," segir Svanhildur Lilja R. Svansdóttir, þriðji kennari árgangsins. Einn nemandi hafði á orði að sér þætti merkilegt að geta lært náttúrufræði með því að fylgjast í rauntíma með því sem náttúran gerir.

Á göngunum hanga litrík plaköt sem eru hluti nýlegs verkefnis. „Við erum að vinna með ljóstillífun, fæðukeðjuna og læra um plöntur sem frumframleiðendur," segir Jenný og segir ræktunina vera hluta af náminu, hún sé stöðugt í bakgrunninum og þau nýti sér hana í kennslunni.

„Þau eru að gera langtímarannsókn yfir önnina þar sem þau mæla plönturnar og fylgjast með þeim vaxa. Stundum hafa þær minnkað og þá þurfa þau að velta fyrir sér af hverju og hvort þau voru að mæla á sama hátt og síðast. Þau læra mjög mikið um vísindalegt ferli og áreiðanleika, að þau séu alltaf að framkvæma rannsóknina á sama hátt," segir Jenný, það sé einmitt hluti af námskránni. Margrét skólastjóri bætir við að nemendur í öðrum árgöngum setji niður sólblómafræ, svo það er ljóst að margar hendur fá tækifæri til að stinga fingrum aðeins í mold í skólanum.

Krakkarnir í sjötta bekk voru í Stop motion smiðju í haust, þar sem þeim var kennt að búa til hreyfimynd úr röð ljósmynda af sama hlutnum. Aðferðin er vel þekkt úr kvikmyndagerð og gengur út á að láta hlut hreyfast sem virðist vera kyrr. Þau ákváðu að gera slíka hreyfimynd af spírun lárperusteins og hafa nú fylgst með þessu stóra fræi spíra og plöntunni vaxa. Undrunin á ótrúlegum vextinum leynir sér ekki meðal nemenda, sem ólmir vildu sýna blaðamanni bæði plöntuna, sem fékk nafnið Avalíus Steinn, og hreyfimyndina sem sönnun þessa lifandi ævintýris.

### Nærandi staður í skólanum

„Æ, verð ég að fara?" heyrist einn nemandi segja þegar komið er að brottför úr gróðurhúsinu. „Mér finnst mjög gott að fara í gróðurhúsið því þar er svo ferskt loft og mikil birta," segir annar nemandi í spjalli blaðamanns við krakkana sem eru vel á sjöunda tug í árganginum. Vellíðan við að hlúa að plöntunum kom berlega í ljós í samtölum, krakkarnir eru þakklátir fyrir tilbreytinguna sem ræktunin felur í sér, þau eru sammála um að hún sé skemmtileg og að það sé gaman að fylgjast með plöntunum vaxa. Sumir krakkanna hafa varla stungið fingrum í mold áður á meðan aðrir hafa einhverja reynslu og geta miðlað til samnemenda sinna.

„Að halda utan um þetta verkefni er gefandi fyrir mig sem foreldri, ég kynnist krökkunum betur og sé gleðina og áhugann svo skýrt," segir Guðfinna. Hún segir foreldrastemninguna í fjáröfluninni vera góða og þetta sé einn liður í henni. „Krakkarnir eru fæddir árið 2014 og fyrstu tvö árin þeirra í grunnskóla einkenndust af covid heimsfaraldrinum," segir Guðfinna sem telur samveruna í verkefninu vera dýrmætt tækifæri til að þétta hópinn áður en þau fara í unglingadeild. Hún segist þakklát fyrir jákvætt viðmót kennara og skólastjórnenda í garð verkefnisins og samstarfið ríkulegt. Ekki er sjálfgefið að foreldri geti tekið slíkt verkefni að sér, það tekur bæði töluverðan tíma og krefst reglulegra heimsókna eins og kom fljótt í ljós í upphafi verkefnisins en ávinningurinn er ótvíræður og óskandi að verkefnið vaxi og dafni áfram eins og blómin á þakinu og nái jafnvel að sá sér yfir á lóðir fleiri skóla.



# Hvað eru víðerni og hvar?

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Við þurfum að endurhugsa víðerni og verndun þeirra nánast frá grunni á Íslandi, segir Þorvarður Árnason í bók sinni Víðerni – verndun hins villta í náttúru Íslands sem kom út árið 2024 og hefur farið óþarflega hljótt.

Þetta er ein af meginniðurstöðum bókarinnar en Þorvarður segir að víðernavernd á Íslandi sé „enn í skötulíki“. Og hann bætir við: „Á meðan það ástand varir standa víðerni landsins að mestu varnarlaus gagnvart þeim öflum sem vinna, beint eða óbeint, að eyðingu þeirra.“ Um vernd víðerna þurfi nú að mynda samfélagslega sátt.




Niðurstöður bókarinnar koma að mörgu leyti á óvart. „Við vitum ekki enn almennilega hvað víðerni eru í íslensku samhengi vegna þess að okkur skortir orð sem nær að hugtaka innsta kjarna málsins – það er að víðerni grundvallist á tilvist hins villta í náttúrunni,“ segir Þorvarður.

Skilgreiningu á hugtakinu víðerni er fyrir vikið ábótavant í íslenskum lögum. Afleiðingin er sú að það er óljóst hvar þau er að finna á landinu. „Við vitum ekki hvar víðerni landsins fyrirfinnast, hversu mörg þau eru, hvar draga skuli mörkin á milli þeirra, hversu umfangsmikil þau eru í heild né hvað sérkennir þau, í það minnsta í náttúrulegu tilliti,“ segir Þorvarður.

Hann leiðir sömuleiðis í ljós að kortagerð hafi heldur ekki tekið mið af þessu hugtaki og raunar ekki náttúrunni sjálfri. Kortin sýna fyrst og fremst hvar villta náttúru sé ekki að finna á landinu. Hann segir mikilvægt að þróa „heildstæðari nálgun á kortlagningu víðerna á Íslandi“ sem grundvallist „á raunverulegum náttúrufarslegum einkennum víðerna“.

Þetta er ákaflega áhugaverð og hugvekjandi bók. Þorvarður nálgast viðfangsefnið úr ýmsum áttum og tekst að fá lesandann til þess að hugsa upp á nýtt um það. Eftir áratuga langa baráttu fyrir verndun víðerna Íslands, sem stundum eru sögð þau mestu innan Evrópu, er mörgum vafalaust farið, eins og þessum lesanda hér, að finnast hún sjálfsögð. Bókin færir hins vegar sannfærandi rök fyrir því að svo er alls ekki og enn mikið verk að vinna.

Það sem kannski flækir málið verulega er að víðernaverndun er ekki bara praktískt úrlausnarefni heldur snertir það tilfinningar og gildismat fólks, hugmyndir þess um það hvað skiptir máli. Að auki koma hugmyndir um það hvað fólki þykir fallegt við sögu. Um þetta flókna samspil ræðir Þorvarður sérstaklega í löngu máli í bókinni en það er kannski meginástæða þess að við „höfum, enn sem komið er, allt of takmarkaðan skilning á því hvers vegna okkur beri að vernda víðerni á Íslandi“, eins og Þorvarður bendir á.

Það er óhætt að mæla með því að allir sem koma að umræðu um náttúruvernd á Íslandi lesi þessa bók, hvort sem það er áhugafólk eða stjórnendur fyrirtækja og stofnana eða stjórnmálafólk. Hún er gott upplegg að þeirri umræðu sem nú þyrfti að hefja af fullum krafti á ný um það hvað skiptir okkur máli í þessu samhengi. Sú deyfð sem verið hefur yfir náttúruverndarumræðunni síðustu ár getur ekki haldið áfram enda skapar hún svigrúm fyrir óheillavænlegar ákvarðanir eins og nýleg dæmi sanna.


















## Leikhús:

# Gæðablóð á stóra sviðinu

**Sannar sögur þriggja einstaklinga eru tvinnaðar saman í leikverkinu sem dregur upp mynd af endurteknu áreiti sem þeir verða fyrir í hversdeginum.**

„Sýningin er sumpart okkar svar við falsfréttum og leið til að afrugla samfélagið,“ segir leikstjóri Gæðablóðs, sýningar sem sannarlega á erindi í ferð um landið.


Unnsteinn, Jónmundur og Davíð Þór í sýningunni Gæðablóð. Mynd / Jón Þorgeir Kristjánsson

> Ég sá að mamma er miðaldra hvít kona í litlum svörtum líkama ...

### Sjálfsmynd einstaklings og þjóðar

Tvennt var ljóst þegar horft var yfir smekkfullan salinn í Þjóðleikhúsinu á sýningunni Gæðablóð. Meðalaldurinn var lægri en oft og samsetning hörundslitar gesta mun fjölbreytilegri en á venjulegu kvöldi. Þetta gladdi blaðamann og var góð áminning um að ÞJÓÐleikhúsið þjónar kannski ekki alltaf allri þjóðinni. Sýningin sem var rétt að hefjast er eins konar frásagnarsýning Unnsteins Manuels Stefánssonar, Jónmundar Grétarssonar og Davíðs Þórs Katrínarsonar.

Þeir eiga margt sameiginlegt, eru á svipuðum aldri, eru fjölskyldufeður, allir listamenn, búa í höfuðborginni og sitthvað fleira en það sem flestir taka fyrst eftir er að þeir eru brúnir. Sjálfir pældu þeir ekki mikið í því þegar þeir voru litlir, en fólkið í umhverfi þeirra átti síendurtekið eftir að beina athygli þeirra að hörundslit sínum, sem er daglegur raunveruleiki þeirra enn í dag nú þegar þeir eru komnir á fullorðinsár. Upp vakna spurningar um það að tilheyra, væntingar samferðafólks og hugmyndir, ótta fólks og fáfræði, ímynd og sjálfsmynd einstaklings og þjóðar.



### Samfélagsþjónusta á stóra sviðinu

Bandaríska sjónvarpsserían Atlanta var leikurunum þremur og leikstjóranum, Þóru Karítas Árnadóttur, innblástur en þau unnu saman að handritinu. Sögum úr lífi leikaranna er splæst saman svo úr verður sögustund sem einkennist af einlægni og húmor en er um leið vel brýnd og beitt. „Það var smá hausverkur að finna út úr því hvernig við áttum að nálgast efnið en við fundum það mjög fljótt að leiðin var í gegnum hlátur en á sama tíma einlægni. Þetta er hárfín lína að feta,“ segir Davíð Þór.

Ein af sögunum sem Jónmundur segir í sýningunni er af hreint ótrúlegu samtali við lögreglumann í kjölfar þess að hann ákveður að kæra hatursfulla athugasemd sem beint var að honum þegar hann var að leika lögreglumann í íslenskum glæpaþáttum. Sú saga er ein af fjölmörgum sönnum sögum leiksýningarinnar en aðspurð segja handritshöfundar að sannleikur sé í öllum sögunum þó sumar séu færðar í sviðsbúning.


Þóra Karítas Árnadóttir.

„Það var magnað þegar ég áttaði mig á því að sögurnar sem við erum að segja er eitthvað sem allir brúnir Íslendingar geta tengt við,“ segir Davíð Þór. „Eftir frumsýningu kom að mér kona á mínum aldri með blandaðan uppruna og sagði: „Ég hef verið að hugsa um hluti sem þið voruð að tala um allt mitt líf en aldrei sagt þá upphátt né heyrt neinn annan segja það.“ Á þeirri stundu skildi ég að ég var ekki bara að segja mína eigin sögu heldur sögu þúsund annarra líka. Að því sögðu þá er sýningin allt annað en útilokandi og ég held að allir, óháð húðlit eða uppruna, geti tengt við okkur.“ Unnsteinn bætir við og segir að „verandi hörundsdökkur á Íslandi, þá kemst maður ekki hjá því að vera í stöðugri samfélagsþjónustu á einn eða annan hátt“.

### Sameining í leikhúsinu

Þóra Karítas segir þau hafa rætt vandlega hvaða tón þau vildu hafa í sýningunni. „Okkur fannst á tímum sundrungar að mikilvægasta erindið væri sameining. Við erum því að leita eftir hinu sammannlega og fólk tengist þegar það deilir persónulegum hlutum með hvert öðru og hlær saman eða finnur til. Við vorum því í leit að tengingu og nánd en líka góðri skemmtun en vorum meðvituð um að hún mætti ekki vera á kostnað þess sem okkur lá á hjarta.“

Þóra segir mikla vanþekkingu hafa einkennt opinbera umræðu og að hún hafi súrnað að undanförnu. „Stjórnmálaflokkar og einstaklingar innan flokka hafa jafnvel reynt að veiða atkvæði fólks með alls kyns óábyrgum og fordómafullum frösum en það er hættulegt og sundrar samfélaginu og mikilvægt að fólk sjái í gegnum slíka orðræðu. Sýningin er því sumpart okkar svar við falsfréttum og leið til að afrugla samfélagið.“ Hún segir þau hafa fengið viðbrögð frá foreldrum sem hafa séð Gæðablóð og þykir gott að geta farið með unglingana sína á sýningu sem styður við heilbrigða skynsemi og náungakærleik.

### Bráðgóð skemmtun með skýrum skilaboðum

Ekki er ólíklegt að einhver tár hafi verið felld í salnum í bland við hlátrasköllin sem dundu. „Ég sá að mamma er miðaldra hvít kona í litlum svörtum líkama,“ segir Unnsteinn brosandi í tengslum við sögu af því þegar hann horfði á mömmu sína, sem fæddist í Angóla, dansa í veislu einhverju sinni. En hann segir þau mæðginin vera kameljón sem geta ekki skipt um lit. „Í Malaví var ég hvítur, í Angóla ljósbrúnn og á Íslandi er ég svartur.“

Þrá Unnsteins eftir því að ferðamaður spyrji hann til vegar eða Davíðs Þórs um að eldri borgari biðji hann að aðstoða sig í kjörbúðinni eru meðal fjölmargra fyndinna sagna þessarar ríkulegu kvöldstundar sem sendir áhorfendur heim með margt að hugsa um. Ljóst er að hversdagur okkar sem byggjum Ísland er ólíkur eftir því hvernig við lítum út, eins gamaldags og það hljómar.

Ákvörðun Þjóðleikhússins að setja sýninguna á stóra sviðið er augljóslega góð. Það er skýr sögn í henni en lokasýningin verður þann 20. maí. Leikhúsið er staður til að segja sögur og ákjósanlegt að þær snerti á sem flestum flötum mannlegs samfélags á landi voru.

